


# Ársskýrsla Álftanesskóli



**2023–2024**

**Efnisyfirlit**

<b>Inngangur</b> .....	4
<b>1. Annáll skólaársins</b> .....	5
<b>2. Hagnýtar upplýsingar</b> .....	7
<b>Skólastjórn Álftanesskóla</b> .....	7
<b>Starfsfólk, nefndir og ráð</b> .....	7
<b>Skólaráð</b> .....	7
<b>Nemendaráð Álftanesskóla</b> .....	8
<b>Stjórn foreldrafélags Álftanesskóla</b> .....	8
<b>Stjórn starfsmannafélags Álftanesskóla</b> .....	8
<b>Nemendaverndarráð</b> .....	9
<b>Áfallaráð</b> .....	9
<b>Starfshópar og/eða teymishópar</b> .....	9
<b>Nemendur skólans</b> .....	10
<b>Skóladagur nemenda</b> .....	11
<b>Frístundaheimili – Félagsmiðstöð</b> .....	12
<b>Nemendaráð</b> .....	12
<b>Skipting námsgreina</b> .....	12
<b>Starfsmenn skólans</b> .....	13
<b>Þróunarstarf og símenntun starfsmanna</b> .....	16
<b>Skólanámskrá</b> .....	16
<b>Lestur og ritun</b> .....	16
<b>Greiningar og mat</b> .....	16
<b>3. Áherslur í skólastarfi</b> .....	18
<b>Ábyrgð-samvinna-virðing – allir eru einstakir</b> .....	18
<b>Uppbygging sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar</b> .....	18
<b>Vaxtarhugarfar</b> .....	19
<b>Leiðsagnarmat</b> .....	19
<b>4. Samstarf heimilis og skóla</b> .....	19
<b>Skólaráð</b> .....	19
<b>Foreldrafélag Álftanesskóla</b> .....	19
<b>Bekkjafulltrúar</b> .....	19
<b>Skýrsla deildarstjóra árganga og faggreina</b> .....	21
<b>Yngsta stig</b> .....	22
<b>Miðstig</b> .....	34
<b>Elsta stig</b> .....	44
<b>Íslenska og samfélagsgreinar</b> .....	44

<b>Stærðfræði</b> .....	45
<b>Danska</b> .....	46
<b>Enska</b> .....	47
<b>Náttúrufræði</b> .....	50
<b>Valgreinar á elsta stigi</b> .....	51
<b>Árbók</b> .....	51
<b>Árshátíðarmyndband</b> .....	52
<b>Tómstunda og félagsmálafræði</b> .....	52
<b>Hreyfing=heilsa</b> .....	52
<b>Brauð og kökur</b> .....	53
<b>Hönnun og smíði</b> .....	53
<b>Listasmiðja</b> .....	54
<b>Textíl- og fatahönnun</b> .....	55
<b>Heimanámsaðstoð</b> .....	56
<b>Enski boltinn</b> .....	56
<b>Hreyfing=heilbrigði</b> .....	56
<b>Ég skapa mína framtíð</b> .....	56
<b>Ársskýrsla stoðþjónustu</b> .....	57
<b>Skólabókasafn</b> .....	61
<b>List- og verkgreinar</b> .....	62
<b>Textílmenn</b> .....	62
<b>Hönnun og smíði</b> .....	64
<b>Heimilisfræði</b> .....	66
<b>Myndmenn</b> .....	67
<b>Skólaípróttir</b> .....	68
<b>Upplýsinga- og tæknimenn</b> .....	70
<b>Náms- og starfsráðgjöf</b> .....	72
<b>Nemendaráðgjöf</b> .....	73
<b>Uppeldi til ábyrgðar, leiðbeinandi kennsluhættir og vaxandi hugarfar</b> .....	74
<b>Leikjaleiðtogar</b> .....	74
<b>Frístundarheimilið Álftamýri</b> .....	75

## Inngangur

Markmið með útgáfu ársskýrslu Álftanesskóla er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í skólanum. Auk þess að fjalla um daglegt starf koma fram ýmis atriði sem tókust mjög vel og ábendingar um það sem betur má fara. Að gerð skýrslunnar koma kennarar, deildarstjórar o.fl. auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem ritstýrir verkinu.

Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu skólans, <http://www.alftanesskoli.is>

Ársskýrslan skiptist í fimm kafla, annál, hagnýtar upplýsingar, áherslur í skólastarfi, samstarf heimila og skóla og skýrslur um skólastarf. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins sem gefa innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur fást við.

Skýrslan er opinber og aðgengileg á heimasíðu skólans og er send sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs og grunn- og tónlistarskólafulltrúa. Skýrslan er einnig lögð fyrir skólanefnd grunnskóla.

Álftanesskóli 1.ágúst 2024

*Drífa Sigurjónsdóttir*

*Aðstoðarskólastjóri*

## 1. Annáll skólaársins

Álftanesskóli býr við fjölbreytta náttúru þar sem stutt er í fjörur, fjölskrúðugt fuglalíf, tjarnir og skemmtilegt umhverfi í göngufæri og í skólastarfinu er lögð áhersla lögð á tengsl við umhverfið. Skólastarfið fer að hluta til fram utandyra og er gert ráð fyrir því að allir nemendahópar séu að lágmarki eina kennslustund í útikennslu á viku. Áhersla er á að nemendur tileinki sér ábyrgan lífsstíl og virðingum gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi sínu.

Skólaárið 2023 - 2024 eru 143 ár liðin í samfelldri skólasögu á Álftanesi - Álftanesskóla. Fyrir þremur árum síðan var nýjasta viðbygging skólans tekin í notkun en voru það viss tímamót í sögu skólans þar sem loksins fékkst stór og flottur fjölnota salur/matsalur, starfsmannarými, skrifstofa og stjórnunarrými.

Skólastarfið hófst 15. ágúst þegar allir kennarar komu svo til starfa að loknu sumarleyfi og hófu vinnu við undirbúning skólaársins. Stjórnendur og skólaliðar hófu undirbúning nokkru fyrr. Á upphafsdögum fengum við fræðslu frá Þekkingarmiðlun um samskiptastíla og samskiptafærni, upprifjun á uppeldi til ábyrgðar, hristum hópinn saman í útivist, almennur undirbúningur o.s.frv. Skólasetning var 23. ágúst að viðstöddum nemendum og foreldrum. Skólastarf hófst síðan samkvæmt stundaskrá 24. ágúst.

Við tókum þátt í Göngum í skólann í september þar sem allur skólinn fór í sameiginlega gönguferð. Skólinn hefur ávallt hvatt bæði nemendur sem og fullorðna til að ganga eða hjóla í skólann en það er hluti af Grænfána- og sjálfbærni verkefnum skólans sem stuðla að heilbrigði og velferð.



*Lesið í nesið* var í blíðaskaparveðri 21. september þar sem unnin eru ýmis verkefni í nærumhverfi skólans, í ár var öllum nemendum skipt upp í hópa og hver hópur bjó til sandkastala í fjörunni í dásendar veðri.

*Dagur Íslenskrar tungu* er ávallt haldinn hátíðlegur 16. nóvember, í ár var hátíðleg dagskrá á sal fyrir nemendur í 7. bekk þar sem undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina var settur. Aðrir árgangar voru með dagskrá í bekkjarstofum.

*Skólaping* Álftanesskóla var haldið 12. mars, skólapingið var haldið í tveimur hlutum - miðstig og unglingastig. Foreldrar voru velkomnir á þingið en aðeins sáu 2 foreldrar sér fært

að mæta í þetta sinn. Nemendaráð undirbjó þingið undir stjórn nemendaráðgjafa, bjó til spurningar og stjórnaði umræðum. Að þingi loknu vann nemendaráð úr niðurstöðum og kynnti fyrir skólaráði. Stefnt er á að halda skólaping ár hvert og að yngsta stigið taki einnig þátt.



Dagana 23. og 24. nóvember voru *Kærleikarnir*, þemað í ár var - *Gleði*. Nemendur unnu í vinapörum þar sem tveir árgangar eru paraðir saman. Nemendur hittust og útbjuggu blöðrur með fallegum skilaboðum sem voru borin í öll hús á Álftanesinu. Einnig var unnið sameiginlegt listaverk þar sem hver og einn nemandi teiknaði andlit á viðarbút og úr því búið til eitt stórt listaverk.

Tískusýning á unglitadegi er árlegur viðburður og eitt af umhverfisverkefnum skólans. Tískusýningin var hluti af unglitadeginum 30. apríl. Meginmarkmið verkefnisins fyrir utan að endurnýta hluti í umhverfinu er að tengja saman skólann og heimilin. Öllum nemendum skólans býðst að taka þátt í sýningunni. Sýningin heppnaðist mjög vel í ár og metþátttaka þar sem rúmlega 60 nemendur tóku þátt. Nemendur sýna búninga sem foreldrar eða fjölskyldumeðlimir hafa tekið þátt í að búa til og hanna, efnin sem notuð eru í sköpun á búningunum eru verðlaus og endurunnin.

Ýmiskonar vettvangsferðir eru tengdar námsefni nemenda og farið er á starfstíma skólans í þær ferðir. Vorferðir eru einnig fastur liður en þær eru af öllum toga og oft skipulagðar þannig að nemendur geti gengið eða hjólað í nágrenni við skólann sem og lengri ferðir þar sem farið er á Þingvelli, í sveitiferð, suður með sjó og fleira. 10. bekkur fór í lokaferð og gisti 2 nætur, í ár var gisti í Kirkjulækjakoti og stóð til að fara m.a. til Vestmannaeyja en það gekk því miður ekki eftir sökum veðurs en nemendur voru ánægðir með ferðina þrátt fyrir breytta dagskrá. 9. bekkur fór í Vindáshlíð í skipulagða dagskrá og almenna ánægja var með þá ferð.

*Jólaskemmtanir* eru í skólanum síðasta kennsludag fyrir jól. Nemendur mæta þá á jólaskemmtun en hefðbundin kennsla fellur niður. Árlega flytja nemendur í 4. bekk helgileik í sal skólans fyrir aðra nemendur og foreldra sína.

Á öskudegi var skipulögð sérstök dagskrá í sal íþróttahússins og í bekkjarstofum fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Sú hefð hefur skapast hjá okkur í Álftanesskóla að nemendur í 10. bekk eru til aðstoðar fyrir yngri nemendur í íþróttasalnum en 8. og 9. bekkur eru með aðra dagskrá. Nemendur og starfsfólk skólans komu í búningum í tilefni dagsins. Eftir hádegi er öskudagsskemmtun í íþróttahúsinu fyrir alla fjölskylduna, skemmtunin er sameiginlegt verkefni foreldrafélagsins, foreldra og nemenda 10. bekkjar, skólans og Elítunnar. Skemmtunin er fjáröflun fyrir 10. bekk og hefur myndast skemmtileg hefð í kringum þessa hátíð á meðal íbúa Álftanes og íþróttahúsið er *stútfullt* á þessum degi.

#### *Skólahátíð Stóru upplestrarkeppinnar*

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember ár hvert, byrjar markviss þjálfun nemenda í 7. bekk vegna Stóru upplestrarkeppinnar. Í mars voru tveir fulltrúar skólans valdir til að taka þátt í lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar. Öllum þátttakendum var afhent viðurkenningarskjal ásamt rós. Fulltrúar skólans árið 2023 voru þær Indíana Eldey Þórólfsdóttir, Ásdís Freyja Andradóttir og Egill Aron Bjarkason. Grunnskólar Garðabæjar skiptast á um að halda lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar og í ár var hún haldin í Sjálandsskóla. Á lokahátíðinni tóku þátttakendur frá Álftanesskóla, Flataskóla, Hofsstaðaskóla, Sjálandsskóla og Urriðaholtsskóla.

#### *Litla upplestarkeppnin í 4. bekk grunnskóla*

Álftanesskóli hefur síðastliðin ár tekið þátt í Litlu upplestrarkeppninni. Áhersla er á að keppnishugtakið feli eingöngu í sér það markmið að keppa að betri árangri, ekki að keppa við bekkjarfélagana heldur sjálfan sig og stefna stöðugt að því að bæta framsögn og upplestur. Allir nemendur eru með í verkefninu sem lýkur með hátíð sem var haldin á sal skólans þann 19. apríl að viðstöddum foreldrum og nemendum í 3. bekk. Nemendur stóðu sig með þryði og að hátíð lokinni voru nemendur og foreldrar með veitingar í bekkjarstofum.

*Skíðaferð* var farin með nemendur úr 5.-10. bekk í þriðju tilraun þann 10. apríl. Farið var með rútum frá skólanum upp í Bláfjöll, það er valfrjálst fyrir nemendur að taka þátt í skíðaferð en þeir nemendur sem fara ekki í ferðina eru með dagskrá í skólanum. Mikil ánægja var með ferðina í ár og góð þátttaka bæði hjá nemendum og starfsfólki.

Vikuna 18. – 21. september dvöldu nemendur í 7. bekk ásamt umsjónarkennurum sínum í Skólabúðunum á Reykjum í Hrótafirði. Það var eftirvæntingarfyllur hópur nemenda og foreldra sem beið við skólann eftir rúttunni í bítið mánudagsmorguninn 18. september. Sterk hefð er fyrir skólabúðunum og margir nemendur segja ferðina í skólabúðirnar vera eitt það eftirminnilegasta á skólagöngunni.

Fyrir páska voru skipulagðar *árshátíðir* nemenda í öllum árgöngum. Nemendur á yngsta- og miðstigi voru með ýmiskonar skemmtiatriði, allir komu með veitingar á sameiginlegt hlaðborð og svo var dansað og leikið sér. Unglingadeildin var með sína árshátíð að kveldi, hátíðarkvöldverður, árshátíðarmyndband og skemmtiatriði á sal skólans. Árhátíðinni lýkur á balli á vegum Elítunnar og í ár kom Aron Can og tók nokkur lög við mikinn fögnuð nemenda. Árhátíð unglíngadeildar er samstarfsverkefni Elítunnar og skólans.



Álftanesskóli heldur ávallt uppá Margæsadaginn sem var 10. maí þetta árið, skólastarfið er þá ávallt brotið upp og árgangar vinna ýmis verkefni úti og inni tengt margæsinni.

*Vordagar:* nemendur fóru í hjólaferðir og ýmsar aðrar ferðir með árgöngum sínum. Við enduðum svo vordagana á vorleikum þann 6. júní. Á vorleikum vinna nemendur á ýmsum skemmtilegum stöðvum í kringum skólann og síðan enduðum við á pizzaveislu.

*Skólaslit:* Skólanum var slitið við hátíðlega athöfn þann 6. júní. 10. bekkur mætti með foreldrum sínum og fjölskyldum. Heiða Bríet formaður nemendaráðs var með ræðu fyrir hönd nemenda og hljómsveitin Bras (nemendur í 10. bekk) flutti lagið *Í síðasta skipti*. Mætingin var mjög góð og nemendur, foreldrar og starfsfólk áttu notalega stund í lokin með glæsilegu hlaðborði í boði foreldra og nemenda. Allir nemendur stóðu sig vel, við lítum svo á að allir séu verðlaunahafar og veitum ekki sérstakar viðurkenningar á skólaslitum og er það í anda stefnu skólans – *Allir eru einstakir*. Skólaslit 1. – 9. bekkjar voru þann 7. júní, skólaslitin byrja á sal og síðan fer hver bekkur í heimastofu með umsjónarkennara.

Af framangreindu er ljóst að mjög fjölbreytt starf fór fram í Álftanesskóla á liðnu skólaári, metnaðarfullt, faglegt og skemmtilegt. Við erum einstaklega heppin með skólasamfélagið hér á Álftanesi þar sem mikil samheldni ríkir á meðal starfsfólks, nemenda og forráðafólks. Forsetabíkarinn er bæjarhátíð hér á Álftanesi sem er að festa sig í sessi, dagurinn byrjar á hlaupi í kringum Álftanes og við taka síðan hinir ýmsu leikir. Fastur líður er fótboltaleikur á milli starfsmannaskólans og unglíngadeildar. Einnig eru hún ýmsu leiktæki, sölutjöld og fleira á svæðinu á þessum degi. Skemmtileg hefð og gaman að myndast hefur tenging á milli skólans og hátíðarinnar. Hér hefur verið stiklað á stóru um helstu viðburði vetrarins en frekari upplýsingar má einnig finna á vefsíðu skólans [www.alftanesskoli.is](http://www.alftanesskoli.is)

373 nemendur eru nú þegar innritaðir í skólann fyrir næsta skólaár 2024–2025, 35 nýir nemendur eru skráðir í 2. – 10. bekk og 35 nemendur í 1. bekk. Bekkjardeildir verða mjög líklega 18. Mikil uppbygging og framkvæmdir eiga sér stað á Álftanesi og má búast við að skólinn fari aftur ört stækkandi. Skóladagatal skólaársins 2024–2025 er að finna á heimasíðu skólans [www.alftanesskoli.is](http://www.alftanesskoli.is) og enn fremur er bent á atburðadagatal sem nálgast má á sömu síðu.

## 2. Hagnýtar upplýsingar

### Skólastjórn Álftanesskóla



Anna María Skúladóttir	Skólastjóri
Drífa Sigurjónsdóttir	Aðstoðarskólastjóri
Steinunn Sigurbergisdóttir	Deildarstjóri almennrar kennslu
Sveinborg L. Hauksdóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu

### Starfsfólk, nefndir og ráð

Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir	Forstöðumaður Elítunnar
Sólveig Guðrún Geirsdóttir	Umsjónarmaður frístundaheimilis
Gylfi Þórðarson	Umsjónarmaður fasteigna / húsvörður

### Skólaráð

*F.h. foreldra:*

Anna María Karlsdóttir

Eva Dögg Guðmundsdóttir

*Skólastjóri:*

Anna María Skúladóttir

*F.h. kennara:*

Guðbjörg Sigríður Petersen

Hildur Karsdóttir

Þorgerður Elín Brynjólfsdóttir

*F.h annarra starfsmanna:*

Guðbjörn Harðarson

*F.h. nemenda:*

Heiða Bríet Andradóttir

Freyja Huginsdóttir

*Fulltrúi grenndarsamfélags:*

Hjördís Jóna Gísladóttir

*Áheyrnarfulltrúi:*

Drífa Sigurjónsdóttir aðstoðarskólastjóri

**Nemendaráð Álfþanesskóla**

*Formaður:* Heiða Bríet Andradóttir

*Varaformaður:* Freyja Huginsdóttir

*Ritari:* Ingibjörg Íris Atladóttir

*Aðrir í stjórn:*

Dagbjört Gunnlaugsdóttir

Katla Dilja Kjartansdóttir

Orrí Ebenezer Guðmundsson

**Stjórn foreldrafélags Álfþanesskóla**

*Formaður:* Snorri Marteinnsson

*Varaformaður:* Linda Björg Rögnvaldsdóttir

*Gjaldkeri:* Sandra Hrönn Traustadóttir

*Ritari:* Sigrún Árnadóttir

Salvör Kristjánsdóttir

**Stjórn starfsmannafélags Álfþanesskóla**

Anna Svanhildur Daníelsdóttir

Matthildur Hrönn Matthíasdóttir

Mjöll Flosadóttir

Salvör Kristjánsdóttir

Sandra Mjöll Andrésdóttir

Sigrún Halldóra Andrésdóttir

Þórleif Guðjónsdóttir

**Öryggisnefnd:**

Gylfi Þórðarson



Anna María Skúladóttir

Mjöll Flosadóttir

Guðfinna Dröfn Aradóttir

Katrín Sæland Einarsdóttir

### **Trúnaðarmenn STAG:**

Katrín Jónína Gunnarsdóttir

### **Trúnaðarmenn KÍ:**

Halldóra Lára Benónýsdóttir

### **Nemendaverndarráð**

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt reglugerð menntamálaráðuneytisins 584/2010. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjórn til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðipjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir. Í nemendaverndarráði eru stjórnendur skólans, náms- og starfsráðgjafi, skólasálfræðingur, félagsráðgjafi frá félagsþjónustunni, skólahjúkrunarfræðingur, forstöðumaður félagsmiðstöðvar og skrifstofustjóri er ritari fundarins. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og leitar eftir þeim upplýsingum sem þarf til að vinna áfram með málefni nemenda. Deildarstjóri stoðþjónustu heldur utan um fundina og sendir út fundarboð. Formlegir fundir eru haldnir fyrsta mánudag í mánuði og er fundargerð í höndum skrifstofustjóra.

Í nemendaverndarráði sitja:

Anna María Skúladóttir

Drífa Sigurjónsdóttir

Steinunn Sigurbergisdóttir

Sveinbjörg Lovísa Hauksdóttir

Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir

Mjöll Flosadóttir

Þorgerður Elín Brynjólfisdóttir

Salvör Kristjánsdóttir

### **Áfallaráð**

Anna María Skúladóttir

Drífa Sigurjónsdóttir

Steinunn Sigurbergisdóttir

Sveinborg L. Hauksdóttir

Mjöll Flosadóttir

Þorgerður E. Brynjólfisdóttir

### **Starfshópar og/eða teymishópar**

#### **Lestur og ritun**

Anna Ólöf Thorlacius, fagstjóri

#### **Stærðfræði**

Guðrún Anna Antonsdóttir, fagstjóri

**Námsmat – Mentor**

Anna Svanhildur Daníelsdóttir

Steinunn Sigurbergisdóttir

**Leiðsagnarmat – verkefnastjóri**

Hildur Karlsdóttir

**Greiningar og skimun**

Sveinborg Lovísa Hauksdóttir

**Uppeldi til ábyrgðar**

Hildur Karlsdóttir

**Grænfáninn – umhverfismennt**

Nada Borosak

**Umsjón með heimasíðu**

Mjöll Flosadóttir

Anna Svanhildur Daníelsdóttir

**Skóladagatal**

Starfsemi Álftanesskóla var að mestu í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2023-2024. Skóladagatalið var unnið í samráði við skólastjórnendur grunn- og leikskóla, fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar og skólaráð skólans. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://alftanesskoli.is>.

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 170 og aðrir skóladagar 10 (skertir dagar/uppbrotsg dagar). Skertir dagar/uppbrotsg dagar eru þegar nemendur mæta styttri tíma í skólann eða hluta úr degi. Þeir dagar voru í ár: tveir dagar fyrir námsviðtöl, jólaskemmtun, Unglistadagur, Öskudagur, vorleikar, Lesið í Nesið, árshátíðardagur, skólasetning og skólaslit. Skipulagsdagar eru nýttir til undirbúnings og nemendur mæta ekki í skólann þá dag.

**Nemendur skólans**

Nemendum hjá okkur hefur fjölgað um 13 á milli ára, í lok skólaárs 2022–2023 voru 349 nemendur hjá okkur og í ár eru þeir 362, 181 strákur og 181stelpa. Nemendum var skipt í umsjónarhópa í flestum árgöngum og hafði hver umsjónarhópur einn umsjónarkennara. 1. og 6. bekkur voru í einum hóp með tvo umsjónarkennara.

**Nemendafjöldi skiptist á eftirfarandi hátt eftir umsjónarhópum:**

	<b>Drengir</b>	<b>Stúlkur</b>	<b>Alls</b>	<b>Umsjónarkennari:</b>
1. bekkur SB/SSB	14	11	25	Sigurveig Birgisdóttir Sigríður Birgisdóttir
2. bekkur EGV	10	8	18	Edda Guðrún Valdimarsdóttir
2. bekkur SA	8	10	18	Sigrún Antonsdóttir
3. bekkur SMA	7	11	18	Sandra Mjöll Andrésdóttir
3. bekkur EþH	8	9	17	Eyleif Þóra Heimisdóttir
4. bekkur BSS	9	12	21	Brynhildur Svala Snorradóttir
4. bekkur GDA	10	12	22	Guðfinna Dröfn Aradóttir

5. bekkur RMV	9	10	19	Rakel Margrét Viggósdóttir
5. bekkur AVG	11	7	18	Atli Viðar Gunnarsson
6. b. GÓÞ,SSG	13	13	26	Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir Sigríður Sif Grímsdóttir
7. bekkur HK	9	6	15	Hildur Karlsdóttir
7. bekkur IÓ	10	6	16	Ingunn Óladóttir
8. bekkur HLB	10	13	23	Halldóra Lára Benónýnsdóttir
8. bekkur SHM	11	12	23	Svala Hilmarsdóttir Magnús
9. bekkur GAK	7	8	15	Guðrún Anna Kjartansdóttir
9. bekkur GE	9	9	18	Gauti Eiríksson
10. bekkur EDR	9	16	25	Einar Daði Reynisson
10. bekkur HBF	16	9	25	Helga Björg Flóvent
Samtals:	181	181	362	

### Ófullnægjandi skólasókn nemenda skólaárið 2023-2024

	Fjarvistir í kestr	Leyfi í dögum	Veikindi i dögum
	fjöldi nemenda með 20 fjarvistastundir eða fleiri, stigi 3	fjöldi nemenda með 20 daga eða fleiri, stigi 3	fjöldi nemenda með 20 veikindadaga eða fleiri, stigi 3
1. bekkur	0	0	0
2. bekkur	0	0	1
3. bekkur	0	2	2
4. bekkur	0	1	2
5. bekkur	0	2	1
6. bekkur	0	2	2
7. bekkur	1	3	2
8. bekkur	4	4	4
9. bekkur	2	0	0
10. bekkur	8	3	9

### Skóladagur nemenda

Skólastarf hófst kl. 8:15 hjá nemendum í 1.– 4. og 8.-10. bekk en 8:25 hjá nemendum í 5.- 7. bekk. Nemendur geta mætt í skólann frá kl. 7:45 og það er gæslu á yngsta stigi þar til kennsla

hefst. Eftir að skóla lýkur býðst nemendum í 1.– 4. bekk lengd viðvera til kl. 16:30 í Álftamýri/frístundaheimili.

Allir nemendur í 1.– 7. bekk fara út í frímínútur en þær eru á mismunandi tíma eftir árgöngum. Nemendur í 8.– 10. bekk hafa aðgang að félagsmiðstöð og matsal bæði í frímínútum og í hádegishléi. Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og kennarar annast frímínútnagæslu.

Nemendur á yngsta- og miðstigi fá tuttugu mínútna nestistíma einu sinni á dag og fara tvisvar út í frímínútur (20 mín og 15 mín.). Á elsta stigi fá nemendur 25 mínútna nestishlé/frímínútur og geta verið á göngum, í félagsmiðstöð og matsal.

Hádegishléið er þrískipt, fyrst hjá nemendum í 8.–10. bekk kl. 11:35, 1.–4. bekk kl. 12:15 og 5. og 7. bekk kl. 12:45. Nemendur í 1. – 7. bekk fara fyrst út í frímínútur og síðan í hádegismat.

### Frístundaheimili – Félagsmiðstöð

Frístundaheimilið Álftamýri er hluti af skólanum og umsjónarmaður þar í vetur var Sólveig Guðrún Geirsdóttir. Félagsmiðstöðin á Álftanesi heitir Elítan og er fyrir nemendur í 5. – 10. bekk, forstöðumaður er Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir. Mjög gott samstarf er á milli skólans og Elítunnar, Elítan er staðsett í sama húsi og skólinn en tilheyrir íþróttá- og tómsundarsviði.

### Nemendaráð

Nemendaráð er starfrækt á unglingastigi og valið ár hvert, það hefur það hlutverk að vera tengiliður nemenda við skólastjórn og kennara og skipuleggur dagskrá í samstarfi við félagsmiðstöðina og félagsmálaval. Nemendaráð skipuleggur ýmsa atburði yfir skólaárið s.s. árshátíð, vökunótt, nemendaping o.fl. Nemendaráðgjafi hafði umsjón með nemendaráði í vetur.



### Skipting námsgreina

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda kennslustunda í hverri námsgrein og heildarstundafjölda hvers árgangs.

### Viðmiðunarstundaskrá

Námsgreinar/árangur	1.b	2.b	3.b	4.b	5.b	6.b	7.b	8.b	9.b	10.b
Íslenska	7	7	7	6	6	6	6	5	5	5
Stærðfræði	6	6	6	6	6	6	5	5	5	5

Samfél.fr. Kristinfr. Lífsleikni	3	3	3	3	4	4	4	3	3	3
Náttúrufræði	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Enska				1	2	2	2	4	4	4
Danska							2,5	3	3	3
List- og verkgreinar - lota	3	3	3	3	3	3	3	1,5	1,5	
Smíði	*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Textílmenn	*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Myndmenn	*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Heimilisfræði	*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Fjölgreinar – lota og val	2	2	2	2	3	3	3			
Leiklist/uppl.tækni					*	*	*			
Sköpun/leikir					*	*	*			
Félagsfærni					*	*	*			
Valgreinar elsta stig								4	6	6
Lesstund, umsjón og vinnustund	1	1	1	1	3	2	1	4	3,5	4
Hreyfing/útikennsla	1	1	1	1	1	1	1			
Upplýsingamennt Náms-og starfsráðgj.	1	1	1	1	1	2	1,5	1,5		1
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Sund	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
<b>Samtals</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>

**Bleikt:** kennsla er ekki í viðkomandi námsgrein.

\* Námsgreinar kenndar í lotu.

**List- og verkgreinar:** smíði, textílmenn, myndmenn og heimilisfræði.

**Fjölgreinar:** fjölbreyttar námsgreinar s.s. upplýsingamennt, bókasafn, félagsfærni leiklist, sköpun, hreyfing, o.fl. (mism. áherslur milli skólaára).

Nemendur í 1.–9. bekk fengu kennslu í list- og verkgreinum í 10-12 manna hópum. Kennt var í lotum og skiptu nemendur um námsgrein ýmist 3 eða 4 sinnum á vetri (fer eftir stærð hópanna). Sama átti við í fjölgreinum nema þar eru nemendahópar eru stærri.

**Valgreinar:** Nemendur í 8. bekk gátu valið 4 kennslustundir á viku eða 160 mín en 9. - 10. bekkur um 6 kennslustundir á viku eða 240 mín.

Allir nemendur voru með tvo 60 mínútna tíma í skólaíþróttum á viku.

### Starfsmenn skólans

Við skólann störfuðu 77 starfsmenn, þar af 20 umsjónarkennarar 4 íþróttakennarar, 3 list- og verkgreinarkennarar, 6 stuðningsfulltrúar, 1 kennsluráðgjafi 4 stjórnendur, sjá töflu hér fyrir neðan.

### Starfsmannalisti

Nafn	Starfsheiti
------	-------------

Agnes María Ásmundsdóttir	Leiðbeinandi/stuðningsfulltrúi
Akayo Sigurður Alleyne	Stuðningsfulltrúi
Alex Georg Wheeler	Stuðningsfulltrúi
Aneta Janiszewska	Skólaliði
Anetta Napierczyk	Skólaliði
Anna María Skúladóttir	Skólastjóri
Anna Svanhildur Daníelsdóttir	Kennsluráðgjafi
Anna Thorlacius	Sérkennari
Atli Viðar Gunnarsson	Grunnskólakennari
Auður Hallgrímsdóttir	Stundakennari/forföll
Bjarni Dagur Karlsson	Stundakennari
Björgvin Júníusson	Grunnskólakennari
Brynhildur Svala Snorradóttir	Grunnskólakennari
Davíð Þór Ásgeirsson	Stuðningsfulltrúi
Dragi Pavlov	Skólaliði / leiðbeinandi í frístund
Drífa Sigurjónsdóttir	Aðstoðarskólastjóri
Edda Guðrún Valdimarsdóttir	Grunnskólakennari
Einar Daði Reynisson	Grunnskólakennari
Elísabet Mist Ólafsdóttir	Leiðbeinandi í frístund
Ellen Rún Jeppesen Árnadóttir	Stundakennari/forföll og stuðningsfulltrúi í frístund
Eva María Gísladóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
Eyleif Þóra Heimisdóttir	Leiðbeinandi á 5. ári
Gauti Eiríksson	Grunnskólakennari
Guðbjörg Sigríður Petersen	Bókasafnskennari
Guðbjörn Harðarson	Stuðningsfulltrúi
Guðfinna Dröfn Aradóttir	Grunnskólakennari
Guðrún Anna Kjartansdóttir	Grunnskólakennari
Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir	Grunnskólakennari
Gunnhildur Halldórsdóttir	Skólaliði
Gylfi Þórðarson	Umsjónarmaður fasteigna / húsvörður
Halldóra Lára Benónýsdóttir	Grunnskólakennari
Halldóra Sædís Halldórsdóttir	Leiðbeinandi
Helga Björg Flóventsdóttir	Grunnskólakennari
Helga K. Einarsdóttir	Almennur starfsmaður
Hildur Karlsdóttir	Grunnskólakennari / verkefnastjóri
Ingunn Elísabet Viktorsdóttir	Grunnskólakennari
Ingunn Óladóttir	Grunnskólakennari

Iwona Szurmiej	Stuðningsfulltrúi/leiðbeinandi í frístund
Jóna Karólína Karlsdóttir	Grunnskólakennari
Katrín Jónína Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Katrín Sæland Einarsdóttir	Grunnskólakennari
Linda B. Thorlacius	Grunnskólakennari
Líbia Torres Da Silva	Skólaliði
Magnús Jökull Traustason	Skólaliði
Marta Jóhannsdóttir	Stundakennari/forföll
Matthildur Hrönn Matthíasdóttir	Yfirproskapjálfi
Mjöll Flosadóttir	Skrifstofustjóri
Nada Borosak	Grunnskólakennari
Nana Mardíana	Skólaliði
Nanna Björk Bárðardóttir	Grunnskólakennari
Patrícia F. M. Cardoso Soares	Skólaliði
Paula Cristina Moreira Caldas	Skólaliði
Ragnar Elvar Arinbjarnarson	Grunnskólakennari
Rakel Margrét Viggósdóttir	Framhaldsskólakennari
Salvör Kristjánsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Samúel Ívar Árnason	Grunnskólakennari
Sandra Mjöll Andrésdóttir	Grunnskólakennari
Sigríður Birgisdóttir	Grunnskólakennari
Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir	Forstöðumaður Elítunnar/stundakennari
Sigríður Sif Grímsdóttir	Grunnskólakennari
Sigrún Antonsdóttir	Grunnskólakennari
Sigrún Halldóra Andrésdóttir	Leiðbeinandi
Sigurveig Birgisdóttir	Grunnskólakennari
Sindri Snær Erlingsson	Stuðningsfulltrúi/ Leiðbeinandi í frístund
Sólveig Guðrún Geirsdóttir	Umsjónarmaður frístundar
Steinunn Sigurbergisdóttir	Deildarstjóri
Svala Hilmarsdóttir Magnús	Grunnskólakennari
Sveinborg L. Hauksdóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu
Una Birna Bjarnadóttir	Yfirproskapjálfi
Viktoría Rut Wiencke	Leiðbeinandi í frístund
Þorgerður Elín Brynjólfssdóttir	Verkefnastjóri / grunnskólakennari
Þórleif Guðjónsdóttir	Leiðbeinandi

## Þróunarstarf og símenntun starfsmanna

Ýmis þróunarverkefni hafa verið og eru í gangi í skólanum. Um er að ræða margvísleg verkefni og hefur verið unnið að þeim mismengi. Þessi verkefni skapa meðal annars áherslur okkar í skólastarfinu. Dæmi um þróunarverkefni er Peers, Legó, samþætting íslensku og samfélagsfræði, rætt til ritunnar, valfrelsi og nýsköpun.

Helstu áhersluatriði skólans eru uppeldi til ábyrgðar, vaxandi hugarfarar, leiðsagnarnám og allir eru einstakir.

## Skólanámskrá

Skólanámskrá Álfthanesskóla er í sífelldri þróun og tekur hún einhverjum breytingum árlega en í samræmi við aðalnámskrá.

## Lestur og ritun

Skólinn hefur unnið markvisst að því að endurskoða og móta nýjar leiðir í lestrar- og ritunarkennslu síðustu ár, m.a hafa viðmið verið endurskoðuð og mat lagt á árangur nemenda í lesfimi og lesskilningi til að koma betur til móts við þarfir nemenda. Þrisvar á ári eru lögð fyrir skimunarprófin - Lesfimi fyrir alla nemendur skólans og lesskilningsprófið „Orðarún“ í 3.–8. bekk. Rýnt er í niðurstöður og þær notaðar til þess að móta kennsluhætti og koma til móts við nemendur. Í 1.–4. bekk er markvisst unnið með verkefnið *Vörður og vegvísar*. Fræðslufundur um læsi fyrir foreldra barna í 1. bekk hefur fest sig í sessi og er haldnir á hverju hausti og þá hafa verið kynningar fyrir foreldra barna í 3. bekk um lesskilning.

## Greiningar og mat

Fagstjóri lesturs, deildarstjórar og kennarar endurskoða og móta reglulega vinnuferla við greiningar og skimunarpróf, vinna með ýmsa þætti s.s. Leið til læsis, Orðarún o.fl.

## Samstarf grunn- og leikskóla

Skólinn og leikskólarnir Krakkakot og Holtakot eru í mjög góðu samstarfi við að stuðla að samfellu milli þessara tveggja skólastiga. Leikskólanemendur á síðasta ári heimsækja skólann reglulega, ýmist í list- og verkgreinar, íþróttir, frímínútur, hádegismat og í heimastofur 1. bekkjar.

## Leiðsagnarmat

Álfthanesskóli byrjaði að skoða og innleiða leiðsagnarmat skólaárið 2013 – 2014. Skólinn hefur haldið þessari vegferð áfram alla tíð síðan. Reglulega eru fyrirlestrar og upprifjun fyrir starfsfólk, t.d. varðandi sýnileg markmið, árangursviðmið, námsveggi, spjallfélaga, gæði verkefna og endurgjöf.

## Leikjaliðaverkefni

Vinaliðaverkefnið hefur verið starfrækt við skólann síðan 2017. Aðalmarkmið verkefnis er að fá nemendur á öllum aldri til að taka meiri þátt í afþreyingu í frímínútum og skapa betri skólaanda. Í fyrra varð breyting á verkefninu en skólar í Garðabæ eru nú með sitt eigið verkefni sem nefnist leikjaliðar en virkar á svipaðan hátt og vinaliðaverkefnið. Grunnskólar bæjarins fengu sameiginlegan þróunarstyrk til verkefnisins.

## Taktu skrefið, vaxandi hugarfarar og námsvitund.

Búið er að ljúka þessu þróunarverkefni en efnið hefur fest sig vel í sessi í skólastarfinu. Markmið verkefnisins var að kynna, útbúa og safna ýmis konar gögnum á íslensku (fyrirlestra, náms- og kennsluefni, kennsluáætlanir, myndböndum, greinum o.fl.) í vaxandi hugarfari, leiðsagnarmati og Uppeldi til ábyrgðar. Meginmarkmiðið var að viðhalda hugmyndafræðinni innan skólans og bæta við nýjungum. Búin var til heimasíða til að safna saman allri þeirri þekkingu sem orðið hefur til: <https://sites.google.com/gbrskoli.is/aherslur-alfthanesskola/fors%C3%AD%C3%B0a?authuser=1>



## Rætt til ritunar

Rætt til ritunar er heildstætt vinnuferli í íslensku þar sem áhersla er á að tvinnna saman lestri, lesskilningi og ritun. Nemendur læra ólíka ritunarstíla í gegnum valda texta. Til að byrja með læra nemendur að segja textann með aðstoð mynda og hreyfinga, því næst er textinn lesinn margsinnis og unnið með hann á fjölbreyttan hátt, síðan æfa nemendur sig í að rita sambærilega texta og enda svo vinnuferlið á lokaafurð. Allt ferlið er unnið á fjölbreyttan hátt, mikil orðaforðavinna og vangaveltur um merkingu í texta þannig að verkefnið eflir ekki eingöngu ritun heldur einnig læsi nemenda. Leiðbeinandi kennsluhættir eru samofnir vinnuferlinu þar sem rík áhersla er á endurgjöf í gegnum allt vinnuferlið. Hver vinnulota hefst og lýkur með matsverkefnum sem borin eru saman og framfarir á námstímanum metnar. Verkefninu lauk í vor þegar tveir kennarar fóru í náms- og kynnisferð til Bretlands til þess að tileinka sér efnið betur.

## Stærðfræði úti og inni – framsæknir kennsluhættir

Undanfarin ár hefur skólinn m.a. verið að innleiða vaxandi hugarfar. Með það að leiðarljósi viljum við efla enn frekar þrautseigju og frumkvæði nemenda í stærðfræði á yngsta stigi. Að auki er markmið verkefnisins að efla fjölbreytni í kennsluháttum í stærðfræði, m.a. í gegnum útikennslu, hreyfingu og verkleg verkefni. Áhersla á félags- og samskiptafærni nemenda þar sem lögð er áhersla á samvinnu og að nemendur öðlist trú á eigin getu. Einnig mikilvægt að nemendur upplifi vellíðan af útiveru og hreyfingu. Til þess eru notaðar námshvetjandi aðferðir sem hrifa nemendur með og hvetja þá til náms. Einnig verður lögð áhersla á að efla notkun gagnvirkra forrita í kennslu.

## Erasmus 2020-2023. Opening the door to outdoor

Áhugi var á að auðga útikennslu í skólanum svo sótt var um að taka þátt í Erasmus verkefni en í öllum þátttökuskólunum var markmiðið það sama. Með því að líta upp úr bókunum og fara út undir beran himinn stuðlar að því að nemendur byrja að hugsa og það að hugsa er upphafið að raunverulegu námi. Nemendur fá tækifæri til að læra með því að framkvæma (*learning by doing*) og mun þessi aðferð undirbúa nemendur fyrir heim sem er í örur breytingum dag frá degi. Samstarfslönd eru: Norður-Írland, Þýskaland, Króatía, Grikkland og Holland. Sökum Covid framlengist þetta verkefni út september 2023. Þetta skólaár tóku þrjár hópar þátt í verkefninu, farið var með 5 nemendur til Grikklands, Hollands og Króatíu. Mikil ánægja var með ferðina hjá kennurum, nemendum og foreldrum og samstarfið gekk mjög vel.

## Fjölbreytt skólastarf – unnið gegn skólaleiða (valfrelsi)

Markmið verkefnisins er að koma betur til móts við nemendur okkar út frá þeirra styrkleikum og þörfum. Það er gert með hliðsjón af fjölgreindarkenningu Howards Gardner. Valfrelsi var bæði á yngsta- og miðstigi, en þá gátu nemendur valið á milli hinna ýmsu kennslustunda, s.s. forritun, heimilisfræði, spil, útikennslu, boltaleikja, legó og margt fleira. Kennarar 1x í viku í 60 mínútur. Hver lota varði í 4 vikur en þá völdu nemendur upp á nýtt. Umsjónarkennarar sáu um að láta nemendur velja og fylltu inn í valblað sem var aðgengilegt öllum valfrelsis kennurum á google drive. Kennarar sem kenndu valfrelsi gerðu glæru kynningu um kennslustundina sem umsjónarkennarar sýndu nemendum. Kennarar tengdu 2-5 hæfniviðmið úr Aðalnámsskrá grunnskóla við kennslustundina. Kennslustundin var á einhvern hátt verkleg eða hlutbundin en ekki hefðbundið bóknám. Valfrelsi er orðin fastur punktur í skólastarfinu og mjög vinsælt hjá nemendum.

## Breyttir kennsluhættir og samþætting íslensku og samfélagsfræði á unglingsstigi

Markmiðið með verkefninu er að númeravæða kennsluhætti í íslensku og samfélagsfræði á unglingsstigi og stuðla þannig að fjölbreyttum kennsluháttum. Einnig er markmiðið að samþætta námgreinar sem felur í sér mörg tækifæri til að kafa dýpra í námsefnið meðal annar með því að nýta betur tæknina og kenna nemendum að umgangast hana rétt og af virðingu. Mikilvægt er að nemendur viti, skilji og geti nýtt sér í daglegu lífi það sem þeir læra og geti nálgast viðfangsefni í íslensku og samfélagsfræði af meiri áhuga og nýtt sér skapandi skil á verkefnum.

## Vefsíður fyrir námslotur í náttúrugreinum og ensku

Markmið verkefnisins er að búa til vefsíður þar sem námslotur í náttúrugreinum og ensku eru settar upp á vefsíðu. Áætlað er að gera eina vefsíðu fyrir hverja námslotu. Á hverri vefsíðu finnur þú allt námsefni, verkefni og verkefnalýsingar, myndbönd, aukaefni og samþættingaverkefni við aðrar námsgreinar. Náttúrufræðikennsla á unglिंगastigi er sett upp á þennan hátt.

### 3. Áherslur í skólastarfi


#### Ábyrgð-samvinna-virðing – allir eru einstakir

Fyrsti áfangi Álftanesskóla var tekinn í notkun haustið 1978. Á fyrsta starfsárinu voru 70 nemendur í skólanum frá aldrinum sex til tólf ára. Á þessum árum sem liðin eru hefur skólahúsnæðið verið stækkað í nokkrum áföngum eftir því sem nemendum hefur fjölgað. Nýjasti áfanginn var tekinn í notkun árið 2020 en með honum fékkst nýr matsalur/fjölnota salur, kaffistofu starfsmanna, vinnurými kennara og stjórnunarálma.

Í skólastarfinu er lögð rík áhersla á *ábyrgð, samvinna, virðing - allir eru einstakir*. Litið er svo á að mannleg samskipti og ábyrg hegðun séu grunnþættir í skólastarfinu. Áhersla er lögð á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti í samræmi við einstaklingsmiðað nám. Gagnkvæm virðing er forsenda jákvæðra samskipta og reynt er að stuðla að því að öllum geti liðið vel í skólanum. Starfsmenn skólans leggja sig fram við að eiga jákvæð samskipti við heimilin og hvetja foreldra til þess að hafa samband þegar þeim liggur eitthvað á hjarta. Þegar heimili og skóli leggjast á eitt má búast við betri líðan nemenda, auknu öryggi og betri námsárangri.

#### Uppbygging sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar

Unnið hefur verið samkvæmt Uppbyggingarstefnu í Álftanesskóla frá haustinu 2002. Uppbyggingarstefna (e. *Restitution*) í skólastarfi er hugmyndakerfi sem í felst bæði aðferð og stefnumörkun skóla til bættra samskipta. Meginatriði er að kenna börnum og unglिंगum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á samskipti fremur en reglur, ábyrgð fremur en blinda hlýðni og virðingu fremur en stjórnugjöf. Uppbyggingarstefnan treystir á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti brugðist rétt við aðstæðum. Uppbyggingarstefnan kennir sjálfsaga og hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.



Haustfundir eru í upphafi skólaárs þar er farið vel yfir „Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga“ og verkefnum þess er skipt á 10 árganga þannig að loknu 10 ára skólagöngu væri foreldrið búið að fara í gegnum námsefni/ fræðslu um Uppeldi til ábyrgðar og þau verkefni sem barn þess fer í á hverju skólaári. En áhersluatriðið hvers árgangs eru eftirfarandi:

#### Fræðsla og vinna með Uppeldi til ábyrgðar-uppbygging sjálfsaga:

1. bekkur Kynning á „Uppbyggingarstefnunni“
2. bekkur Unnið með „Mitt og þitt hlutverk“
3. bekkur Unnið með „Þarfirnar fimm“
4. bekkur Unnið með „Stutt inngrip“
5. bekkur Unnið með „Sáttmála“ foreldra og skóla/ bekk/ árgang
6. bekkur Unnið með „Skýr mörk“
7. bekkur Unnið með „Jákvæð samskipti – minni þvingun“
8. bekkur Unnið með „Fimm stöður stjórnunar“

9. bekkur Unnið með „Lífsvagninn“  
10. bekkur Unnið með „Óskaveröldina“

### Vaxtarhugarfar

Vaxtarhugarfar (e. *growth mindset*) er trúin á að nemandi geti þróað hæfileika þína og hæfni með vinnusemi, góðum aðferðum og hjálp frá öðrum. Á hinn bóginn felur fastmótað hugarfar (e. *fixed mindset*) í sér að hæfileikum og hæfni nemenda sé ekki hægt að breyta né bæta. Álftanesskóli hefur unnið eftir þessari stefnu frá skólaárinu 2013-2014. Rannsóknir benda til þess að vaxandi hugarfar hafi jákvæð áhrif á áhugahvöt nemenda, geri þeim kleift að einbeita sér við námið, að þeir gefist síður upp og að námsárangur verði betri.

Hrós í tengslum við námið getur haft jákvæð áhrif en það verður að beita þessari aðferð rétt. Hrósið þarf að vera í tengslum við námsferlið og framfarir nemenda annars getur það virkað á gagnstæðan hátt.

### Leiðsagnarmat

Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, jafningjamat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. Áhersla er lögð á að nemendur séu þátttakendur í námsmatsferlinu og að endurgjöf sé regluleg í námsferlinu, hafi skýran tilgang, sé greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að bera sig við og meta hvort þeir hafi náð árangri.

## 4. Samstarf heimilis og skóla

### Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv. 8. gr. laga nr. 91, 2008) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð heldur fundi reglulega yfir skólaárið og eru ýmis mál rædd á fundunum m.a. skipulag skólastarfsins, starfsáætlun vetrarins, fjármál skólans, kannanir á skólastarfinu, skólalæping og fleira.

### Foreldrafélag Álftanesskóla

Stefna skólans er að það sé gott samstarf á milli heimilis og skóla og þar ríki traust á milli aðila. Í því felst að vera í góðu sambandi við foreldra/forráðafólk, stuðla að því að forráðafólk sé vel upplýst um starfsemi skólans og fái greinagóðar upplýsingar um þá þróun og viðburði sem eiga sér stað innan veggja skólans.

Þessu til stuðnings er starfrækt foreldrafélag og stjórn þess sem kosið er til eins árs í senn. Foreldrafélagið hefur það að markmiði að vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvítetna, meðal annars með umræðufundum um skóla- og uppeldismál í samráði við skólann. Fulltrúi skólans mætir á fundi foreldrafélagsins til að tryggja upplýsingaflæði á milli foreldra og skólasamfélagsins. Foreldrafélagið starfar samkvæmt lögum um grunnskóla frá 1995 og er ætlað að vera til álitsgjafar um ýmis mál sem varða breytingar á námsumhverfi nemenda. Þegar heimili og skóli leggjast á eitt má búast við betri líðan nemenda, auknu öryggi og betri námsárangri.

Í stjórn foreldrafélagsins sitja fimm fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi. Stjórnin fundar reglulega yfir veturinn. Helstu verkefni foreldrafélagsins eru m.a. samstarf við skólastjórn, foreldraröltið, öskudagsskemmtun fyrir nemendur í samstarfi við Elítuna, nemendur, kennara og foreldra 10. bekkjar, páskabingó og fræðsla fyrir foreldra/nemendur.

### Bekkjafulltrúar

<b>Bekkur</b>	<b>Nafn foreldra</b>
1. bekkur	Kristján Geir Fenger og Erna Þórarinsdóttir.
2. bekkur	Guðrún Elín Herbertsdóttir, Ragnhildur Grétarsdóttir, Erla Gunnhildardóttir og Salvör Egilsdóttir.
3. bekkur	Helga Eyja Hrafnkelsdóttir, Þórhildur Edda Gunnarsdóttir, Maren Rún Gunnarsdóttir og Inga Rut Kristinsdóttir.
4. bekkur	Erna Dís Ingólsdóttir, Dóra Guðlaug Árnadóttir, Bergrós Guðmundsdóttir og Þórhallur Helgason.
5. bekkur	María Sturludóttir, Emilía Björg Óskarsdóttir, Hera Dögg Hjaltadóttir og Telma Dögg Sigurbjartsdóttir.
6. bekkur	Matthildur Þórarinsdóttir, Þrúða Dóra Högnadóttir og Guðrún Dóra Brynjólfsson.
7. bekkur	Erna Sif Auðunsdóttir, Elín Jóhannsdóttir, Tinna T. Þorsteinsdóttir og Heiðrún Ýrr Júlíusdóttir.
8. bekkur	Herdís Sólborg Haraldsdóttir, Linda Björk Thorlacius, Ólöf Ösp Guðmundsdóttir og Hildur V. Heimisdóttir.
9. bekkur	Svana Björk Hjartadóttir, Erna Sif Auðunsdóttir, Þórunn Jóhanna Júlíusdóttir og Dagný Bolladóttir.
10. bekkur	Daníel Tryggvi Daníelsson, Tinna Rán Ægisdóttir, Steinunn Gunnarsdóttir, Helma Þorsteinsdóttir, Anna María Karlsdóttir og Vigdís Jensdóttir.

## 5. Skýrslur um skólastarfið

### Skýrsla deildarstjóra árganga og faggreina

**Deildarstjóri:** Steinunn Sigurbergsdóttir

Starf deildarstjóra er margþætt og kemur hann að mörgum þáttum í skipulagningu á skólastarfinu í nánu samráði við aðra skólastjórnendur.

Deildarstjóri sér um röðun nemenda í bekkjardeildir í samráði við deildarstjóra stoðþjónustu og umsjónarkennara. Einnig tekur deildarstjóri tekur á mótí nýjum nemendum sem eru að koma í Álftanesskóla og foreldrum þeirra, kynnir fyrir þeim skólann og skólastarfið og er tengiliður þeirra til að byrja með allt þar til umsjónarkennari tekur við.

Deildarstjórnarnir sitja báðir yfirfærslufundi að hausti vegna nemenda, bæði með fyrrverandi umsjónarkennurum, verðandi umsjónarkennurum og sérkennurum nemenda til að tryggja að upplýsingar færist milli ára á milli kennara og stuðningsfulltrúa. Deildarstjóri sér um skipulag valgreina og nemendaskráningar í valgreinar.

Deildarstjóri fylgist með skólasókn skv. skólasóknarviðmiðum Garðabæjar, almennri ástundun og samskiptum nemenda og nemendahópa og gerir aðgerðaráætlanir þegar þörf er á vegna slakrar skólasóknar. Deildarstjóri tekur á agamálum í samvinnu við aðra skólastjórnendur, kennara, forráðamenn, námsráðgjafa, nemendaráðgjafa og aðra fagaðila skólans.

Deildarstjóri ásamt náms- og starfsráðgjafa, nemendaráðgjafa og umsjónarkennurum í hverju máli mynda samskiptateymi skólans. Hann stjórnar teymis- og samráðsfundum með forráðamönnum nemenda þegar ástæða er til.

Auk kennara- og starfsmannafunda sem deildarstjóri undirbýr með skólastjórnendum, stýrir hann stigsfundum hjá list- og verkgreinakennurum og fundar reglulega með stjórnendum skólans. Hann situr einnig samstarfsfundi með öðrum sérfræðiaðilum skólans á lögbundnum nemendaverndarráðsfundum. Í samráði og samstarfi við skólastjórnendur tekur deildarstjóri þátt í að undirbúa skólasetningu og skólaslit. Deildarstjóri er tengiliður skólans við Menntamálastofnun, ásamt því að taka þátt í skipulagningu uppbrotsdaga og óhefðbundins skólastarfs í samvinnu við umsjónarkennara, fagstjóra og skólastjórnendur.

Deildarstjóri heldur utan um Mentor.

Deildarstjóri sér um utanumhald og innkaup á námsbókum frá Menntamálastofnun og öðrum námsgagnaútgefendum. Deildarstjóri sér einnig um að halda utan um innkaup á námsgögnum og ritföngum fyrir nemendur.

Utanumhald og innsetning á efni heimasíðu er eitt af hlutverkum deildarstjóra í samstarfi við skrifstofustjóra.

Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk af kennsluráðgjafa, skrifstofu- og deildarstjóra og dreifist það í fimm skipti yfir skólaárið, í samráði við námsráðgjafa og stjórnendur er unnið úr niðurstöðum Skólapúlsins. Einnig sér deildarstjóri um aðrar kannanir sem lagðar eru fyrir svo sem Ungt fólk, Pisa, ESPAD, HBSC o.fl. Skipulag vegna fjarnáms og próftöku nemenda á elsta stigi og samstarf við viðkomandi framhaldsskóla er á höndum deildarstjóra.

Deildarstjóri skipuleggur nemendaferðir sem farnar eru þ.e. Reykjaferð 7. bekkja, ferð 9. bekkja í skólabúðir Jörgens í Vindáshlíð, dagsferð 5. – 10. bekkja í Bláfjöll og þriggja daga vorferð 10. bekkja.

Deildarstjóri hefur daglega umsjón með matsal nemenda.

### Samstarf við sérfræðiaðila

Deildarstjóri er í samstarfi við marga sérfræðiaðila innan og utan Álftanesskóla. Helst ber að nefna samstarf við þá aðila sem taldir eru upp hér fyrir neðan.

Deildarstjóri vinnur mikið og náið með deildarstjóra stoðþjónustu, náms- og starfsráðgjafa og nemendaráðgjafa að ýmsum málum sem varða líðan nemenda og skólavist. Gott samstarf deildarstjórnanna, námsráðgjafa og nemendaráðgjafa er afar mikilvægur þáttur í meðferð og úrlausn nemendamála. Deildarstjóri líkt og aðrir starfmenn skólans eru skólasálfræðing innan handar í sambandi við upplýsingagjöf um nemendur.

Undanfarin ár hefur deildarstjóri verið í miklu og góðu samstarfi við fjölskyldusvið Garðabæjar sem hefur unnið með einstaklinga og/eða hópa innan skólans þegar óskað hefur verið eftir. Gott samstarf við fjölskyldusviðið er mikilvægt og hluti af því að styrkja og bæta líðan nemenda þegar þörf er á.

## Yngsta stig

### Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

**Umsjónarkennarar:** Sigríður S. Birgisdóttir og Sigurveig Birgisdóttir

Í 1. bekk voru 26 nemendur í tveimur umsjónarhópum í byrjun skólaársins og fækkaði þeim um einn um áramótin. Umsjónarkennarar voru Sigríður S. Birgisdóttir og Sigurveig Birgisdóttir. Aðrir kennarar: Ingunn Elísabet Víktorsdóttir - textílkennari, Nada Borosak - myndmenntakennari, Nanna Björk Bárðardóttir – smíðakennari, Linda Thorlacius, Ragnar Arinbjarnarson og Samúel Ívar Árnason – íþrótt- og sundkennarar, Anna Ólöf Thorlacius – sérkennari. Stuðningsfulltrúar sem komu inn í bekkina voru Dragi Pavlo, Iwona Szurmiej og proskapjálfi Matthildur Hrönn Matthíasdóttir.

### Markmið og helstu áherslur árgangsins:

Helstu áherslur í starfi árgangsins voru: skólafærni, lestur og íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði og lífsleikni.

Megináhersla var á að allir nemendur kæmust vel af stað í lestri, þ.e. að nemendur þekktu alla bókstafi og hljóð þeirra og tengdu þau saman.

Meginmarkmið í stærðfræði var að leggja grunn að góðum talnaskilningi hjá nemendum.

Nemendur voru þjálfaðir í að vinna saman tveir og tveir sem námsfélagar/spjallfélagar og studdu þannig hvor við annan í verkefnavinnu. Markvisst var lögð áhersla á að nota tússtöflur bæði í innlögn og í leiðsagnarmati.

Markvisst var unnið með félagsfærni og samskipti með aðferðum „Uppeldi til ábyrgðar“ og Vaxandi hugarfars/„Growth mindset“.

### Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Íslenska og stærðfræði var kennt í hringekju samkvæmt aðferðinni „Vörður og vegvísir“, hugmyndfræði John Morris ásamt leiðsagnarmati. Í upphafi viku voru sérstakir innlagnartímar, í hvorri grein fyrir sig, þar sem markmið voru lögð inn og gerð sýnileg á námsvegg ásamt því að safna námsstoðum/hugmyndum nemenda á vegginn sem nýttust þeim í verkefnum vikunnar.



Áherslupættir íslenskuhringekjunnar voru: Talað mál og hlustun, ritun, málfræði, lestur og bókmenntir. Í lestrarkennslu var lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og fimikennslu í góðri samvinnu við sérkennara. Í upphafi dags var alltaf unnið með Markvissa málörvun í heimakrök. Heimalestur var 5x í viku ásamt heimaverkefnum í orðaskriftarbók 2x í viku, frá nóvember fram í maí með nokkrum hléum. Einnig var lestrarátak frá 4. mars – 14.mars. 1.bekkur safnaði krónublöðum á blómum og skreytti síðan glugga kennslustofunnar með blómum. Alls lásu nemendur í 1.bekk í 95 klukkustundir eða 5700 mínútur.

Lokaverkefni árgangsins var um íslensku húsdýrin og var það samþætt íslensku, samfélags- og náttúrufræði, þar sem áhersla var lögð á námsmarkmið vetrarins, t.d. fyrirmyndarmálgrein.

Í stærðfræði var lögð áhersla á hlutbundna vinnu, að nemendur byggðu ofan á fyrri reynslu og þekkingu, og tileinkuðu sér stærðfræðihugmyndir á eigin forsendum. Einnig var lögð áhersla á að nemendur ræddu mismunandi lausnaleyðir og skýrðu lausnaferli sitt fyrir öðrum, unnið var í anda leiðsagnarmats. Áhersla var á að í hverri viku lærðu nemendur í gegnum leik, spil og þrautalausnir.

Í samfélags- og náttúrufræðigreinum var ýmist unnið eftir söguaðferð eða samkvæmt kennsluleiðbeiningum námsefnisins *Komdu og skoðaðu og Halló Heimur*. Hvert viðfangsefni var kennt í lotum og samþætt öðrum námsgreinum.

Lokaverkefni árgangsins í íslensku var samþætt samfélags- og náttúrufræðigreinum, íslensku húsdýrin.

### **Námsmat/námsaðlögun**

Lagt var fyrir skimunarprófið *Leið til læsis* strax að hausti. Lesfímipróf voru lögð fyrir tvisvar sinnum yfir veturinn, í janúar og maí. Nokkrir nemendur í árganginum sem voru komnir vel af stað í lestri fóru einnig í lesfímipróf í september. Stuðst var við niðurstöður úr skimunarprófinu til að vinna nánar með þá þætti sem komu illa út hjá hverjum og einum nemanda í samvinnu við sérkennara. Sjálfsmat og kennaramat var í samfélags- og náttúrufræði. Stærðfræðikönnun og stafsetningarkönnun voru lagðar fyrir að vori. Lokaverkefni í íslensku var unnið að vori og metið til umsagnar.

Lykilhæfni var metin í Mentor þrisvar sinnum yfir skólaárið. Hæfniviðmið voru metin í Mentor í október, janúar og í lok skólaárs. Þetta árið var sett inn skólafærni hjá 1.bekk í samráði við Steinunni deildarstjóra og var það metið tvisvar sinnum yfir skólaárið, í janúar og maí.

### **Þróunarstarf/Nýbreytni**

Þar sem árgangurinn var lítill var ákveðið að hafa eingöngu einn bekk en skipta honum í tvo umsjónahópa sem kennt var að miklu leyti saman. Fyrstu fjórar vikurnar var árganginum skipt í mismunandi hópa og skiptust umsjónakennarar á að vera með hópana. Áhersla var lögð á hópefli, leik og útikennslu með það að markmiði að börn og kennarar kynntust öll innbyrðis. Í lok þessara tímabils var raðað í tvo umsjónahópa með tilliti til náms- og félagslegrar stöðu.

### **Útikennsla/umhverfisfræðsla/vettvangsferðir**

Farið var í ýmsar ferðir um Álftanes, m.a. Grásteinn skoðaður, fjöruferðir, fuglaskoðunarferð, húsdýr heimsótt og aðrar stuttar ferðir um nágrenni skólans.

### **Lífsleikni**

Unnið var eftir hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“, „vaxandi hugarfars“ og vináttuverkefni Barnaheilla (Blær bangsi) sem og KVAN. Nemendur lærðu um þarfirnar, hlutverk sín og gerðu bekkjarsáttmála í upphafi skólaárs. Bekkjafundir voru nokkrir yfir skólaárið. Sýnd var fræðslumynd um einhverfu á degi tileinkuðum einhverfu. Á baráttudegi gegn einelti var sýnd teiknimyndin Litla lirfan ljóta og teknar umræður. Öll vikan var tileinkuð forvörnum gegn einelti. Hjúkrunarfræðingur kom með fræðslu um sjálfsmynd, öryggisfræðslu í umferðinni og mikilvægi hjálmanotkunar. Þriðjudaginn 9.maí komu fulltrúar frá Kiwanisklúbbnum og afhentu nemendum í 1.bekk reiðhjólahlálma að gjöf og fræddi börnin um mikilvægi þess að nota hjálm á hjólum.

### **Skemmtanir og félagslíf**

Aldís G. Gunnarsdóttir kom og las söguna sína „Tröllin litli og skilnaður foreldrar hans“ fyrir 1. og 2.bekk í sal skólans.

31.október var haldið upp á Halloween á yngsta stigi þar sem nemendum var boðið að mæta í búningum og með sparinessi. Það heppnaðist vel og voru allir glaðir.

Haldin var hátíð þegar nemendur höfðu verið í 100 daga í skólanum. Nemendur æfðu sig í að telja ýmis konar góðgæti og flokka á blað 10 stykki af hverju.

Jólafondur var í desember ásamt jólaskemmtun/litlu jólum. Öskudagur var haldinn hátíðlegur í íþróttahúsinu eins og venja er. Árshátíð var haldin 22. mars og fluttu nemendur í 1. og 2.bekk úrútgáfu af Dýrunum í Hálsaskógi. Allt yngsta stigið var með sameiginlega sýningu á sal skólans. Vorleikar voru haldnir að vori.

24.október var skólastarf fellt niður þar sem kvennaverkefni fór fram. Konur og kvár felldu niður störf þann dag og sáu karlmannsstarfsmenn skólans um að standa vaktina fyrir börn framlínustarfsfólks.

22. apríl var nemendum í 1.bekk boðið í danspartý inn á Garðatorgi í tengslum við Barnamenningarhátíð Garðabæjar. Þar var mikið fjör og börnin skemmtu sér konunglega.

### Foreldrasamstarf

Haustfundur og lestrarþjálfunarnámskeið var haldið 18. september í sal skólans. Þar var starf vetrarins kynnt og í beinu framhaldi var haldið lestrarþjálfunarnámskeið þar sem umsjónarkennarar og sérkennarar fóru yfir áherslur í lestrarkennslu og lestrarþjálfun. Foreldrar fengu sendar glærur eftir námskeiðið með áherslupáttum.



Einu sinni í viku voru send vikutíðindi á Mentor með fréttum og áherslum árgangsins. Nemendur mættu með veitingar fyrir hlaðborð á árshátíð skólans 31.mars. Foreldrasýning í árganginum var haldin 15.mái þar sem nemendur sýndu verkefni sem þeir höfðu unnið yfir skólaárið, t.d þemaverkefnið um Líkamann og sungu nokkra söngva. Foreldrar og börn buðu upp á sameiginlegt hlaðborð.

Námsviðtöl voru tvisvar yfir árið, í október og í janúar. Einnig var foreldrum í 1.bekk boðið að koma í kynningarviðtal með nemandanum á skipulagsdegi í september. Vegna samtalanna í september var ákveðið að ekki yrði boðið upp á annað viðtal í október nema ef foreldrar færu fram á það sem ekki varð raunin. Umsjónakennarar nýttu því daginn í undirbúning fyrir skólastarfið.

### Mat á starfi vetrarins

Starfið gekk almennt vel, nemendur voru mis fljótir að aðlagast skólaumhverfinu og nýjum aðstæðum. Fyrirkomulag í upphafi skólaárs gafst vel, þ.e. nemendur og kennarar náðu að kynnast öllum árganginum og leggja drög að góðum samskiptum. Smá urgur var í foreldrum í upphafi og vildu þeir að leikskólahóparnir héldu saman en eins og fyrr segir var þetta einn bekkur og því reynt að blanda hópnum í ýmiskonar verkefnavinnu til að þau myndu kynnast öllum. Það gekk ágætlega og sáu umsjónakennarar nýjan venskap myndast þvert á leikskólahópna.



Forráðamenn voru almennt mjög ánægðir með lestrarþjálfunarnámskeiðið og sæmilega var mætt á námskeiðið. Einnig voru foreldrar sáttir við áherslur skólans í lestrarkennslu og tóku virkan þátt í lestrarþjálfuninni. Snemmtæk íhlutun sérkennara var vel skipulögð og markviss. Kennarar voru ánægðir með kennsluhætti. Áhersla á vaxandi hugarfar og leiðsagnarmat gafst vel og skilaði árangri í vinnu nemenda. Verkefni sem tókust sérstaklega vel voru m.a:



stafainnlögn með áherslu á fimíæfingar, verkefnið um líkamann, Osmo í stærðfræðihringekju og lokaverkefni í íslensku.

## Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

**Umsjónarkennarar:** Edda Guðrún Valdimarsdóttir og Sigrún Antonsdóttir

Nemendur í 2. bekk voru 34 í upphafi skólaársins, í tveimur umsjónarhópum. Um áramótin bættist við einn nemandi í 2.SA. og í lok skólaársins bættist við einn nemandi í 2.EGV. Það voru því 36 nemendur sem útskrifuðust í lok 2.bekkjara. Umsjónarkennarar voru Edda Guðrún Valdimarsdóttir og Sigrún Antonsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu árganginum voru: Björgvin Júníusson, Ragnar Arinbjarnarson, Samúel Ívar Árnason og Linda Thorlacius, íþróttir og sund, Sigrún Halldóra Andrésardóttir, heimilisfræði, Ingunn Elísabet Viktorsdóttir, textílmennt, Nada Borosak, myndmennt og Nanna Björk Bárðardóttir smíði. Stuðningsfulltrúar árgangsins voru Iwona Szurmiej, Díana og Guðbjörn Harðarson, sérkennari var Anna Thorlacius. Þroskaþjálfari var Matthildur Hrönn Matthíasdóttir og Una Birna Bjarnadóttir. Námsráðgjafi var Salvör Kristjánsdóttir.

## Markmið og helstu áherslur árgangsins

Aðaláhersla vetrarins var lögð á fjölbreytt og sjálfstæð vinnubrögð, unnið var eftir kennsluháttum „Vörður og vegvísir“ í íslensku og stærðfræði. Nemendur voru meðal annars þjálfaðir í að vinna saman tveir og tveir sem námsfélagar/spjallfélagar og studdu þannig hvor við annan. Markvisst var lögð áhersla á að nota tússtöflur bæði í innlögnum og í leiðsagnarmati. Einnig var lögð áhersla á samvinnu í samfélags- og náttúrufræði.

Í lestrarkennslu var lögð áhersla á daglegan heimalestur og orðaskrift í lotum.

Mikið var unnið með félagsfærni og samskipti með aðferðum „Uppeldis til ábyrgðar“, KVAN og Vaxandi hugarfars/„Growth mindset“.

## Kennsluhættir/skipulag kennslu

Íslenska og stærðfræði var kennd í hringekju samkvæmt aðferðinni „Vörður og vegvísir“, hugmyndfræði John Morris ásamt leiðsagnarmati. Í upphafi viku voru sérstakir innlagnartímar, í hvorri grein fyrir sig, þar sem markmið voru lögð inn og gerð sýnileg á námsvegg ásamt því að safna námsstöðum/hugmyndum nemenda á vegginn sem nýttust þeim í verkefnum vikunnar.

Áhersluþættir íslenskuhringekjunnar voru: Talað mál og hlustun, ritun, málfræði og lestur og bókmenntir. Heimalestur var 5x í viku ásamt heimaverkefnum í orðaskriftarbók 3x í viku, í lotum yfir veturinn.

Áhersluþættir stærðfræðihringekjunnar voru fjölbreytt verkefni tengd námsþáttum stærðfræðinnar, m.a. í gegnum leik, spil, þrautalausnir, ýmis forrit o.fl. Einnig var lögð áhersla á að nemendur ræddu mismunandi lausnaleyðir og skýrðu lausnaferli sitt fyrir öðrum, unnið var í anda leiðsagnarmats. Bæði í íslensku og stærðfræði var lögð áhersla á nám í gegnum hreyfingu.

Á vorönn var sameiginlegt lestrarátak á yngsta stigi sem lauk með uppskeruhátíð í hverjum árgangi fyrir sig. Í samfélags-

og náttúrufræðigreinum voru unnið fjölbreytt verkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni. M.a. var unnið eftir aðferðum söguaðferðar. Hvert viðfangsefni var kennt í lotum og samþætt öðrum námsgreinum. Unnið var þvert á bekkina í hópaverkefni um Örkina hans Nóa í samfélagsfræði. Það verkefni vakti athygli víðs vegar og nemendur notuðu eggjabakka við gerð arkarinnar.



## Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var fjölbreytt; sjálfsmat nemenda, leiðsagnarmat, umsagnir kennara og kannanir. Stöðluð lesfímipróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir skólaárið.

Niðurstöðum námsmats var safnað í ferilmöppur sem nemendur fóru reglulega með heim, t.d. eftir hvern námsþátt í stærðfræði eða að loknu lesfímiprófi. Jafnframt var vitnisburður og matskvarðar afhentir við skólalok í júní. Stærðfræðikannanir voru í lok hvers kafla bókar, auk janúar- og maí könnunar. Námsaðstæður og kannanir voru aðlagðar fyrir þá sem það þurftu. Lykilhæfni var metin í Mentor fyrir námsviðtöl í október og febrúar. Hæfniviðmið voru metin í Mentor í október, janúar og við lok skólaárs.

### Þróunarstarf/nýbreytni

Kennarar voru búnir að fara á námskeiðið Verkfærakistan hjá KVAN og nýttu sér það í kennslunni. Unnið var markvist með félagsfærni, vináttupjálfun, bekkjaranda, samvinnu, menningu, skólabrag, leiðtogavinnu, bekkjarstjórnun og hópefli og er markmiðið að vinna að forvörnum gegn einelti og annarri neikvæðri hegðun.

Á haustönninni tókum við þátt í FAST hetjuverkefni með öllu yngsta stigi. Verkefnið snýst um að kenna nemendum einkenni slags og rétt viðbrögð við því. Slag er skerðing á heilastarfsemi sem verður vegna truflunar á blóðflæði til heila. Þetta verkefni er þróað af mennta og félagsmálastefnudeild. Í þátttökuverðlaun fengu nemendur *ofurhetjupuff*.

Við byrjuðum að nýta okkur skipulagða bekkjafundi sem við fengum í gegnum þróunarverkefni sem átti sér stað í Flataskóla. Við fengum kynningu á því á menntadegi Garðabæjar. Þetta er bara á byrjunarstigi og munum við halda áfram þessari vinnu á næsta skólaári.

### Útikennsla/umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Farið var í ýmsar ferðir um Álftanes, m.a. fjöruferð, fuglaskoðunarferð, hjólaferð og stuttar ferðir í nágrenni skólans. Fyrir jólin var farið í heimsókn að Bessastöðum þar sem jólaljósirnir voru tendruð undir stjórn forseta Íslands.

Fórum á jazz tónleika hjá Tónlistarskólanum í Garðabæ tvisvar á þessu skólaári. Fyrstu tónleikarnir voru Jazzhrekur þann 25.október og síðan jólatónleikar 12.desember.

Þrátt fyrir að skólinn sé ekki lengur í grænánaverkefninu tókum við þátt í að hreinsa nærumhverfi skólans og flokka það sem tilfellur í skólastofunni. Aðaláherslan var alltaf að njóta þess að vera úti og vera hluti af nemendahópnum. Útikennsla var að jafnaði einu sinni í viku og þá var ýmist farið í gönguferðir um nágrenni skólans, leikir á skólalóðinni,



boltaleikir, frjáls leikur og ýmsar þrautir tengdar námsefni vetrarins.

Farið var í vettvangsferð á Alþingi 14.maí og fengin leiðsögn þar. Í sömu ferð voru helstu byggingar



miðbæjarins skoðaðar í tengslum við námsefnið Land og þjóð í samfélagsfræði. Farið var í Ráðhús Reykjavíkur, Hörpuna og gengið framhjá Stjórnarráðinu.

Þann 28.maí var farið í vorferð á Þingvelli og þar fengu nemendur leiðsögn um þjóðgarðinn. Þau fengu tækfæri til að

kynnast sögu Þingvalla og fóru meðal annars í reiptog til að líkja eftir þegar flekarnir gliðnuðu í sundur í almannagjánni. Við vorum heppinn með veður og enduðum á því að grilla pylsur og njóta saman á fallegu svæði á Þingvöllum.

### Lífsleikni

Unnið var eftir hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“, Vaxandi hugarfars/„Growth mindset“, vináttuverkefni Barnaheilla (Blær bangsi) og Verkfærakistu KVAN. Gerður var bekkjarsáttmáli í upphafi skólaárs og aðferðir uppbyggingarstefnunnar kenndar og nýttar til að leysa ágreiningsmál. Bekkjargundir voru haldnir vikulega og ýmis verkefni unnin, þ.á.m. kennslustundir úr Verkfærakistu KVAN.

Í tengslum við dag eineltis 8.nóvember var lesin sagan: Barn verður forseti eftir hann Björgvin Pál. Bókin snýst mikið um samskipti, framkomu og sjálfstjórn. Það sköpuðust góðar umræður og í lok bókar voru góð þjargráð sem allir geta nýtt sér. Einnig héldum við áfram að vinna með KVAN kennslustundirnar og fórum í gegnum eineltishringinn.

Brúðuleiksýningin „Krakkarnir í hverfinu“ sem var á vegum Barna- og fjölskyldustofu var sýnd þann 14.nóvember og í framhaldi af því voru umræður um ofbeldi í samvinnu við námsráðgjafa.

### Lokaverkefni í íslensku

Að vori unnu nemendur lokaverkefni í íslensku, bjuggu til ævintýri og notuðu til þess sögufjall, persónulýsingar og málsgreinar sem eru fyrirmyndarmálsgreinar. Þetta eru þeir þættir sem lögð var áhersla á í íslensku í 2.bekk.

### Skemmtanir og félagslíf

Haldið var upp á Hrekkjavökuna 31. október. 1. og 2.bekkur voru með sameiginlega stöðvavinnu þar sem boðið var upp á fjórar stöðvar og gátu nemendur labbað á milli stöðvanna og skemmt sér. Sameiginlegt jólaföndur var hjá 1. og 2.bekk í desember ásamt jólaskemmtun/litlu jólum. Öskudagur var haldinn hátíðlegur í íþróttahúsinu eins og venjan er. Leikfangadagur var síðasta föstudag hvers mánaðar. Árshátíð var haldin 22.mars og nemendur í 1. og 2.bekk sýndu Dýrin í Hálsaskógi og nemendur í 3. og 4.bekk voru með söngvakeppni og sungu valin lög. Skólalóðin var hreinsuð um miðjan maí.

### Foreldrasamstarf

Haustfundur með foreldrum var haldinn strax eftir skólasetningu. Foreldrum var boðið á sýningu barnanna á jólasveinavísu Jóhannesar úr Kötlum 8.desember og síðan í heimsókn og sameiginlegt kaffihlaðborð inn í skólastofur barnanna í framhaldi af því.

Einu sinni í viku voru vikupistlar með fréttum og áherslum árgangsins settir inn á Mentor. Upplýsingapóstur var sendir þess á milli ef þörf var á. Með jöfnu millibili fengu foreldrar sent yfirlit úr Mentor.is yfir stundvísi, heimalestur og orðaskrift.

Foreldrar aðstoðuðu nemendur við að útbúa veitingar á hlaðborð á árshátíð. Í lok skólaársins þann 31.maí var foreldrum boðið í heimsókn og nemendur voru með kynningar og sýningu fyrir foreldra á verkefnum sínum um Örkina hans Nóa og Land og þjóð í samfélagsfræði ásamt lokaverkefninu sínu í íslensku. Foreldrar mættu með veitingar á hlaðborð og við áttum notalega stund saman í lok skólaársins.

### Mat á starfi vetrarins

Mjög góð samvinna var milli heimilis og skóla varðandi lestrarþjálfun og var heimalestri almennt mjög vel sinnt. Markviss notkun námsveggja gekk mjög vel og studdu þeir vel við nám nemenda, ítarleg innlögn hjálpaði nemendum í vinnu sinni og gerði þá ábyrgari í náminu. Það sem gekk sérstaklega vel var m.a. hópaverkefnið í Örkinni hans Nóa, námsefnið Komdu og skoðaðu land og þjóð, lokaverkefni í íslensku og hin ýmsu verkefni í lífsleikni. Eins þótti okkur nemendur sýna miklar framfarir í þeim námsþáttum sem við kenndum á skólaárinu.



### Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

**Umsjónarkennarar:** Eyleif Þóra Heimisdóttir og Sandra Mjöll Andrésdóttir

Nemendur í 3. bekk voru 34 talsins í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Eyleif Þóra Heimisdóttir og Sandra Mjöll Andrésdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu árganginum voru: Björgvin Júníusson, Ragnar Elvar Arinbjarnarson, Samúel Ívar Árnason og Linda Thorlacius, íþróttir og sund, Ingunn Elísabet Víktorsdóttir, textílmennt, Nada Borosak, myndmennt, Nanna Björk Bárðardóttir smíði. Stuðningsfulltrúar árgangsins fyrir áramót voru: Katrín Jónína Gunnarsdóttir og Iwona Rokosz og stuðningsfulltrúar árgangsins eftir áramót voru: Katrín Jónína Gunnarsdóttir, Iwona Rokosz og Akayo Sigurður Alleyne. Þroskaþjálfari var Matthildur Hrönn Matthíasdóttir. Sérkennari var Anna Thorlacius.

### Markmið og helstu áherslur árgangsins:

Aðaláhersla vetrarins var lögð á fjölbreytt og sjálfstæð vinnubrögð, unnið var eftir kennsluháttum *Vörður og vegvísir* í íslensku og stærðfræði. Helstu áherslur í íslensku voru lestur, lesskilningur og ritun auk málfræði. Einnig voru nemendur þjálfaðir í að vinna saman tveir og tveir, sem námsfélagar/spjallfélagar og studdu þannig hvor við annan. Í öllum námsgreinum var lögð áhersla á samvinnu og sjálfsmat nemenda á vinnu sinni.

Í lestrarkennslu var lögð áhersla á daglegan heimalestur ásamt heimaverkefnum í orðaskriftarbók sem tengdust áherslum hverju sinni. Einnig var lögð áhersla á að nemendur lærðu gagnvirkan lestur sem notaður var bæði í skóla og í heimalestri.

Mikið var unnið með félagsfærni og samskipti með aðferðum *Uppeldis til ábyrgðar*, *KVAN* og *Vaxandi hugarfars*/Growth mindset að leiðarljósi. Áhersla var lögð á lýðræði þ.e.a.s. að nemendur hefðu eitthvað um sín mál að segja. Einnig var lögð áhersla á að nemendur lærðu að leysa vandamál sjálfir.

### Kennsluhættir/skipulag kennslu

Íslenska og stærðfræði var kennd í hringekju samkvæmt aðferðinni „Vörður og vegvísir“, hugmyndafræði John Morris ásamt leiðsagnarmati. Í upphafi viku voru sérstakir innlagnartímar, í hvorri grein fyrir sig, þar sem markmið voru lögð inn og gerð sýnileg á námsvegg ásamt því

að safna námsstoðum/hugmyndum nemenda á vegginn sem nýttust þeim í verkefnum vikunnar.

Áherslupættir íslenskuhringekjunnar voru: Talað mál og hlustun, ritun, málfræði, og lestur, lesskilningur og bókmenntir. Heimalestur var 5x í viku ásamt orðaskrift og gagnvirkum lestri í lotum yfir veturinn. Áherslupættir stærðfræðihringekjunnar voru fjölbreytt verkefni tengd námsþáttum stærðfræðinnar, m.a. í gegnum leik, spil, þrautalausnir, ýmis forrit o.fl. Einnig var lögð áhersla á að nemendur ræddu mismunandi lausnaleyðir og skýrðu lausnaferli sitt fyrir öðrum, unnið var í anda leiðsagnarmats. Bæði í íslensku og stærðfræði var lögð áhersla á nám í gegnum hreyfingu.

Á vorönn var sameiginlegt lestrarátak á yngsta stigi sem lauk með uppskeruhátíð í hverjum árgangi fyrir sig.

Í samfélags- og náttúrufræðigreinum voru unnin fjölbreytt verkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni. M.a. var unnið eftir aðferðum söguaðferðar. Hvert viðfangsefni var kennt í lotum og samþætt öðrum námsgreinum.

### **Námsmat/námsaðlögun**

Námsmat var fjölbreytt, sjálfsmat nemenda, kennaramat, umsagnir kennara og kannanir. Logos skimun var lögð fyrir allan árganginn. Unnið var úr henni með þeim hætti að þeir nemendur sem voru nálægt viðmiðum og undir þeim fengu sérstaka íhlutun og voru endurskimaðir að henni lokinni. Stöðluð lesfímipróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir þrisvar sinum yfir skólaárið og Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir tvisvar sinnum.

Stærðfræðikannanir voru lagðar fyrir eftir lok hvers kafla, auk miðsvetrarmats. Niðurstöðum námsmats var safnað í ferilmöppur sem nemendur fóru reglulega með heim t.d. eftir hvern námsþátt í stærðfræði eða að loknu lesfímiprófi. Leiðsagnarmat var notað markvisst til að leiðbeina nemendum um hvernig þeir gátu náð settum markmiðum. Lykilhæfni var metin í Mentor fyrir námsviðtöl í október og febrúar. Hæfniviðmið voru metin í Mentor í október, janúar og við lok skólaárs. Jafnframt var vitnisburður sendur heim við skólalok í júní. Námsaðstæður og kannanir voru aðlagðar fyrir þá sem það þurftu.

### **Þróunarstarf/Nýbreytni**

Nám í gegnum hreyfingu var fest enn betur í sessi. Unnið var markvisst með Verkfærakistu KVAN. Þar var unnið með félagsfærni, vináttupjálfun, bekkjaranda, samvinnu, menningu, skólabrag, leiðtogavinnu, bekkjarstjórnun og hópefli og með því unnið að forvörnum gegn einelti og annarri neikvæðri hegðun.

Haldið var námskeið fyrir foreldra þar sem kenndar voru aðferðir við gagnvirkan lestur sem unnið var með markvisst í skóla og heima.

### **Útikennsla/umhverfisfræðsla/vettvangsferðir**

Farið var í ýmsar ferðir um Álfstan, m.a. fjöruferð, fuglaskoðunarferð og stuttar göngu- og hjólaferðir í nágrenni skólans. Nær allan veturinn var útitími einu sinni í viku og ýmis verkefni unnin sem tengdust námsþáttum vetrarins, s.s. í íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og náttúrufræði. Aðaláherslan var alltaf að njóta þess að vera úti og vera hluti af nemendahópnum.

Útikennsludagurinn *Lesið í Nesið* var að hausti og var þá farið í fjöruferð með öllum skólanum. Nemendum var blandað í hópa þar sem þeir unnu í sameiningu að byggja sandkastala.

Farið var á Landnámssýninguna 874+/-2 í tengslum við námsefnið *Komdu og skoðaðu landnámið*. Gönguferðir voru farnar um Álfstanesið, s.s. að bera út blöðrum á „Kærleiksdaginn“ í hvert hús á Álfstanesi.

Á Margæsadaginn var farið í gönguferð þar sem fylgst var með margæsinni.

Farið var í vorferð á Náttúrustofu Kópavogs þar sem nemendur fengu fræðslu um þróun jarðar og lífríkis. Að því loknu var farið í Heiðmörk þar sem nemendur nutu sín í náttúrunni.

Í tengslum við Barnamenningarhátíð í apríl var nemendum boðið að koma í Minjagarðinn á Hofsstöðum við Kirkjulund þar sem nemendur fengu fræðslu um lífið í landnámsskálanum.

### Lífsleikni

Unnið var eftir hugmyndafræði *Uppeldi til ábyrgðar*, *Vaxandi hugarfars/Growth mindset*, *vináttuverkefni Barnaheilla* (Blær bangsi) og *Verkfærakistu KVAN*. Gerður var bekkjarsáttmáli í upphafi skólaárs og aðferðir uppbyggingarstefunnar kenndar og nýttar til að leysa ágreiningsmál. Bekkjargundir voru haldnir reglulega og ýmis verkefni unnin, þ.á.m. kennslustundir úr Verkfærakistu KVAN.

Sýnd var myndin Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá! frá Blátt áfram. Í framhaldinu voru umræður um kynferðislegt ofbeldi í samvinnu við forvarnarfulltrúa skólans. Nemendur fengu fræðslu frá Samtökunum 78.



### Skemmtanir og félagslíf

Lesið í nesið þar sem farið var í fjöruferð með skólanum. Sameiginlegt jólafondur var á yngsta stigi í desember. Kærleikar, þar sem unnið var með þörfina „gleði“ og jólaskemmtun. Nemendur fengu boð á jólastund í Tónlistarskóla Garðabæjar í desember. Öskudagur var haldinn hátíðlegur í íþróttahúsinu eins og venjan er. Leikfangadagur var síðasta föstudag hvers mánaðar. Í tengslum við þemaverkefnið *Komdu og skoðuðu himingeiminn* kom Sævar Helgi Bragason í heimsókn til okkar þar sem hann flutti lifandi kynningu og fræðslu um sólkerfið. Árshátíð nemenda var haldin í apríl á sal skólans. Nemendur í 3. og 4. bekk voru með söngvakeppni á sal þar sem bekkirnir fluttu vinsæl dægurlög. Á unglitadaginn unnu nemendur með vinabekk sínum, 8. bekk og að þessu sinni var unnið með þörfina öryggi.

### Foreldrasamstarf

Haustfundur með foreldrum var haldinn í beinu framhaldi af skólasetningu þar sem starf vetrarins var kynnt ásamt því að kynna þarfahringinn. Að hausti var lesskilningsnámskeið fyrir foreldra þar sem farið var yfir hvernig hægt er að efla lesskilning nemenda samhliða heimalestri og þeim kenndur gagnvirkur lestur. Lestrarfræðingurinn Auður Björgvinsdóttir og Anna Thorlacius sérkennari stóðu fyrir námskeiðinu. Tvisvar yfir skólaárið var foreldrum boðið í morgunheimsókn þar sem nemendur kynntu og sýndu verkefni vetrarins.



Einu sinni í viku voru birtir vikupistlar í Mentor með fréttum og áherslum árgangsins. Hefðbundin námsviðtöl voru tvisvar yfir skólaárið.

### Mat á starfi vetrarins

Starfið gekk almennt vel og nemendur voru almennt fljótir að aðlagast auknum námskröfum og nýjum kennurum. Námsárangur nemenda í lestri var með ágætum og var mjög góð samvinna milli heimilis og skóla varðandi lestrarþjálfun. Almenn ánægja var með lesskilningsnámskeið að hausti.

Það sem gekk sérstaklega vel var meðal annars: lokaverkefni í íslensku, heildstæðu móðurmálsverkefnið *Sjóræningjarnir í næsta húsi* og verkefnið um himingeiminn vakti mikla lukku meðal nemenda. Morgunheimsóknir foreldra heppnuðust mjög vel og komu foreldrar allra barna í bæði skiptin.

Það gafst mjög vel að hafa hálfan bekk í upplýsingamennt á móti bókasafnskennara þá náðu kennarar að aðstoða alla nemendur betur. Þetta fyrirkomulag var frá hausti og út janúar.

Heilt yfir gekk starf vetrarins vel.

## Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

**Umsjónarkennarar:** Brynhildur Svala Snorradóttir og Guðfinna Dröfn Aradóttir

Nemendur í 4. bekk voru 43, þegar mest var, í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Brynhildur Svala Snorradóttir og Guðfinna Dröfn Aradóttir. Aðrir kennarar sem kenndu árganginum voru: Björgvin Jóniússon, Ragnar Elvar Arinbjarnarson og Linda Thorlacius, íþróttir og sund, Ingunn Elísabet Víktorsdóttir textílmennt, Nada Borosak, myndmennt, Nanna Björk Bárðardóttir smíði, Sigrún Halldóra Andrésdóttir, heimilisfræði. Stuðningsfulltrúar árgangsins voru: Katrín Jónína Gunnarsdóttir, Davíð Þór Ásgeirsson og Sindri Snær Erlingsson. Þroskaþjálfari var Matthildur Hrönn Matthíasdóttir og sérkennari Anna Thorlacius.



### Markmið og helstu áherslur árgangsins:

Aðaláhersla vetrarins var lögð á fjölbreytt og sjálfstæð vinnubrögð, unnið var eftir kennsluháttum *Vörður og vegvísir* í íslensku og stærðfræði. Helstu áherslur í íslensku voru lestur, lesskilningur og ritun auk málfræði. Einnig voru nemendur þjálfaðir í að vinna saman tveir og tveir, sem námsfélagar/spjallfélagar og studdu þannig hvor við annan. Í öllum námsgreinum var lögð áhersla á leiðsagnarmat, samvinnu og sjálfsmat nemenda á vinnu sinni. Í lestrarkennslu var lögð áhersla á daglegan heimalestur ásamt heimaverkefnum í orðaskrifarbók sem tengdust áherslum hverju sinni. Einnig var lögð áhersla á að nemendur lærðu gagnvirkan lestur sem notaður var bæði í skóla og í heimalestri.

Mikið var unnið með félagsfærni og samskipti með aðferðum *Uppeldis til ábyrgðar*, *KVAN* og *Vaxandi hugarfars*/Growth mindset að leiðarljósi. Áhersla var lögð á lýðræði þ.e.a.s. að nemendur hefðu eitthvað um sín mál að segja. Einnig var lögð áhersla á að nemendur lærðu að leysa vandamál sjálfir.

### Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Íslenska og stærðfræði var kennd í hringekju samkvæmt aðferðinni „Vörður og vegvísir“, hugmyndfræði John Morris ásamt leiðsagnarmati. Í upphafi viku voru sérstakir innlagnartímar, í hvorri grein fyrir sig, þar sem markmið voru lögð inn og gerð sýnileg á námsvegg ásamt því að safna námsstoðum/hugmyndum nemenda á vegginn sem nýttust þeim í verkefnum vikunnar.

Áherslupættir íslenskuhringekjunnar voru: Talað mál og hlustun, ritun, málfræði, og lestur, lesskilningur og bókmenntir. Heimalestur var 5x í viku ásamt orðaskrift og gagnvirkum lestri í lotum yfir veturinn. Áherslupættir stærðfræðihringekjunnar voru fjölbreytt verkefni tengd námsþáttum stærðfræðinnar, m.a. í gegnum leik, spil, þrautalausnir, ýmis forrit o.fl. Einnig var lögð áhersla á að nemendur ræddu mismunandi lausnaleyðir og skýrðu lausnaferli sitt fyrir öðrum, unnið var í anda leiðsagnarmats. Bæði í íslensku og stærðfræði var lögð áhersla á nám í gegnum hreyfingu.

Á vorönn var sameiginlegt lestrarátak á yngsta stigi sem lauk með uppskeruhátíð í hverjum árgangi fyrir sig.

Í samfélags- og náttúrufræðigreinum voru unnin fjölbreytt verkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni. Hvert viðfangsefni var kennt í lotum og samþætt öðrum námsgreinum.

Í ensku var lögð áhersla á hlustun og ritun og að geta tjáð sig með einföldum orðasamböndum. Í upplýsingamennt var unnið í *chrometölvum* og spjaldtölvum. Áhersla var lögð á fingrasetningu, ábyrga netnotkun, ritvinnsluforrit og ýmis smáforrit.

### Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var fjölbreytt; leiðsagnarmat, sjálfsmat nemenda, kennaramat, umsagnir kennara og kannanir. Stöðluð lesfimiþróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir þrisvar sinum yfir skólaárið og Lesskilningsþrófið Orðarún var lagt fyrir tvisvar sinnum.

Stærðfræðikannanir voru lagðar fyrir eftir lok hvers kafla, auk reglulegra brottfararspjalda. Niðurstöðum námsmats var safnað í ferilmöppur sem nemendur fóru reglulega með heim t.d. eftir hvern námsþátt í stærðfræði eða að loknu lesfimiþrófi. Leiðsagnarmat var notað markvisst til að leiðbeina nemendum um hvernig þeir gátu náð settum markmiðum. Lykilhæfni var metin í Mentor fyrir námsviðtöl í október og febrúar. Hæfniviðmið voru metin í Mentor jafnt og þétt yfir skólaárið. Jafnframt var vitnisburður sendur heim við skólalok í júní. Námsaðstæður og kannanir voru aðlagðar fyrir þá sem það þurftu.

### Þróunarstarf/Nýbreytni

Námsefnið *Evolytes* var kennt í fyrsta sinn en það er námsefni í stærðfræði sem sameinar námsleik, námsbók og upplýsingakerfi til að bæta námsárangur barna. Nemendur unnu hvern kafla í bókinni fyrst, tóku svo könnun í námsleiknum og gátu þá í framhaldinu spilað tölvuleikinn þar sem markmiðið var að safna dýrum og þróa þau eftir framvindu leiksins.

*Typing* – forritið var notað til að kenna og þjálfra fingrasetningu. Kennarinn gat fylgst með framvindu nemenda á sínum aðgangi sem veitti nemendum gott aðhald.

Á yngsta stigi var fræðsluverkefnið FAST hetjur kennt. FAST hetjur er verðlaunað fræðsluverkefni sem kennir fólki að þekkja einkenni slags og rétt viðbrögð við því.

Yngsta stig tók þátt í verkefninu Jól í skókassa sem er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóm og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir.

### Útikennsla/umhverfisfræðsla/vettvangsferðir



Farið var í ýmsar ferðir um Álftanes, m.a. fjöruferð, fuglaskoðunarferð og stuttar göngu- og hjólaferðir í nágrenni skólans. Nær allan veturinn var útitími einu sinni í viku og ýmis verkefni unnin sem tengdust námsþáttum vetrarins, s.s. í íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og náttúrufræði. Aðaláherslan var alltaf að njóta þess að vera úti og vera hluti af nemendahópnum.

Útikennsludagurinn *Lesið í Nesið* var að hausti þar sem allur skólinn fór saman í fjöruferð og unnu sandkastalaverkefni í hópum.

Gönguferðir voru farnar um Álftanesið, s.s. að

bera út blöðrur á „Kærleiksdaginn“ í hvert hús á Álftanesi.

Á Margæsadaginn var farið í gönguferð þar sem fylgst var með margæsinni.

Í tengslum við Barnamenningarhátíð í apríl var nemendum boðið í smíðju á Hönnunarsafn Íslands þar sem nemendur fengu fræðslu um eldblóm og flugelda og fengu svo að búa til sín eigin eldblóm.

Í tengslum við Álftanessögu var farið í margar vettvangsferðir, hjólandi og gangandi um Álftanesið og sögulegir staðir heimsóttir, m.a. Bessastaðir, Skansinn, Jörfi og minnisvarði um Hausastaðaskóla, svo eitthvað sé nefnt. Í öllum ferðum fengu nemendur fræðslu um Álftanessögu. Á margæsadaginn var farið í hjólaferð og margæsinnar skoðaðar.

### Lífsleikni

Unnið var eftir hugmyndafræði *Uppeldi til ábyrgðar*, *Vaxandi hugarfars/Growth mindset*, *vináttuverkefni Barnaheilla* (Blær bangsi) og *Verkfærakistu KVAN*. Gerður var bekkjarsáttmáli í upphafi skólaárs og aðferðir uppbyggingarstefnunnar kenndar og nýttar til að leysa ágreiningsmál. Bekkjjarfundir voru haldnir vikulega og ýmis verkefni unnin, þ.á.m. kennslustundir úr *Verkfærakistu KVAN*.

Hjúkrunarfræðingur kom inn í bekkina með fræðslu um slysavarnir ásamt fræðslu um kvíða.



Nemendur í 4. bekk tóku þátt í leikjaleiðtogaverkefninu en bekkirnir völdu sína fulltrúa til að stjórna leikjum frímínútu. Matthildur Þroskaþjálfari vann með fámenna hópa í vináttufærni yfir skólaárið.

### Skemmtanir og félagslíf

Tekið var markvisst þátt í Hrekkjavökunni þetta árið. Þriðji og fjórði bekkur skemmtu sér saman uppáklædd í búninga. Boðið var upp á bíómynd, fönður, andlitsmálningu o.fl. Samkvæmt venju sýndu nemendur 4. bekkjar helgileikinn „Jólaguðspjallið“ í sal skólans. Nemendur sýndu tvisvar sinnum. Í fyrra skiptið var sýning fyrir foreldra og skólahópa leikskólanna og í það seinna fyrir nemendur yngsta stigs. Sameiginlegt jólaföndur var hjá 3. og 4. bekk í desember ásamt því að hittast á sal og horfa á jólabíó. Kærleikar voru haldnir þar sem unnið var með þörfina „gleði“.

Öskudagur var haldinn hátíðlegur í íþróttahúsinu eins og venjan er. „Kötturinn“ sleginn úr



tunnunni og foreldrafélagið var með öskudagsskemmtun seinna um daginn. Árshátíðir nemenda voru haldnar samkvæmt venju. Þriðji og fjórði bekkur voru saman með atriði á sal sem þau sýndu fyrir yngri nemendur.

„Litla upplestrarkeppnin“ var haldin í 32. sinn og tóku allir nemendur 4. bekkjar þátt í undirbúningi og lokahátíð þar sem foreldrum og nemendum 3. bekkjar var boðið. Reglulega yfir skólaárið var samsöngur á sal þar sem allir nemendur og starfsfólk komu saman og sungu nokkur lög.

Vorferðin var farin á Hvaleyrarvatn. Þar var

farið í ratleik, leikið úti í náttúrunni og grillaðar pylsur til hádegisverðar.

Leikfangadagur var síðasta föstudag hvers mánaðar.

### Foreldrasamstarf



Haustrfundur með foreldrum var haldinn í beinu framhaldi af skólasetningu þar sem starf vetrarins var kynnt.

Foreldrum var boðið á sýningu á Helgileiknum sem og á lokahátíð Litlu upplestrarkeppinnar. Samstarf var við foreldra í verkefninu Jól í skókassa en foreldrar voru börnum sínum innan handar við að velja hluti sem þau lögðu í verkefnið.

Einu sinni í viku voru birtir vikupistlar í Mentor með fréttum og áherslum árgangsins.

Hefðbundin námsviðtöl voru tvisvar yfir skólaárið.

Samskipti við foreldra voru einstaklega góð og jákvæð.

### Mat á starfi vetrarins

Starfið gekk almennt vel og nemendur voru almennt fljótir að aðlagast auknum námskröfum. Námsárangur nemenda í lestri var með ágætum og var mjög góð samvinna milli heimilis og skóla varðandi lestrarþjálfun.

Heimsóknir foreldra á viðburði hjá nemendum heppnuðust vel og mæting mjög góð.

Það sem gekk sérstaklega vel var meðal annars lokaverkefni í íslensku þar sem nemendur skrifuðu sögu að eigin vali. Skipulag á kennslu varðandi Álftanessögu heppnaðist einstaklega vel en lögð var áhersla á vettvangsferðir og nám í gegnum upplifun.

Það gafst mjög vel að hafa hálfan bekk í upplýsingamennt á móti bókasafnskennara enda bekkirnir kröfuharðir. Þetta fyrirkomulag var frá hausti og út janúar, hefði mátt vera út skólaárið.

Mikil ánægja var með heimastofur bekkjanna og þau rými sem fylgdi þeim og nýttust rýmin mjög vel til að vinna með einstaklingum og minni hópum.



Samstarf við þroskaþjálfva var mjög gott og var þroskaþjálfvi mikill stuðningur við að finna lausnir og úrræði varðandi ákveðna nemendur ásamt því að vinna mikilvægt starf með nemendum. Nemendahópurinn var mjög kröftugur og með margar ólíkar þarfir. Með góðri samvinnu milli kennara, foreldra, þroskaþjálfva, sérkennara og stuðningsfulltrúa tókst vel að halda utan um hópinn og sinna þörfum hans.

### Miðstig

#### Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

**Umsjónarkennarar:** Atli Viðar Gunnarsson og Rakel Margrét Viggósdóttir

Nemendur í 5. bekk voru 35 talsins í byrjun skólaárs en enduðu 37 talsins.

Byrjað var með allan hópinn í einni stofu en um áramótin var bekkjunum skipt í tvær stofu. Umsjónarkennarar voru Rakel Margrét Viggósdóttir og Atli Viðar Gunnarsson. Sérkennari var Katrín Sæland, þroskaþjálfvi var Una Birna Bjarnadóttir og stuðningsfulltrúar voru 2, Guðbjörn Harðarson og Sigurður. Aðrir kennarar sem komu að árganginum voru Ingunn Elísabet Viktorsdóttir textill, Nanna Bárðardóttir smíði, Nada Borosak myndlist. Íþrótt- og sundkennsla var í höndum Lindu B. Thorlaciusar, Ragnars Arinbjarnasonar og Björgvins Júníussonar. Fjölgreinar kenndu, Ragnar, Þorgerður, Katrín og Nanna.

**Stærðfræði:** Kennsluhættir í stærðfræði byggðu á leiðsagnarnámi þar sem áhersla var á samræður og spurningar í byrjun kennslustunda. Settur var upp námsveggur til að styðjast við. Unnið var markvisst í námsbókum og efni fundið fyrir þá sem ekki réðu við námsefnið og þá sem sköruðu framúr (fengu 6.bekkjjar efni).

**Námsmat:** Leiðsagnarnám, upprifjun, kafla-og lokapróf.

**Námsbækur:** Stika 1a og 1b, bæði nemenda-og æfingahefti. Auka vinnublöð til að skerpa á því sem þurfti.

#### Íslenska:

Í íslensku var mikið unnið með áherslu á verkefni tengd lestri og lesskilngi í ólíkum myndum, unnið var með málfræði, stafsetningu og ritun tengd kennsluháttum rætt til ritunar.

**Námsmat:** Nemendur voru metnir með allskyns verkefnum sem tengdust yfirferð hverju sinni. Stuttar kannanir voru lagðar fyrir nemendur og valin verkefni metin.

**Námsbækur:** Orðspor 1, Fyrsti smellur, Kennarinn sem hvarf, Varúð-Hér býr vampíra, Varúð-Hér býr norn og ýmis valin aukaefni.

**Enska:** Unnum í Yes we can sem er bæði lesbók og vinnubók. Nýttum einnig vefinn sem fylgir. Enduðum flesta tíma á munnlegum æfingum úr orðaforða úr köflunum sem verið var að vinna með hverju sinni. Nemendur glósuðu orð úr lesbókinni (og flókin orð sem upp komu í tímunum) í lok hvers tíma. Þessa glósubók máttu nemendur nota glósuprófum sem voru við lok hvers kafla.

Unnum málfræðihefti (málfræðiæfingar 1-10). Innlögn og svo unnu nemendur sjálfstætt og með aðstoð kennara. Nemendur unnu svo 10 blaðsíðna próf þar sem þau máttu nota gögnin úr málfræðiheftinu sér til stuðnings.

**Námsmat:** Glósupróf í lok hvers kafla, gagnapróf úr málfræðiheftinu. Vinnusemi og virkni í tímum, farið yfir námsgögn reglulega og reynt að fá nemendur til að vinna skipulega.

**Námsefni:** Yes we can og málfræði 1-10.

**Lífsleikni:** Unnið var með uppeldi til ábyrgðar þar sem farið var í þarfir, gerður sáttmáli og hlutverk skilgreind. Lífsleiknitímar voru einnig nýttir í að fara yfir það sem þurfti að bæta í hegðun og líðan.

Unnið með Ertu? og tekið á málefnum sem upp komu hverju sinni. Mikið spjallað, bekkjarfundir og settum okkur sameiginleg markmið.

**Námsefni:** Ertu? Videó og ýmis verkefnablöð.

#### **Náttúrufræði:**

**Námsefni:** Náttúrulega.

*Mannslíkaminn* – helstu líffærakerfi líkamans. Umræður, líkön, skoðun og virkni á eigin líkama, verkefni og myndbönd.

Nemendur útbjuggu þríblöðung þar sem þeir kynntu ákveðið líffæri.

*Tækni og nýsköpun* – einfaldar vélar, tæki í þágu vísinda og nýsköpunarferli.

Umræður og myndbönd

*Skin og skúrir* – hafstraumar, lofthjúpur, hvolf, gróðurhúsaáhrifin, loftslagsbreytingar og veður. Myndbönd og verkefni

**Námsmat** : Virkni í tímum og í hópavinnu, verkefnaskil

#### **Samfélagsfræði:**

Í landafræði var unnið með námsefnið Ísland – Hér búum við. Lesbókin var lesin í skólanum og nemendur unnu valin verkefni úr vinnubók. Endað var á hópavinnu þar sem hver hópur fékk úthlutaðan landshluta og vann hópurninn veggspjald og texta um landshlutann.

Lokaafurðin var hópverkefni þar sem nemendur unnu hvert með sinn landshluta og kynntu svo afraksturinn fyrir foreldrum.

**Námsefni:** Ísland, Hér búum við.

**Námsmat:** Metin lykílfærni í tímum, verkefnavinna, lokaverkefni og ástundun í hópavinnu.

**Smiðja:** Í haust var árgangnum skipt upp í nokkra hópa. Hver hópur fór 5x í smiðju til Guðbjargar á bókasafninu að vinna með efni tengt lestri.

**Valfrelsi:** Nemendur miðstigs voru í valfrelsi þar sem kennarar buðu upp á ólík viðfangsefni. Tíminn var í 60 mínútur á mánudögum.

#### **Ferðir, kynning og fyrirlestrar:**

##### **Skemmtanir og félagslíf**

September: Gróðursetning í Heiðmörk.

Nóvember: Kærleikar, vínahittingur og gengið í hús með falleg skilaboð.

Desember: Fengum popp og horfðum á bíómynd í skólanum

Mars: Fræða í Tónlistarskóla Garðabæjar þar sem Gunnar Helgason og Felix Bergsson réðu för.

Apríl: Ritsmiðja í Bókasafni Garðabæjar, Bergrún Íris.

Mái: Vorferð á Hvaleyrarvatn þar sem fórum í ratleik, vaða í vatninu og hafa gaman saman

### **Mat á starfi vetrarins**

Við umsjónarkennarar tókum við hópnum sl. haust. Við byrjuðum á að vera með árganginn saman í stóru rými. Það gekk ágætlega en okkur fannst við ekki ná almennilega utan um hópinn og þá sérstaklega þá nemendur sem þurftu auka aðstoð. Það var þá tekin ákvörðun um að skipta bekkjunum upp í sitthvora stofuna. Það var strax mikill munur og töluvert auðveldara að ná til hópsins. Við unnum mikið með hugarfar nemenda enda kröftugur hópur. Við náðum vel til krakkanna og þau treystu á okkur. Við fundum að nemendur vildu standa sig og var gaman að fylgjast með þeim vinna hin ýmsu verkefni og gera það með sóma. Auðvitað eru alltaf einhverjir sem eiga erfitt með að koma sér að verki eða rekast auðveldlega á í samskiptum en við tókum á því hverju sinni. Heilt yfir þá gekk vel hjá okkur, við fundum fyrir mikilli ánægju bæði hjá foreldrum og nemendum. Við erum ánægð með veturinn og hvernig til tókst.

Þessi hópur þarf mjög skýran ramma en jafnframt þurfa þau líka að geta spjallað við kennarann sinn og hlegið með honum. Þau þurfa að vita hvar þau hafa kennarann sinn og finna að hann er með þeim í liði. En ramminn þarf sem áður segir að vera mjög skýr.

### **Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk**

**Umsjónarkennarar:** Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir og Sigríður Sif Grímsdóttir

Nemendur í 6. bekk voru 24 í byrjun vetrar en enduðu í 26 og voru þeir allir sem ein heild. Kennt var í opnu rými á þriðju hæð með 2 umsjónarkennara, Guðrúnu Ólafíu Þorleifsdóttu og Sigríði Sif Grímsdóttur. Stuðst var við hæfniviðmið og markmið kennsluáætlunar sem birt var á Mentor. Um sérkennslu í íslensku sá Katrín Sæland. Í byrjun vetrar var sérkennari í stærðfræði Guðrún Anna Kjartansdóttir alls 3 kennslustundir á viku en var hún tekin af árganginum vegna annarra verkefna í byrjun árs. Stuðningsfulltrúi var Sindri Snær. Proskapjálfi var Una Birna Bjarnadóttir en mat hún stöðuna á því hver af hennar skjólstæðingum þurfti á hennar aðstoð að halda hverju sinni.

Aðrir kennarar sem komu að árganginum voru Ingunn Elísabet Víktorsdóttir textill og fjölgreinar, Nanna Bárðardóttir smíði, Nada Borosak myndlist, Samúel Ívar Árnason fjölgreinar og Ragnar Arinbjarnarson fjölgreinar, Una Birna Bjarnadóttir fjölgreinar. Íþrótt og sundkennsla var í höndum Lindu B. Thorlaciusar, Björgvins Júníussonar og Ragnars Arinbjarnarsonar.

### **Markmið og helstu áherslur árgangsins**

Stuðst var við hæfniviðmið og markmið Aðalnámskrár grunnskóla við skipulagningu kennslunnar.

### **Kennsluhættir/Skipulag kennslu**

**Stærðfræði:** Skipulag kennslunnar tók mið af leiðbeinandi kennsluháttum og byrjaði hver nýr náspáttur á innlögnum, sameiginlegri upprifjun, þraut, farið yfir brottfararspjöld eða stuttar kannanir með áherslu á samvinnu spjallfélaga og umræðna um aðferðir og mögulegar lausnir

áður en nemendur hófu vinnu við dæmablöð sem unnin voru upp úr Stiku 2a og 2b. Settur var upp námsveggur fyrir nemendur til að styðjast við.

Námsmat: Brottfaraspjöld og mat í gegnum leiðbeinandi kennsluhætti í hverri kennslustund til að fylgjast með framvindu. Forkannanir viku fyrir lokapróf og svo lokapróf úr hverjum tveimur viðfangsefnum í einu.

Námsbækur: Dæmablöð unnin upp úr Stiku 2 A og B nemendabók.

**Íslenska:** Skipulag kennslunnar byggði á leiðbeinandi kennsluháttum. Misjafnt eftir því hvaða námsefni lá fyrir hverju sinni hvernig kennslu var háttað. Nýttum spjallfélaga og samræður. Mikil áhersla var lögð á lestur og lesskilning og skiptum við hópnum niður í 3 hópa í 6 vikur á hvorri önn í 30 mín. fjórum sinnum í viku í pals og aðra lestarþjálfun. Amboð úr Vörðum og vegvísunum voru sett á námsvegg.

Námsmat: Nemendur fengu endurgjöf eftir ákveðin verkefni og önnur verkefni svo metin til einkunna.

Námsbækur: Orðspor 2, Annar smellur, Málrækt 2, Friðbergur forseti, Ofurhetjan, ásamt ýmsu aukaefni sem var ljósritað.

**Enska:** Kennsluefnið byggir á hlustun, lesskilningi, ritun og málfræði sem er byggt inn í kaflana. Hver kafli endar á opnum verkefnum eða áskorun.

Námsmat: Lagðar voru fyrir kannanir í eftir 3 kafla.

Námsbækur: Lokið við Yes we can 5, Yes We Can 6.

**Lífsleikni:** Unnið var með Uppeldi til ábyrgðar; bekkjarsáttmála, mitt og þitt hlutverk og þarfir. Haldnir voru bekkjarfundir ásamt því að farið var í vináttuþjálfun í KVAN auk annarra hópeflisleikja. Umræður eftir þörfum hverju sinni.

Námsmat: Lykilhæfni.

### **Samfélagsfræði:**

Kennari og nemendur lásu um Norðurlöndin og unnin voru verkefni í tengslum við það. Í lokin unnu nemendur stórt hópavinnuverkefni um hvert land og foreldrum boðið á kynningu. Lesin var Snorrasaga og unnin stutt verkefni meðfram lestri.

Námsbækur: Norðurlönd og Snorrasaga.

Námsmat: Lykilhæfni í öllum greinum, hópavinna í Norðurlönd, verkefnavinna í Snorrasögu, kennaramat og jafningjamat í hópavinnu. Við komumst ekki yfir trúarbragaðafræði og stefnum á að byrja á henni strax næsta haust.

### **Náttúrufræði:**

Helstu námsþættir vetrarins voru; plöntur, líkaminn, geimurinn, kraftar og vatn. Hverjum námsþætti voru gerð skil með samlestri kennara og nemenda úr námsbók, sýnikennslu, veraldarvef, myndböndum, glærum, umræðum og skriflegum og/eða verklegum verkefnum. Leitast var við að tengja námsefnið við raunheim nemenda, daglegt líf, eins og hver námspáttur býður uppá hverju sinni en þeir eru mjög ólíkir þó þeir séu tengdir á margan máta. Nemendur unnu ýmist einstaklingslega að verkefnum, í hópum eða pörum.

Námsbækur: Náttúrulega 2

Námsmat: Lykilhæfni, verkefni unnin í tíma einstaklings-, hóp- eða paravinnu, vinnubók, kynningar nemenda, kalt og heitt mat, stuttar kannanir.

### **Valfrelsi:**

Umsjónarkennarar í 6. bekk voru saman með valfrelsi þar sem þeir vorum með ýmis borðspil ásamt venjulegum spilum. Markmiðið með tímunum var að spila saman og kynnast fleirum.

### **Vettvangsferðir og heimsóknir**

Við settum okkur markmið að reyna að fara í eina ferð í mánuði og stóðst það nokkurn vegin.

Ágúst: Árbæjarsafnið

Sept: Sögusafnið

Nóv: Orkuveitan Elliðarárdalur

Des: Alþingi  
Jan: Vísindasmiðjan  
Feb.: Hvar er Valli í Bókasafni Garðabæjar  
Apríl: Skíðaferð, Kjarvalstaðir  
Maí: Vinnumorgun í Húsdýragarðinum  
Vorferð: Sund í Kópavogslaug og grillað hjá Sif

### **Mat á starfi vetrarins:**

Mat kennara er að veturinn gekk mjög vel, telja kennarar að þeir hafi náð tökum á þeim anda og þeim vinnubrögðum sem einkenndu hópin þegar þeir tókum við honum í 5. bekk. Að fara í opna rýmið á þriðju hæð reyndist vera mikið gæfuspor þar sem styrkleikar hvors kennara fyrir sig fengu að njóta sín. Það náðist ekki að ljúka öllum þeim markmiðum sem sett voru í byrjun vetrar en þó var farið yfir meirihlutann og eru kennarar ánægðir með heildarútkommu vetrarins.

### **Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk**

**Kennarar:** Hildur Karlsdóttir og Ingunn Óladóttir

Nemendur í 7. bekk voru 32 í byrjun vetrar en enduðu í 31 og skiptust þeir þannig að 16 nemendur voru í 7.IÓ og 16 og síðar 15 nemendur í 7.HK. Í byrjun vetrar voru bekkirnir í stofum 207 og 208. Um miðjan janúar færðist hópurinn allur saman í eitt rými á þriðju hæð skólans þar sem þeim var samkennt. Umsjónarkennarar voru Hildur Karlsdóttir og Ingunn Óladóttir. Sérkennari var Katrín Sæland og stuðningsfulltrúar Alex Wheeler og Sigurður Alleyne .

Aðrir kennarar sem komu að árganginum voru Jóna Karólína Karlsdóttir í náttúrufræði, Þorgerður Elín Brynjólfsdóttir í dönsku og fjölgreinum, Ingunn Elísabet Viktorsdóttir textíll, Nanna Bárðardóttir smíði, Nada Borosak myndlist, Ragnar Elvar Arinbjarnarson fjölgreinar og Samúel Ívar Árnason fjölgreinar. Í vali kenndu Anna Svanhildur Daníelsdóttir, Sigríður Sif Grímsdóttir, Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir, Atli Viðar Gunnarsson, Raket Margrét Viggósdóttir, Samúel Ívar Árnason og Ragnar Elvar Arinbjarnarson.

Íþrótt- og sundkennsla var í höndum Lindu B. Thorlaciusar, Björgvins Júníussonar, Ragnars Arinbjarnarsonar og Samúels Ívars Árnasonar

### **Markmið og helstu áherslur árgangsins**

Stuðst var við hæfniviðmið og markmið Aðalnámskrár grunnskóla við skipulagningu kennslunnar.

### **Kennsluhættir/Skipulag kennslu**

**Stærðfræði:** Skipulag kennslunnar tók mið af leiðbeinandi kennsluháttum og byrjaði hver kennslustund á innlögn, sameiginlegri upprifjun og spjallfélagavinnu. Nemendur völdu svo í framhaldinu dæmablöð í þremur þyngdarstigum eftir stöðu hvers og eins í viðfangsefninu. Settur var upp námsveggur fyrir nemendur til að styðjast við.

**Námsmat/leiðsagnarmat:** Þegar nemendur höfðu lokið vinnu við tvö viðfangsefni eða kafla tóku þeir forkönnun úr efninu sem þeir tóku svo heim með sér til undirbúnings undir lokapróf úr námsefninu eftir hverja tvo kafla. Eftir forkönnun fengu nemendur bæði upprifjun í skóla og svo æfingar til að vinna heima. Viku síðar var lokapróf úr efninu. Kennari lagði einnig fyrir brottfararspjöld af og til til að taka stöðuna og aðlaga kennsluna eftir þörfum hópsins en slíkt mat gat líka átt sér stað áður en nemendur hófu vinnu í dæmablöðum. Eftir að nemendur höfðu lokið lokaprófi fengu þeir heim kvarða með niðurstöðu, gátu farið betur yfir það sem þeir höfðu enn ekki náð og leiðrétt prófið nokkru síðar.

**Íslenska:** Skipulag kennslunnar byggði á leiðbeinandi kennsluháttum. Áhersla var á lestur og ritun. Lesnar voru tvær bækur með nemendum og unnið með orðaforða, lesskilning, lykilorð og endursögn. Í ritun var áhersla á að vinna með ferli sem kallast Rætt til ritunar (Talk for Writing), sem kennarar árgangsins hafa setið námskeið í sem og unnið þróunarverkefni og þýtt efni. Í því ferli var lögð áhersla á bókagagnrýni og sögusköpun. Inn í ferlið var fléttað

stafsetningaræfingum, skrifaræfingum og málfræðiæfingum þar sem unnið var með texta nemenda. Settur var upp námsveggur til að styðjast við eftir því sem við átti. Mikið unnið með lestur og lesskilning í paravinnu með áherslu á Pals og gagnvirkan lestur. Nemendur lásu léttlestrarbækur og unnu í meðfylgjandi vinnubókum.

**Námsmat:** Stærri verkefni nemenda, sem voru bókagagnrýni og tröllasaga, voru metin eftir að nemendur höfðu fengið endurgjöf og tækifæri til að bæta þau.

**Námsbækur:** Akam, ég og Annika, Friðbergur forseti, Þriðji Smellur, léttlestrarbækur með vinnubókum, valdir stafsetningatextar og valdir textar frá nemendum.

**Enska:** Nemendur unnu eftir áætlun frá kennara. Í byrjun hvers kafla var farið í markmið og unnar í sameiningu hlustunaræfingar en síðan gátu nemendur unnið efnið á sjálfstæðan hátt. Til þess að tryggja að nemendur læsu efnið í lesbók þurftu þeir að vinna lítið hefti með hverjum kafla sem útbúið var af kennurum og notað var meðfram vinnu í vinnubók.

**Námsmat:** Próf úr efni hvers kafla fyrir sig, orðalistar (heitt og kalt mat).

**Námsbækur:** Yes We Can 7, lesbók og vinnubók, vinnuhefti frá kennara.

**Danska:** Unnið var með bókina Start, les- og vinnubók. Einnig voru valin verkefni frá kennara. Nemendur voru þjálfaðir í ritun, hlustun og lestri. Horft var á þættina Skyldig, 3. þáttaröð og útbjuggu nemendur verkefni byggðu á þáttaröðinni.

**Námsmat:** kannanir, ritun, hlustun.

**Námsbækur:** Start, les- og vinnubók, ásamt efni frá kennara, [www.dr.dk](http://www.dr.dk).

**Lífsleikni:** Unnið var með Uppeldi til ábyrgðar, áherslur samkvæmt námskrá fyrir 7 bekk, Unnið með fyrstu tvo kaflana í bókinni Ég og sjálfmyndin, hópefli og umræður um góð samskipti. Undir lok vetrar var hópnum skipt í þrjá hópa og haldnir bekkjarfundir þar sem tekin voru fyrir samskiptamál sem komu upp hverju sinni.

**Samfélagsfræði:** Í byrjun vetrar lærðu nemendur um söguna frá 1500 – 1900. Farið var yfir efnið á glærum sem voru unnar upp úr kennslubókinni Sögueyjan 2. Kennarar studdust við glæurnar og sögðu nemendum frá efninu, samhliða þeirri yfirferð voru unnin hugarkort úr efninu og nemendur skráðu hjá sér athyglisverð atriði og spurningar á meðan þeir hlustuðu. Því næst var trúarbragðafræði tekin fyrir þar sem nemendur skiptu með sér ólíkum trúarbrögðum og kynntu sér uppruna trúarbragðanna. Á þessu tímabili kom kennaranemi að hópnum og hóf vinnuna með skemmtilegri nálgun. Að lokum var farið yfir námsefni bókarinnar Evrópa á glærum. Í framhaldi unnu nemendur í þörum verkefni sem tengdust Evrópu á einhvern hátt. Val á viðfangsefni var mjög opið, bæði hvað varðar umfjöllunarefnið og framsetningu. Nemendur unnu einnig valin verkefni úr vinnubók í heimavinnu.

**Námsbækur:** Evrópa, Sögueyjan 2 og námsvefurinn Trúarbragðavefurinn.

**Námsmat:** Metin lykilhæfni og afrakstur hópavinnu.

**Náttúrufræði:** Helstu námsþættir vetrarins voru: Fjölbreytt fána- hryggdýr/hryggleysingjar, Jarðfræðilega – saga og uppbygging jarðar, ytri og innri öfl, Kynproski og erfðafræði – æxlunarferin, að vera kynvera, hvað gerir okkur að okkur. Hverjum námsþætti gerð skil með samlestri kennara og nemenda úr námsbókum, feltbók, veraldarvef, myndböndum, glærum, umræðum og skriflegum og/eða verklegum verkefnum.

Leitast við að tengja námsefnið við raunheim nemenda, daglegt líf, eins og hver námsþáttur býður uppá hverju sinni en þeir eru mjög ólíkir þó þeir séu tengdir á margan máta. Höfðað til ábyrgðar nemenda hvað varðar heilbrigt lífni og umhverfi og hvatt m.a. til flokkunar úrgangs í kennslustofu. Nemendur unnu ýmist einstaklingslega að verkefnum, í hópum eða þörum.

**Námsbækur:** Náttúrulega 3, les- og verkefnablöð, Auðvitað – jörð í alheimi

**Námsmat:** Lykilhæfni, verkefni unnin í tíma einstaklings-, hóp- eða paravinnu, vinnubók, kynningar nemenda, kalt og heitt mat, stuttar kannanir.

## Vettvangsferðir og heimsóknir

### Haustönn:

- Fórum á Reyki í september
- Göngum í skólann með vinabekkjum (2.bekkur)

- Perlað með Krafti – vinabekkir hittast (forvarnarvika)
- Vettvangsferðir í nærumhverfi skólans
- Hjólaferð í tengslum við náttúrufræði
- Kærleikar – unnin verkefni með vinabekk, spil
- Borgarferð í desember þar sem við skoðuðum nokkrar sögulegar byggingar og enduðum á kaffihúsi.
- Í nóvember las Bjarni Fritz upp úr bókinni sinni Orri óstöðvandi, jólin eru að koma.

#### **Vorönn:**

- Bekkjarmyndataka
- Skíðaferð í apríl
- Stóra Upplstrarkeppnin í apríl
- Árshátíð í mars
- Unglistadagar – unnið með vinabekk með öryggisþörfina.
- Margæsardagurinn í maí
- Ferð á Hönnunarsafnið þar sem nemendur fengu kynningu á íslenskri hönnum.
- Vorferð í Skemmtigarðinn
- Grill og leikir
- Vorleikar síðasta kennsludaginn

**Fræðsla** – engin fræðsla í vetur

#### **Uppbrot í kennslu**

- Vorum með eina kennslustund á viku sem við kölluðum Smiðju. Í þeim tímum unnum við með heimspekileiki og skapandi verkefni.
- Byrjuðum veturinn og enduðum á útileikjum.

#### **Mat á starfi vetrarins**

Veturinn gekk nokkuð vel. Við náðum að halda vel rúttinu og komumst yfir nánast allt það námsefni sem lagt var upp með fyrir veturinn. Hópurinn er krefjandi og margir sem þurfa mikla aðstoð varðandi nám og hegðun. Af þessum ástæðum var ákveðið að fara úr tveimur kennslustofum í eitt rými til að kennarar hefðu betri stuðning af hvor öðrum og til að samnýta aðra starfsmenn sem komu að árganginum. Mikil orka fór í agamál í vetur og stuðningur fór meira í börn með agavandamál en þau með námsvanda.

#### **Fjölgreinar á miðstigi**

##### **5.bekkur - fjölgreinar**

#### **Hreyfing og leikir**

**Kennari:** Ragnar Elvar Arinbjarnarson

#### **Kennsluhættir/Skipulag kennslu/Skipting hópa**

Nemendur fengu einn tíma á viku í fjölgreininni *hreyfing* og kennt var á miðvikudögum. Nemendum innan árgangsins var skipt upp í 10 – 11 manna hópa og þeim kennt í þrem lotum. Hver kennslustund var 60 mínútur í senn.

#### **Helstu markmið**

Að nemandinn geti;

- farið eftir fyrirmælum
- tekið tillit til annarra
- verið virkur í hópastarfi



### Helstu viðfangsefni

Í vetur fórum við í ýmsa leiki og lögð var áhersla á að styrkja góð samskipti og samheldni meðal nemenda. Í upphafi fengu nemendur að koma með uppástungur um hvað þeir vildu fá að gera. Kennari tók tillit til þess og setti upp skipulag með þeirra óskir til hliðsjónar. Dæmi um kennslustundir voru: spílatími, út á battavöll/körfuboltavöll, heimsókn í Elítuna, bakstur og feluleikur svo eitthvað sé nefnt.

### Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Tekið var mið að frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Í lokin fengu nemendur umsögn frá kennara.

### Mat á starfi vetrarins

Tímarnir gengu nokkuð vel fyrir sig og nemendur virtust vera glaðir. Það skapaðist skemmtileg stemming og umræða meðal nemenda. Kennari tók ákvörðun um að kynjaskipta hópunum sem reyndist vera mjög gott og nemendur ánægðir með það. Stelpurnar fengu að njóta sín vel þar sem þær eru í minnihluta í árgangnum.

### Félagsfærni

**Kennari:** Þorgerður Elín Brynjólfsdóttir

#### Kennsluhættir/skipulag kennslu/skipting hópa

Nemendur fengu einn tíma á viku í fjölgreininni *félagsfærni* og kennt var á miðvikudögum. Nemendum innan árgangsins var skipt upp í 9 – 11 manna hópa og þeim kennt í fjórum lotum. Hver kennslustund var 60 mínútur í senn.

### Helstu markmið

Að nemandinn geti;

- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum
- sett sig í fótspor annarra
- sýnt virðingu og sanngirni í samskiptum og samvinnu

### Helstu viðfangsefni

Í hverjum tíma var unnið með líðan nemanda – hvernig líður mér og af hverju? Einnig var farið í styrkleikavinnu og almenna félagsfærni. Hugleiðsla og slökun fékk pláss í kennslunni og svo var kennsla var brotin upp annað slagið með leikjum.

### Námsmat

Námsmat var skráð jafnóðum í Mentor.

### Mat á starfi vetrarins

Tímarnir gengu oftast vel en það er greinilegt að það reynist mörgum nemendum erfitt að hugsa um sjálfan sig og sínar tilfinningar. Mjög þörf vinna og nauðsynlegt að þjálfarar nemendur betur í því.

### Hönnun og smíði

**Kennari:** Nanna Björk Bárðardóttir

#### Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa

Kennsluhættir sem stuðst er við eru; hugmyndavinna og sköpun, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Nemendur í 5. bekk við Álftanesskóla fengu í vetur fasta kennslu í fjölgrein í Hönnun og smíði.

Nemendum innan árgangsins er skipt í 9 manna hópa og er þeim kennt í lotum. Hver lota er 9 vikur. Fjöldi kennslustunda var 1 x 60 mínútur á viku.

### Helstu markmið;

Að nemendur geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar, tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt og unnið á skapandi hátt með fjölbreyttan efnivið.

### Helstu viðfangsefni

Nemendur vinna verkefni út frá stjörnumerkinu sínu og tengja við áhugsvið. Nemendur vinna eftir fyrir fram gefnu verkferli til lokaafurðar.

### Námsmat

Kennari metur lykilhæfni allra nemenda auk hæfniviðmiða og skráir í Mentor. Kennari metur nemendur með umsögnum.

### Mat á starfi vetrarins

Verkefnin voru eins ólík og nemendur voru margir þó að verkefnin hafi öll verið unnin eftir sama ferli. Það gekk mjög vel og gaman að sjá hvernig nemendur útfærðu verkefnin og settu sitt persónulega mark á þau.

### Stærðfræði og rökhugsun

**Kennari:** Katrín Sæland Einarsdóttir

#### Kennsluhættir/skipulag kennslu/skipting hópa

Nemendur fengu einn tíma á viku í fjölgreininni *stærðfræði og rökhugsun* og kennt var á miðvikudögum. Nemendum innan árgangsins var skipt upp í 8 – 10 manna hópa og kennt í fjórum lotum. Hver kennslustund var 60 mínútur í og voru eins uppbyggðar:

- Upphitun
- Viðfangsefni
- Umræður/rökræður

Áhersla var lögð á hvernig má nota hlutbundna nálgun og umræður í stærðfræðinámi. Unnið var með fjölbreytt, verkleg viðfangsefni þar sem nemendur fengu tækifæri til að efla ályktunarhæfni sína og rökhugsun. Einnig var lögð áhersla á að nemendur tækju þátt í verkefnum er reyndu á samvinnu og að þeir ræddu mismunandi lausnaleyðir og skýrðu lausnarferli sitt fyrir öðrum.

### Helstu markmið

Að nemandinn geti:

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er m.a. á hugmyndum nemenda.
- Fundið lausnir með formlegum og óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og viðeigandi mælikvarða.

### Helstu viðfangsefni

- Unnið var með eftirfarandi námsþætti:
- Mælingar
- Form
- Þrautir /lausnaleit
- Rökhugsun
- Sköpunarhæfni

### Námsmat

Hæfniviðmið metin. Lokamat = Lokið / Ólokið. Námsmat var skráð í Mentor

### Mat á starfi vetrarins

Tímarnir gengu oftast vel og nemendur virkir og áhugasamir. Í upphafi skólaárs voru nemendur með frekar neikvætt viðhorf þegar þeir áttu að fara í *stærðfræði og rökhugsun* eða eins og þeir sjálfir sögðu „Við höldum að þetta ætti að vera skemmtilegt „ Þetta segir nokkuð um viðhorf þeirra gagnvart fjölgreinum almennt.

## 6.bekkur - fjölgreinar

## Hreyfing og samskipti

**Kennari:** Ragnar Elvar Arinbjarnarson

### **Kennsluhættir/Skipulag kennslu/Skipting hópa**

Nemendur fengu einn tíma á viku í fjölgreininni *leikir* og kennt var á miðvikudögum.

Nemendum innan árgangsins var skipt upp í 10 – 11 manna hópa og þeim kennt í þrem lotum. Hver kennslustund var 60 mínútur í senn.

### **Helstu markmið**

Að nemandinn geti;

- farið eftir fyrir mælum
- tekið tillit til annarra
- verið virkur í hópastarfi

### **Helstu viðfangsefni**

Í vetur fór um við í ýmsa leiki og lögð var áhersla á að styrkja góð samskipti og samheldni meðal nemenda. Í upphafi fengu nemendur að koma með uppástungur um hvað þeir vildu fá að gera. Kennari tók tillit til þess og setti upp skipulag með þeirra óskir til hliðsjónar. Dæmi um kennslustundir voru: spilatími, út á battavöll/körfuboltavöll, heimsókn í Elítuna, Minute to win it þrautir, fönður svo eitthvað sé nefnt.

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Tekið var mið að frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Í lokin fengu nemendur umsögn frá kennara.

### **Mat á starfi vetrarins**

Tímarnir gengu nokkuð vel fyrir sig og nemendur virtust vera glaðir. Það skapaðist skemmtileg stemming og umræða meðal nemenda. Kennari tók ákvörðun um að kynjaskipta hópunum sem reyndist vera mjög gott og nemendur ánægðir með það. Stelpurnar fengu að njóta sín vel þar sem þær eru í minnihluta í árgangnum.

## 7. bekkur - fjölgreinar

### Hreyfing og samskipti

**Kennari:** Ragnar Elvar Arinbjarnarson

### **Kennsluhættir/Skipulag kennslu/Skipting hópa**

Nemendur fengu einn tíma á viku í fjölgreininni *leikir* og kennt var á miðvikudögum.

Nemendum innan árgangsins var skipt upp í 10 – 11 manna hópa og þeim kennt í þrem lotum. Hver kennslustund var 60 mínútur í senn.

### **Helstu markmið**

Að nemandinn geti;

- farið eftir fyrir mælum
- tekið tillit til annarra
- verið virkur í hópastarfi

### **Helstu viðfangsefni**

Í vetur fór um við í ýmsa leiki og lögð var áhersla á að styrkja góð samskipti og samheldni meðal nemenda. Í upphafi fengu nemendur að koma með uppástungur um hvað þeir vildu fá að gera. Kennari tók tillit til þess og setti upp skipulag með þeirra óskir til hliðsjónar. Dæmi um kennslustundir voru: spilatími, út á battavöll/körfuboltavöll, heimsókn í Elítuna, Minute to win it þrautir, fönður svo eitthvað sé nefnt.

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Tekið var mið að frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Í lokin fengu nemendur umsögn frá kennara.

## Mat á starfi vetrarins

Tímarnir gengu nokkuð vel fyrir sig og nemendur virtust vera glaðir. Það skapaðist skemmtileg stemming og umræða meðal nemenda.

## Elsta stig

### Íslenska og samfélagsgreinar

#### Kennarar:

Einar Daði Reynisson, Helga F. Johansen og Björg Sæmundsdóttir.

Þorgerður Elín Brynjólfsson kom inn í 8. bekk um áramótin þegar Björg fór í leyfi.

#### Fagfundir:

Kennarar funduðu reglulega til að skipuleggja kennsluna.

#### Námsumhverfi:

Kennsla fór fram í stofu 116 og boðið var upp á að fara í minni hópum í minna rými eða fram til að vinna.

Í vetur var haldið áfram með þróunarverkefni í samþættingu íslensku og samfélagsgreina á unglingsstigi með teymiskennslu að leiðarljósi og fjölbreyttum kennsluháttum. Unnið var í mislöngum Skorpum þar sem mikil áhersla var á ábyrgð og sjálfstæði nemenda í náminu. Skil á verkefnum fóru fram á classroom þar sem verkefni og fyrirmæli þeirra birtust nemendum í upphafi hverrar Skorpu.

Markmiðið var að bjóða upp á fjölbreytta og leiðbeinandi kennsluhætti ásamt því að stuðla að námsumhverfi sem hentaði hverjum og einum. Nemendur unnu verkefni ýmist einstaklingslega eða í samvinnu skv. fyrirmælum. Nemendur unnu að verkefnum sínum í kennslustofu, á ganginum eða í litlu rými í stofunni.

Innlögn í kennslustundum • Sjálfstæð vinna • Samvinnunám og paravinna • Hópverkefni og kynningar • Fjölbreytt verkefni unnin (ritun, bókrýni, málfræði o.fl.) • Spjaldtölvur, gagnvirk verkefni eftir efnum og aðstæðum • Google classroom umhverfið nýtt eins og kostur var.

#### Kennsluáætlanir

Við gerð kennsluáætlana var lögð áhersla á leiðbeinandi kennsluhætti, fjölbreytt vinnubrögð og verkefni. Hæfniviðmið voru höfð að leiðarljósi í upphafi hverrar Skorpu og voru kynnt nemendum í upphafi hverrar vinnulotu. Kennsluáætlunum/Skorpum var skipt upp í mislangar lotur, frá 2-8 vikur í senn yfir skólaárið. Áætlun hverrar viku kom fram á classroom og skiladagar bæði inn á Mentor og classroom.

#### Námsmat

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir allan veturinn og voru verkefni til námsmats lögð fyrir í hverri lotu þar sem reyndi á námsþættina. Merkt var við viðeigandi hæfniviðmið á Mentor og heildarmat gefið fyrir hverja lotu fyrir sig. Leiðsagnarmat og sjálfsmat unnið jafnt og þétt yfir veturinn.

#### Viðfangsefni

##### 8. bekkur:

Skorpa 1: Bland í byrjun – farið yfir vinnubrögð o.fl.

Skorpa 2: Ys og þys hér og þar. Ys og þys og Suður – Ameríka

Skorpa 3: Álfur og orð. Unnið með vefsíðuna Google earth og málfræði.

Skorpa 4: Norður og niður. Kjalnesingasaga og Norður-Ameríka.

Skorpa 5: Akírfa. Afríka og málfræðiverkefni.

Skorpa 6: Firingurinn. Unnið með seinni heimstyrjöldina og Strákinn í röndóttu náttfötunum.

Skorpa 7: Styrjaldir og kreppa

Skorpa 8: Áhugasviðsverkefni

Fyrir utan Skorpunar voru önnur styttri verkefni unnin jafnt og þétt yfir skólaárið.

### **9. bekkur:**

Skorpa 1: Jörðin

Skorpa 2: Sterk

Skorpa 3: Náttúra og sagnorð

Skorpa 4. Laxdæla

Unnið var með ákveðin verkefni fyrir utan Skorpur og þau voru:

Kortaverkefni, hafið, sagan árána eftir 1950, bókmenntir og ljóð, Kvikmyndin Nói Albinói og önnur styttri verkefni.

### **10. bekkur:**

Skorpa 1: Á ferð með Gísla

Skorpa 2: Allt fyrir ástina (Bragfræði)

Skorpa 3: Frjáls eins og fuglinn

Skorpa 4: Ritum og rætt

Skorpa 5: Hugarheimur

Fyrir utan Skorpur var unnið lokaverkefni í samfélagsgreinum í mars og apríl og önnur styttri verkefni unnin jafnt og þétt yfir skólaárið.

### **Stærðfræði**

#### **Kennarar:**

8. bekkur: Guðrún Anna Kjartansdóttir, Gauti Eiríksson, Svala Hilmarsdóttir Magnús og Agnes María Ásmundsdóttir (Sérkennari/stuðningur)

9. bekkur: Guðrún Anna Kjartansdóttir, Svala Hilmarsdóttir Magnús og Agnes María Ásmundsdóttir (Sérkennari/stuðningur)

10. bekkur: Guðrún Anna Kjartansdóttir, Gauti Eiríksson, Svala Hilmarsdóttir Magnús og Agnes María Ásmundsdóttir (Sérkennari/stuðningur)

Kennslustundir: 5 stundir á viku í 8., 9. og 10 bekk.

Kennsluefnið í 8. bekk voru bækurnar Skali 1A og 1B. Nemendur tóku forkannanir og kaflapróf úr hverjum kafla en inn á milli þá tóku þau brottfaraspjöld til að kanna stöðu þeirra. Einnig notuðum við verkefnablöð sem kennari útbjó til að efla skilning nemenda á ýmsum þáttum. Viku fyrir jól fór allur árgangurinn í verkefnið „Hvað kosta Jólin?“ þar sem þau þurftu að halda út bókhald fyrir heimili tengt jólum og rekstri á heimili. Gekk vel að fara yfir námsefni vetrarins og náðum við að fara vel yfir námefni vetrarins ásamt því að klára með verklegum útiverkefnum.

Kennsluefnið í 9. bekk voru bækurnar Skali 2a og 2b ásamt Almennri stærðfræði II ásamt 3.kafla úr Almenn stæ III. Nemendur unnu forkannanir eða skilaverkefni eftir hvern kafla,

leiðrétt og tóku nemendur kaflapróf. Nemendur unnu hópverkefni úr gröf og jöfnum sem var notað sem kveikja á þeim kafla í Skala. nemendum. Námsefni vetrarins gekk vel og náðum við að klára allt námsefnið og ljúka vetrinum eins og við plönuðum í byrjum ásamt því að fara í verklega útiverkefni.

Kennsluefnið í 10. bekk Almenn stærðfræði III og Skali 3A voru unnar ásamt ljósriti úr Stæ 103. Nemendur unnu skilaverkefni eða forkönnun eftir hvern kafla sem nemendur fengu leiðsegjandi endurgjöf á. Eftir leiðréttingu og skil kennara á því verkefni tóku nemendur kaflapróf. Bættum inn heftum úr námsefni framhaldsskóla vegna efnis sem bæst hafði við vegna færslu efnis niður í grunnskólann úr framhaldsskólanum. Um vorið var unnið lokaverkefni sem reyndi á allar námsgreinar. Sjá nánari lýsingu „Lokaverkefni í 10. bekk. Í lok annar fengu nemendur tækifæri á að velja einn kafla og endurtaka námsmat úr honum.

Kennsluaðferðir felast í útskýringum á töflu og einstaklingsaðstoð í bekk. Í byrjun kafla fengu nemendur undantekningarlaust áætlun skipt niður eftir vikum fyrir kaflann. Þar geta nemendur fylgst með námsþáttum hvernar viku, hvaða dæmi skulu reiknuð. Í hverjum árgangi voru ákveðnir einstaklingar teknir út úr tímum í sérstaka námsaðstoð. Einnig voru nemendur hvattir til að nýta sér kennslu vídeó á youtube eftir Gauta.

Í vetur var boðið upp á heimanámsaðstoð í stærðfræði sem valgrein í 8. – 10. bekk og voru margir nemendur sem völdu það þó aðallega nemendur úr 8 og 10. bekk sem sýnir að þau sækjast eftir meiri aðstoð það en í 9. bekk. Í þeim tímum var alltaf stærðfræðikennari og á mánudögum alltaf tveir. Þennan vetur hefur gengið ágætlega að komast yfir allt það námsefni sem upp var lagt með en þyrftum að huga að því að keyra námsefnið aðeins hraðar til að geta farið í verklega stærðfræði í lokin.

Búið er að gera stærðfræðiútskýringar á Youtube fyrir nánast allt námsefnið ásamt orðskýringum þannig það ætti auðveldla nemendum og foreldrum heimavinnu.

## Danska

**Kennari:** Þórleif Guðjónsdóttir

**Kennslustundir:** 3 stundir á viku í 8., 9. og 10. bekk.

## Námsumhverfi og kennsluaðferðir

Lögð var áhersla á ábyrgð og sjálfstæði nemenda í dönskunáminu. Vikuáætlun var birt á Mentor, classroom og á töflu í kennslustofu sem nemendur unnu eftir.

Allt námsefni var aðgengilegt á classroom og mms.is Nemendur notuðu snara.is og google translate til að þýða orð. Þeir nemendur sem voru á undan áætlun eða jafnvel voru í efni árgangs fyrir ofan sinn gátu fylgt áætlunum þess árgangs á classroom.

Nemendur skiluðu verkefnum bæði munnlega og skriflega. Horfðu á þætti og kvikmyndir til að efla áhuga og æfa hlustun. Nemendur unnu skapandi verkefni t.d. stutt myndbönd tengd námsþáttum, tóku viðtöl við skyldmenni, gerðu myndasögu og fóru í ratleik.

Unnið var með orðaforða tengdum mat, skólanum, heimilinu, fjölskyldum, áhugamálum ofl. Áhersla var lögð á færniþættina fjóra, lestur, hlustun, tal og ritun. Hefðbundin vinnubókarverkefni sem innihalda m.a. eyðufyllingar, krossgátur, orðarugl, hlustunarefni, samræðuverkefni og lesskilning.

Innlögn í kennslustundum • Sjálfstæð vinna • Samvinnunám og paravinna • Hópverkefni og kynningar • Verkefni unnin (ritun, kvikmyndaverkefni o.fl.) • Spjaldtölvur, gagnvirk verkefni eftir efnun og aðstæðum • Google classroom umhverfið nýtt eins og kostur var

## Kennsluáætlanir

Við gerð kennsluáætlana var lögð áhersla á leiðbeinandi kennsluhætti, fjölbreytt vinnubrögð og verkefni. Áætlun hvernar viku kom fram á Mentor.is, classroom og á töflu í kennslustofu.

## Námsmat

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir allan veturinn og voru verkefni fjölbreytt og við allra hæfi. Verkefni sem notuð voru til námsmats reyndu á áður tiltekna námsþætti og hæfniviðmið hverju sinni. Merkt var við viðeigandi hæfniviðmið á Mentor.

Í ár var gerð tilraun í tveimur verkefnum í 8.bekk með sjálfsmat. Markmiðið er að gera nemendur sjálfstæðari í vinnubrögðum og að gera þau meðvitaðari um hvaða hæfni verið er að þjálfna þau í hverju sinni. Nemendur fengu þá möppu til að halda utan um verkefni og viðmið um árangur. Þau hæfniviðmið sem unnin voru í verkefninu voru útlustuð nánar eftir verkefnalýsingu. Þannig áttu nemendur auðveldara með sjá hvort þeir væru búnir að vinna alla vinnu sem þeir þurftu að gera í verkefninu. Þetta námsmat er í þróun og mun taka einhverjum breytingum á næsta skólaári.

### **Viðfangsefni**

Kennsluefni í 8. bekk: Í vetur var bókin SMART, les-og vinnubók lögð til grundvallar. Þeir kaflar sem nemendur unnu voru: Dyrenes verden, Nu spiser vi og Skolen. Auk þess voru verkefni tengd þema eins og hrekkjavöku, jól og páskar. Unnið var með orðaforða tengdan efninu og farið í grunnþætti málfræðinnar. Gerðar voru hlustunaræfingar, lesnar smásögur og horft á þætti/kvikmyndir. Fjölbreytt skilaverkefni sem unnin voru bæði í hópum og sem einstaklingar. Skilaverkefni eru bæði munnleg og skrifleg sem reyna á alla 4 færniþættina.

Kennsluefni í 9. bekk: Í vetur var bókin Smil, les-og vinnubók lögð til grundvallar. Þeir kaflar sem nemendur unnu voru: Vikingerne, Den farlige verden og Tøj og tilbehør. Auk þess voru verkefni tengd þema eins og hrekkjavöku, jól og páskar. Unnið var með orðaforða tengdan efninu og farið í grunnþætti málfræðinnar. Gerðar voru hlustunaræfingar, lesnar smásögur og horft á þætti/kvikmyndir. Fjölbreytt skilaverkefni sem unnin voru bæði í hópum og sem einstaklingar. Skilaverkefni eru bæði munnleg og skrifleg sem reyna á alla 4 færniþættina.

Kennsluefni í 10. bekk: Í vetur var unninn kaflinn Skoleliv í bókinni EKKO, til þess að tengja við Lýðháskólaverkefnið. Jafnframt var unnið með bókina Bordbombe sem grundvallast af stuttum og auðlesnum textum með verkefnum. Auk þess voru verkefni tengd þema eins og hrekkjavöku, jól og páskar. Nemendur horfðu á þáttaröðina Regnet og unnu verkefni tengd þeim sem og tímaritun. Unnið var með orðaforða tengdan efninu og farið í grunnþætti málfræðinnar. Gerðar voru hlustunaræfingar, lesnar smásögur og horft á þætti/kvikmyndir. Fjölbreytt skilaverkefni sem unnin voru bæði í hópum og sem einstaklingar. Skilaverkefni eru bæði munnleg og skrifleg sem reyna á alla 4 færniþættina.

### **Næsta skólaár**

Vetrinum 2024 -2025 verður skipt upp í 7-8 lotur, sem hver verður með sitt þema. Í hverri lotu verður unnið með langflest hæfniviðmið og verður lotan sett upp á fjölbreyttan og aðlaðandi hátt fyrir nemendur. Námsbækurnar verða til stuðnings og aðhalds en ætlunin er að setja hverja lotu upp sem þema í 6-8 vikur. Þannig verður hver lota með einhverri vinnubókar vinnu, þjálfunaræfingum, skilaverkefnum ásamt hlustun og frásagnar verkefnum.

Áhersla verður lögð á námsmatið og haldið áfram með nemendur í 8. bekk til að þróa enn frekar hvernig námsmati verður háttað í dönsku. Taka skal fram að námsmatið tengist ávallt leiðsagnarnámi.

### **Enska**

#### **Kennarar:**

Halldóra Benónýsdóttir kenndi 8. 9. og 10. bekk og aðstoðaði eftir þörfum í ensku valáfangi/fjarnám frá FG og Versló. Agnes Ásmundsdóttir sá um sérkennslu í ensku.

#### **Námsumhverfi**

Lögð var áhersla á ábyrgð og sjálfstæði nemenda í enskunáminu. Vikuáætlun var birt á Mentor, classroom og á töflu í kennslustofu sem nemendur unnu eftir.

Nemendur flettu upp orðum á [snara.is/glosbe.com/googletranslate](http://snara.is/glosbe.com/googletranslate), allt hlustunarefni var aðgengilegt á classroom og mms.is.

Nemendur fóru sjálfir yfir vinnubók sína með svörum á classroom eða svarhefti í kennslustofu.

Samvinnunám nemenda var í hávegum haft, svo og leiðbeinandi kennsluhættir. Nemendur unnu verkefni sín í kennslustofu, í sófum á ganginum fyrir framan stofu eða við borð þar, allt eftir því hvaða aðstæður hentuðu hverjum og einum. Nemendum fannst þetta fyrirkomulag henta sér mjög vel. Ef nemendur höfðu verið í leyfi eða veikir þá unnu þeir efnið heima ef á þurfti að halda og eins ef náðu ekki að vinna efnið í kennslustundum.

Þeir nemendur sem voru á undan áætlun eða jafnvel voru í efni árgangs fyrir ofan sinn áttu mjög auðvelt með að fylgja áætlunum þess árgangs á classroom.

Innlögn í kennslustundum • Sjálfstæð vinna • Samvinnunám og paravinna • Hópverkefni og kynningar • Verkefni unnin (ritun, bókrýni, kvikmyndaverkefni o.fl.) • Spjaldtölvur, gagnvirk verkefni eftir efnum og aðstæðum • Google classroom umhverfið nýtt eins og kostur var

### **Kennsluáætlanir**

Við gerð kennsluáætlana var lögð áhersla á leiðbeinandi kennsluhætti, fjölbreytt vinnubrögð og verkefni. Þær voru aðgengilegar nemendum á vegg í kennslustofu ásamt því hvaða hæfnivíðmið var verið að vinna með í hverju verkefni fyrir sig. Kennsluáætlunum var skipt upp í 10-12 lotur í 2-5 vikur í senn yfir skólaárið. Áætlun hverrar viku kom fram á Mentor.is-vikuáætlun, classroom og á töflu í kennslustofu.

### **Námsmat**

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir allan veturinn og voru verkefni til námsmats lögð fyrir í hverri lotu þar sem reynir á námsþættina. Merkt var við viðeigandi hæfnivíðmið á Mentor og heildarmat gefið fyrir hverja lotu fyrir sig. Leiðsagnarmat og sjálfsmat jafnt og þétt yfir veturinn, þannig nemendur höfðu sem flest tækifæri að vita um stöðu sína og hvað gátu bætt.

### **Viðfangsefni**

#### **8. bekkur:**

Lota 1 - 1.kafli Spotlight 8 sem fjallar um ýmislegt er varðar dýr. Áhersla á hlustun, lesskilning og samskipti.

Lota 2 - 7.kafli Spotlight 8 um Bretland, kynning um landið unnið í hópavinnu og kynnt fyrir bekknum. Unnið með ritun, lesskilning, menningarläsi, hlustun, frásögn og samskipti

Lota 3 - 2.kafli Spotlight 8 þar sem umfjöllunarefni er ýmis konar samskipti fólks. Áhersla á hlustun, lesskilning og samskipti.

Lota 4 - Áhorf á kvikmyndina Billy Elliot og verkefni unnið um leið. Hlustun og ritun æft.

Lota 5 - Skáldsagan BFG eftir Roald Dahl lesin og unnin ritgerð um bókina. Unnið með lesskilning og ritun

Lota 6 - Óreglulegar sagnir, algengar óreglulegar sagnir lærðar utan að. 10 sagnir lærðar í senn á viku. Álftanesskóli 2023-2024

Lota 7 - 4.kafli Spotlight 8 um íþróttir af ýmsum toga. Unnið með lesskilning, ritun, hlustun og samskipti.

Lota 8 - Áhorf á myndina Goal og unnin verkefni um leið. Hlustun og ritun æfð

Lota 9 - 5.kafli Spotlight 8 um tísku og útlit. Hlustun, ritun, og lesskilningur þjálfað.



Lota 10 - Áhorf á myndina Little miss sunshine og verkefni unnið um leið. Hlustun og ritun æfð.

Lota 11 - 8.kafli Spotlight 8 um Bandaríkin, kynning um landið unnið í hópavinnu og kynnt fyrir bekknum. Unnið með ritun, lesskilning, menningarläsi, hlustun, frásögn og samskipti

Lota 12 - 6.kafli Spotlight 8 um hraða og spennu frá ýmsum hliðum. Unnið með lesskilning, hlustun, ritun, frásögn og samskipti.

### **9. bekkur:**

Lota 1 - 1.kafli Spotlight 9 viðfangsefni ástin í fjölbreyttum myndum. Hlustun, lesskilningur og ritun þjálfuð.

Lota 2 - Kvikmyndin Juno og verkefni. Hlustun og frásögn æfð.

Lota 3 - Podcast að eigin vali og ritun. Hlustun, frásögn og ritun æfð.

Lota 4 - 2.kafli Spotlight 9 þar sem fræðst er um Kanada á ýmsan hátt. Lesskilningur, ritun og hlustun þjálfuð.

Lota 5 - Hópavinnu að búa til kynningu um frægan frá Kanada og kynna fyrir bekknum. Lesskilningur, ritun, samskipti, frásögn og menningarläsi æft.

Lota 6 - Stutt klassísk ensk bók lesin, lesskilningsverkefni unnin og lesskilningspróf í lokin. Lesskilningur æfður.

Lota 7 - 3.kafli Spotlight 9 um fantasíur og ævintýraminni. Hlustun, samskipti, lesskilningur og ritun þjálfuð.

Lota 8 - Óreglulegar sagnir, algengar óreglulegar sagnir lærðar utan að . 10 sagnir í senn á viku lærðar.

Lota 9 - Skáldsagan Holes eftir Louis Sachar lesin og ritgerð úr efni hennar unnin. Lesskilningur, ritun og frásögn þjálfuð.

Lota 10 - 4.kafli Spotlight 9 um New york lesinn og hópavinnuverkefni um 9/11 unnið. Ritun, hlustun, lesskilningur, samskipti og frásögn æfð.

Lota 11 - Áhorf á myndina Reign over me og unnin úrdráttur úr myndinni á meðan horft er. Fræðst um 9/11 og nemendur búa til fjölskyldu sem lenti í atburðinum. Hlustun, lestur, ritun og frásögn æft.

Lota 12 - Verkefni um lönd Asíu með ensku sem opinbert eða annað tungumál, unnið í hópavinnu þar sem nemendur búa til kynningu um valin lönd og flytja fyrir bekkinn. Unnið með hlustun, lesskilning, samskipti, ritun og menningarläsi. Spotlight kafli 6.

Lota 13 -5.kafli Spotlight 9 um mismunandi skoðanir fólks um ýmis málefni. Unnið með hlustun, lesskilning, samskipti og frásögn.

### **10. bekkur:**

Lota 1 - 1.kafli Spotlight 10 viðfangsefni unglingsáranna, unnið með hlustun, lesskilning, ritun og samskipti

Lota 2 - Kvikmynd Breakfast club og ritgerð, nemendur horfa á myndina og skrifa ritgerð um efni hennar.

Lota 3 - 2.kafli Spotlight 10, ýmiss fróðleikur um Írland, unnið með hlustun, lesskilning, frásögn, menningarlæsi og samskipti.

Lota 4 - Nemendur búa til 4 daga ferð til Írlands í hópavinnu og kynna fyrir öðrum nemendum. Unnið með lesskilning, ritun og frásögn.

Lota 5 - Bókin um David Copperfield lesinn og verkefni unnin samhliða úr bókinni. Lesskilningur og ritun þjálfuð.

Lota 6 - Óreglulegar sagnir, algengar óreglulegar sagnir lærðar utan að . 10 sagnir í senn á viku lærðar.

Lota 7 - 3.kafli Spotlight 10, ýmiss konar efni um hræðslu lesið og unnið með. Hlustun, lesskilningur, frásögn og ritun æft.

Lota 8 - Skáldsaga á ensku að eigin vali og ritgerð. Nemendur velja sér bók eftir áhugasviði og skrifa um hana. Lesskilningur, frásögn og ritun þjálfuð.

Lota 9 - 6.kafli Spotlight um Suður-Afríku, kynning sem nemendur búa til tengda S-Afríku og horft á kvikmyndina um Nelson Mandela. Lesskilningur, hlustun, samskipti, frásögn, ritun og menningarlæsi æft.

Lota 10 - 5.kafli Spotlight sem fjallar um frægð frá ýmsum hliðum. Lesskilningur, frásögn, ritun og samskipti þjálfuð. Nemendur hlusta á podcast þátt að eigin vali og kynna.

### **Náttúrufræði**

**Kennarar:** Gauti Eiríksson og Svala Hilmarsdóttir Magnús.

Í náttúrugreinum var vendikennsla veturinn 2023-2024. Þá var nemendum ætlað að horfa á eitt til tvö myndbönd á youtube og tíminn í kennslustofunni er frekar notaður til verkefnavinnu. Þó er hluti tímana notaður í beina kennslu á því efni sem nemendur eiga erfiðara með að tileinka sér með því að horfa á myndbönd. Þar að auki voru nokkrir verklegir tímar (sér í lagi í 8. bekk).

Kennslustundir: um 3 stundir á viku í 8. 9. og 10 bekk.

Kennsluefnið í 8. bekk voru bækurnar Efnisheimurinn og Mannlíkaminn kenndar. Í Mannlíkamanum tókum við kafla 1, 2, 3, 4, 6 og 7. Nemendur unnu verkefnapakka og var hæfni metin út frá þeirri vinnu. Kaflapróf eftir suma kafla. Allt þetta var tekið saman í eina lokaeinkunn sem nemendur fengu í lok hvorrar annar.

Kennsluefnið í 9. bekk voru bækurnar Eðlisfræði I og Lífheimurinn (kaflar 1 og 7) kenndir. Þar að auki var farið í stjörnufræði en þar var stuðst við efni á netinu. Nemendur unnu verkefnapakka og var hæfni metin út frá þeirri vinnu. Allt þetta var tekið saman í eina lokaeinkunn sem nemendur fengu í lok hvorrar annar.

Kennsluefnið í 10. bekk voru bækurnar Maður og náttúra Eðlisfræði II (kaflar 1 og 2) kenndar. Nemendur unnu verkefnapakka og var hæfni metin út frá þeirri vinnu. Allt þetta var tekið saman í eina lokaeinkunn sem nemendur fengu í lok hvorrar annar.

Vefsíður voru gerðar utan um hverja námslotu og þar eru verkefni, myndbönd og ítarefni. Nemendur unnu að verkefnunum ýmist í google.classroom eða á annan hátt.

### **Lokaverkefni 10. bekkjar**

Allir kennarar sem kenndu nemendum í 10. bekk komu að verkefninu.

### **Námsumhverfi**

Nemendur unnu verkefnið í tónmenntarstofunni sem er stórtog gott rými og hægt að vinna á fjölbreyttan hátt. Nemendur höfðu einnig aðgang að listgreinastofum. Nemendur gátu farið vettvangsferðir í bæinn ef þeir skiluðu inn leyfisbréfi.

### **Kennsluáætlanir**

Nemendur fengu verkefnalýsingu og vinnuramma.

### **Námsmat**

Nemendur kynntu verkefnið fyrir umsjónarkennurum og fylltu út sjálfsmat og jafningjamat. Umsjónarkennarar fóru yfir verkefnið og gáfu einkunn og umsögn.

### **Viðfangsefni**

Nemendur unnu 3–5 saman í hóp að verkefnunum þar sem reyndi á sjálfstæð vinnubrögð, skipulagningu og samstarf.

Hóparnir völdu eitt af eftirfarandi verkefnum:

- hanna menningar- og/eða afþreyingarstað
- stofna fyrirtæki/verslun
- stofna fjölmiðlafyrirtæki
- skipuleggja hátíð sem getur verið íþróttar-, lista-, tónlistar-, og/eða útihátíð
- stofna æskulýðs- og/eða íþróttamiðstöð

Hverju verkefni fylgdi: Dagbók, sem skrifað var í daglega um framgang verksins, líkan, auglýsingar (veggspjald, myndband), blaðagreinar, fjárhagsáætlun ásamt öðru, allt eftir eðli verkefnis.

Verkefnið gekk mjög vel. Nemendur gátu sjálfir haft áhrif á með hverjum þeir unnu í verkefninu.

### **Lífsleikni í 10. bekk**

**Kennarar:** Salvör Kristjánsdóttir og Þorgerður Elín Brynjólfsdóttir

**Kennslustundir:** 40 mínútur á viku

Í náms- og starfsfræðslu voru gestakennarar á haustönn. Þau voru að prufukeyra námsefni sem er í vinnslu. Það gengur út á gagnrýna hugsun. Verkefnið gekk mjög vel.

Á vorönn var lögð áhersla á starfsfræðslu, vinnustaðaheimsókn, framhaldsskóla og ferilskrá/fylgibréf. Einnig var margskonar fræðsla í þessum tímum.

Kennsla fór fram með innlögnum, verkefnavinnu og samræðum.

### **Kynningar og fræðsla:**

- Heilbrigði og lífsstíll frá hjúkrunarfræðingi
- VR – vinnumarkaðurinn
- Þorgrímur Þráinsson – Verum ástfangin af lífinu
- Heimsókn í Flensborgarskólann
- Framhaldsskólakynningar

### **Námsmat**

Lokið/ólókið

### **Valgreinar á elsta stigi**

#### **Árbók**

**Kennsluhættir:** Umræður, verkefni, hópavinna, einstaklingsvinna og verklegt.

**Kennari:** Guðrún Anna Kjartansdóttir

**Helstu viðfangsefni:** Nemendur útbúa árbók útskriftarhóps 10. bekkjar. Allur undirbúningur, fjáröflun og heimildaöflun var í höndum þessa hóps undir leiðsögn kennara. Það er að mörgu að hyggja við gerð árbókar og margvísleg hlutverk í boði fyrir nemendur, t.d. ljósmyndari, textahöfundur, tölvusérfræðingur, fjáröflunarstjóri og hönnuður/ritstjóri.

**Námsmat:** Lokið/ólókið.

**Mat á starfi vetrarins:** Vinnan við árbókin gekk nokkuð vel og var þetta mis áhugasamur og vinnusamur hópur sem í voru 7 nemendur.

### **Árshátíðarmyndband**

**Kennari:** Gauti Eiríksson

Nemendur höfðu 12 kennslustundir á viku frá áramótum.

**Mat á starfi vetrarins:** Vel tókst til að gera árshátíðarmyndband sem var 24 mín að lengd. 18 nemendur voru þátttakendur í valinu.

**Námsmat:** Lokið/ólókið og umsögn.

### **Tómstunda og félagsmálafræði**

**Kennari:** Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir

Kenndar 2 stundir á viku

#### **Helstu markmið;**

- Að þjálfar nemendur í fundarsköpum, skipulagsvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í hópastarfi.
- Að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum og ábyrgð nemenda á þeirra félagslífi.
- Að byggja upp heilbrigða sjálfsmynd nemenda.
- Að nemendur hjálpi til við undirbúning og útfærslu á félagslífi í skóla og félagsmiðstöð.
- Að þjálfar nemendur í tjáningu og framsögn.

#### **Helstu viðfangsefni**

Sáu um skipulagningu helstu viðburða skólans s.s jólaball, vökunótt, árshátíð og aðra viðburði sem voru í Elítunni/skólanum.

#### **Námsmat**

Mat kennara á frammistöðu nemenda í tímum. Lokið/ólókið og umsögn.

#### **Mat á starfi vetrarins**

Mjög góð samvinna var innan hópsins. Nemendur unnu mjög vel undir pressu að setja upp árshátíð og vökunótt.

#### **Hreyfing=heilsa**

**Kennari:** Ragnar Elvar Arinbjarnar

Kennt var í tveimur lotum þ.e. haustönn og vorönn 1x í viku 80mín í senn í 17 – 22 strákar. Kennsla fór fram í íþróttasalnum, á gervigrasvellingum og grasvellingum við íþróttahúsið. Teknar voru fyrir hinar ýmsu íþróttgreinar, farið stuttlega yfir sögu greinarinnar og reglur. Svo fengu strákarnir að reyna sig við greinina. Sem dæmi um það sem farið var í má nefna: amerískan fótbolta, hafnarbolta, Bumball, blak, handbolta, körfubolta, Ultimate frisbee og fleira. Mikið var unnið með leiki og almennar æfingar með áherslu á samvinnu, breytilega hópa, virðingu og góða framkomu.

#### **Helstu markmið:**

- að kynnast margs konar íþróttum og öðlast skilning á mikilvægi þess að tileinka sér reglubundna áreynslu sér til heilsubótar.
- Fræðast um jákvæð áhif hreyfingar/áreynslu á líkamann/hugann og einnig mikilvægi góðrar næringar og svefns.
- stuðla að góðum samskiptum á milli nemenda og tilheyra hópi.
- að efla líkamsvitund, vinna með hreysti og upplifa mikilvægi hreyfingar fyrir líkamann og hugann (losa um spennu og pirring og finna vellíðun eftir líkamlega áreynslu).

#### Námsmat:

Í lok annarinnar fékk nemandi umsögn sem og metin lykilhæfni og það skráð í Mentor.

#### Mat á starfi vetrarins:

Íþróttafræðin gekk mjög vel. Strákarnir sinntu sínu vel og af áhuga. Við náðum að prófa margar greinar og stundum tókum við nokkrar vikur í sama verkefni og sýndu strákarnir þá umtalsverðar framfarir. Það er mín ósk að einhverjir hafi fengið áhuga á grein sem viðkomandi stundar svo jafnvel sér til heilsubótar á fullorðinsárum.

#### Brauð og kökur

**Kennari:** Nada Borosak



#### Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa:

Hóparnir voru 2 bæði fyrir og eftir áramót.

Kennt var 120 mínútur á viku allan veturinn. Kennsla byggist á sama skipulagi en áherslur geta verið ögn mismunandi eftir hópum og nemendum.

#### Helstu markmið

Kennsla er verkleg og leggur áherslu á að auka þekkingu og leikni nemenda við fjölbreyttan bakstur og notkun á fjölbreyttum hráefnum. Nemendur eru að æfa sig í að vinna eftir mismunandi uppskriftum í brauð – og kökubakstri: að geta búið til og framreitt einfaldar kökur og rétti og tileinkað sér mismunandi strauma og stefnur í bakstri og eldamennsku. Einnig er lögð áhersla á að þeir geti þvegið upp og gengið frá eftir sig.

Nemendur læra sjálfstæði í vinnubrögðum, útfæra verkefni á sinn hátt og hafa ánægju af.

#### Helstu viðfangsefni

Viðfangsefnin voru fjölbreytt. Verklegar æfingar fólust í að nemendur lærðu að elda og baka eftir góðum uppskriftum ásamt tiltekt og hreingerningu í eldhúsi.

#### Námsmat

Frammistöðumat fyrir hvern nemanda ásamt lokið/ lokið, ólokið og umsögn í Mentor.



#### Mat á starfi vetrarins

Veturinn hefur einkennst af gleði og vinnusemi. Gaman og gefandi hefur verið að fylgjast með vinnusemi og áhuga nemenda á hvers kyns bakstri. Sú gleði og eftirvænting sem þessum tímum fylgdi staðfestir mikilvægi verkgreina í skólastarfinu. Það sem hefði mátt vera markvissara var virðing nemenda á hráefnum. Í vetur hefur kennari haldið áfram að leggja áherslu á betri umgengni, frágang verkfæra og mikilvægi þess að hafa allt í röð og reglu.

#### Hönnun og smíði

**Kennari:** Nanna Björk Bárðardóttir

## Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa

Kennsluhættir sem stuðst er við eru; hugmyndavinna og sköpun, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Nemendur velja að vori þær valgreinar sem þeir hafa hug á að stunda á næsta skólaári. Hver nemandi verður að velja a.m.k. eina valgrein úr flokknum íþrótt-, list- og verkgreinar.

Nemendur í 8., 9. og 10. bekk við Álftanesskóla gátu valið að fá kennslu í Hönnun og smíði- þar sem unnið er með ýmis efni.

Kennt var á mánudögum og fimmtudögum í 80 mínútur í senn.

### Helstu markmið;

í Hönnun og smíði er að nemandinn;

- hafi þroskað með sér jákvætt viðhorf til handverks.
- geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir í verkefnavinnu.
- skilji að góð umgengni og endur nýting er mikilvæg fyrir umhverfið.
- geti hannað og smíðað vandaða gripi úr helstu smíðaefnum og þekki til þessara efna og eiginleika þeirra.
- hafi frumkvæði og kunnáttu til að velja verkfæri í samræmi við verkefni og vélar og tæki við hæfi.
- geti notað fríhendis teikningu við hönnun og unnið sjálfstætt eftir hefðbundnu hönnunarferli

### Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru mjög fjölbreytt vegna þess að nemendur vinna út frá eigin hugmyndum og hönnun og velja efni sem hæfir hverju viðfangsefni fyrir sig.

Nemendur fara eftir leiðsögn kennara í notkun verkfæra og meðhöndlun efnis.

### Námsmat

Mat kennara á frammistöðu nemenda í tímum. Lokið/ólókið og umsögn.

### Mat á starfi vetrarins

Í heildina litið gekk mjög vel. Nemendur voru duglegir, áhugasamir og góður andi í hópunum. Áhersla var á góða umgengni, frágang verkfæra og að allt sé í röð og reglu.

## Listasmiðja

**Kennari:** Nada Borosak

## Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa

Nemendur í 8.,9. og 10. bekk sem völdu listasmiðju á vor/haustönn hafa fengið 80 mínútna kennslu hverja viku.



### Helstu markmið

Í valinu var markmið að nemendur æfi sig í því að tjá sig á skapandi hátt.

Í því ferli nemendur þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, klippiaðferð, leirmótun og fl.

Nemendur skapa sjónræn verk og vinna þeir ýmist út frá eigin rannsóknum og greiningu eða með virkjun ímyndunarafslsins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast svo tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi.

Eitt lykilhlutverk menntunar er að læra að skilja þann heim sem við búum í svo við verðum virkir, gagnrýnir samfélagsþegnar sem geta látið gott af sér leiða. Sjónlistir henta vel til þess, því í myndlist er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir

snerta og skapa út frá reynslunni. Með því að leyfa nemendum að velja inntak verka eða miðil í myndlist er hægt að efla frumkvæði þeirra.

### Námsgögn

Sérútbúin gögn frá kennara, listabækur og netið.

### Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni hafa verið fjölbreytt og skapandi.

### Námsmat

Leiðsagnarmat og frammistöðumat í Mentor.is, lokið/ólókið.

### Mat á starfi vetrarins

Að mati kennara hefur veturinn verið skapandi og skemmtilegur. Hópurinn var samansettur af einstaklega hæfilekaríkum, hugmyndaríkum og vinnusömum nemendum sem höfðu verið með frumkvæði að mörgum skemmtilegum verkefnum.

Áætlun er að vinna í innleiðingu og þróun á jákvæðu hugarfari í valgreinakennslu í listum ☺.

## Textíl- og fatahönnun

**Kennari:** Ingunn Elísabet Viktorsdóttir

### Kennsluhættir/skipulag kennslu/skipting hópa



Nemendur velja að vori þær valgreinar sem þeir hafa hug á að stunda á næsta skólaári. Í vetur voru valgreinarnar fjölbreyttar og tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og miða við áhugasvið og framtíðaráform hans. Nemendur í 8., 9. og 10. bekk við Álftanesskóla gátu valið Textíl- og fatahönnun. Í vetur var kennt á mánudögum og miðvikudögum, fyrir og eftir jól. Hver kennslustund varði 80 mínútur í senn. Nemendur voru úr 8. og 9. bekk. Kennsluhættir sem stuðst var við voru eftirfarandi; hugmyndavinna og sköpun, verkleg-, sýni- og einstaklingskennsla.

### Helstu markmið

Að nemandinn geti;

- beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar
- beitt skapandi gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu
- unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnispörf
- skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt

### Helstu viðfangsefni

Verkefni nemenda hafa verið fjölbreytt og skemmtileg. Nemendur fengu að velja sér verkefni í samráði við kennara. Fyrir jól var í boði að sauma á saumavélina og/eða þurrþæfa. Eftir jól var í boði að prjóna eða hekla. Verkefni sem nemendur völdu voru meðal annars: pils, svunta, hettupeysur, langermabolur, stuttermabolur, náttbuxur, taupoki, heklaðar legghlífar, heklað teppi og heklaður bangsi.



### Námsmat

Lögð var áhersla á virkni og skapandi vinnubrögð í kennslustundum. Hugmyndavinna og lokaafurð var metin ásamt lykilhæfni nemandans. Í lok skólaárs fengu nemendur lokið eða ólukið ásamt umsögn kennara.

## Mat á starfi vetrarins



Kennslustundirnar gengu almennt vel fyrir sig. Það má segja að það hafi ríkt gleði í kennslustundum og nemendur voru mjög spenntir að mæta. Kennari hafði einfaldað val verkefna með það í huga að auka á aðstoðina sem hver nemandi gæti fengið. Nemendum var gerð grein fyrir því að ef að fleiri en einn væru með sama viðfangsefni þá gengi það fljótar fyrir sig. Þeir tóku vel í það og töluðu sig saman. Í einum hópnum var mestmegnis af nemendum sem saumuðu sér náttbuxur og þar var köflótt efni mjög vinsælt og fengu þeir að velja sinn eigin lit. Tveir af þeim saumuðu sér boli og í hinum tímanum var lögð áhersla á hettupeysur og joggingbuxur.

Valið eftir jól var ekki eins fjölmenn, því var meiri aðstoð að fá og verkefnavalið varð enn fjölbreyttara. Meðfram verkefnavinnunni var hver og einn nemandi með einfalt aukaverkefni sem þeir gátu gripið í og unnið nokkuð sjálfstætt

### Heimanámsaðstoð

**Kennarar:** Einar Daði Reynisson, Gauti Eiríksson og Svala Hilmarsdóttir Magnús.

**Helstu viðfangsefni:** Nemendur mættu í tíma með heimanám í stærðfræði eða íslensku. Ef nemendur höfðu ekkert heimanám mættu þeir með námsefni sem þeir vildu vinna í.

**Námsmat:** Lokið/ólókið

**Mat á starfi vetrarins:** Nemendur voru hjá íslensku eða stærðfræðikennara í heimanámsaðstoð. Nemendur úr 8.-10. bekk sóttu tímana. Einnig sóttu nemendur sem skráðir voru í framhaldsskóla þessa tíma til að nýta sér aðstoðina sem þar var að fá og sýndi það sig að þeir þurftu mikið á þeirri aðstoð að halda.

### Enski boltinn

**Kennari:** Gauti Eiríksson

Nemendur höfðu 1 kennslustundir á viku frá áramótum þar sem fram fóru umræður og verkefni tengt enska boltanum.

**Námsmat:** Lokið/ólókið.

### Hreyfing=heilbrigði

**Kennari:** Ragnar Elvar Arinbjarnarson

Nemendur höfðu 1 kennslustundir á viku fyrir og eftir áramót. Farið var í margs konar íþróttir bæði innandyra og utan. Umræður og fræðsla um holla lífshætti.

**Námsmat:** Lokið/ólókið.

### Ég skapa mína framtíð

**Kennari:** Þorgerður Elín Brynjólfssdóttir

**Skipulag kennslu:** Valið var kennt 1x í viku, 1 ½ kennslustund í senn. Nemendur unnu ýmis verkefni t.d. tengd líðan og styrkleikum.

**Helstu markmið:**

Að nemandi:

- geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og hvernig er hægt að vinna með þá
- setji sér markmið og finni sínar leiðir að þeim
- læri að nýta þekkingu og reynslu sína til að koma auga á ný tækifæri og möguleika
- átti sig á að hann hefur áhrif á líf sitt og framtíð sína
- fái tækifæri til að auka sjálfstraust, finni meiri sjálfsábyrgð og betri sjálfmynd

**Námsmat:** Lokið/ólókið



**Mat á starfi vetrarins:** Haustið 2023 voru 6 nemendur sem völdu þetta val. 2 nemendur dattu út þegar leið á haustið. Þeir nemendur sem eftir voru, voru áhugasamir og duglegir að taka þátt í verkefnum og umræðum.

### Ársskýrsla stoðþjónustu



**Viðfangsefni sérkennslu:** Eru einkum að aðlaga kennslu og umhverfi/aðstæður að nemendum, vera í nánú samstarfi við kennara, foreldra og í samstarfi við aðra sérfræðinga innan og utan skólans. Veita ráðgjöf til kennara og foreldra, sjá um lestrarskimanir og greiningar(Logos), velta upp þörf á málproskamati og öðrum greiningum er varðar nemendur og sjá um íhlutun eftir greiningar. Sérkennarar/þroskaþjálfar vinna í samvinnu við umsjónakennara að gerð einstaklingsnámskrár hjá þeim nemendum sem eru með veruleg frávík og verkstýra stuðningsfulltrúum eftir þörfum.

**Einstaklingsnámskrár** eru gerðar fyrir þá nemendur sem víkja frá námsmarkmiðum bekkjar í einni eða fleiri námsgrein. Einstaklingsnámskrá er gerð í Mentor þar sem hæfnikorti er aðlagað að færni nemandans. Þverfagleg samvinna er varðandi gerð einstaklingsnámskrá og eru þær gerðar í samvinnu við

umsjónakennara, sérkennara/þroskaþjálfara og foreldra.

**Skipulag:** Deildarstjóri sérkennslu er Sveinborg L. Hauksdóttir í 100 % starfshlutfalli. Deildarstjóri hafði yfirumsjón með skipulag sérkennslu og stoðþjónustu í samstarfi við sérkennara, þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa. Fundað var með stuðningsfulltrúum og sérkennurum/þroskaþjálfum reglulega í gegnum skólaárið þar sem farið var yfir áhersluþætti stoðþjónustu, málefni sérkennslu rædd, þjónustuþörf og stuðningur endurmetin við nemendur. Deildarstjóri fundaði með umsjónakennurum nemenda með veruleg frávík til að endurmeta kennslu/þjálfun og námsumhverfi nemenda. Deildarstjóri var í nánú samstarfi við sérfræðinga er komu að málum nemenda Kristínu Ósk Leifsdóttir, Kristínu Evu Rögnvaldsdóttur, Björn Gauta Björnsson skólasálfræðinga og Berglindi Bjarnadóttir talmeinafræðing. Fjalar F. Einarsson atferlisráðgjafi var verktaki í nokkrum málum og var í samstarfi við deildarstjóra og sat skilafundi varðandi nemendur skólans eftir þörfum. Deildarstjóri bar einnig ábyrgð á samstarfi við utanaðkomandi stofnanir eins og Ráðgjafa- og greiningarstöð og Geðheilsu- og heilbrigðisstöð barna. Deildarstjóri skipaði og sat teymisfundi viðkvæmra nemenda og hafi umsjón með Nemendaverndarráðsfundum sem haldnir eru fyrsta mánudag í mánuði.

Eftirtaldir kennarar komu að sérkennslu í Álftanesskóla veturinn 2023-2024. Anna Thorlacius 90%, Agnes María Ásmundsdóttir 75%, Katrín Snæland Einarsdóttir 75%, Jóna Karólína Karlsdóttir 25% og Halldóra Sædís Halldórsdóttir 30%. Tveir yfirþroskaþjálfar í 100% stöðuhlutfalli voru starfandi við skólann, Matthildur Matthíasdóttir á yngsta stigi og Una Birna Bjarnadóttir á miðstigi.

Stuðningsfulltrúar sem komu að einstökum nemendum og árgöngum voru, Alex Wheeler, Davíð Þór Ásgeirsson, Iwona Szurmiej, Sigurður Alleyne, Katrín Jónína Gunnarsdóttir, Guðbjörn Harðarson og Sindri Snær Erlingsson

Stoðþjónustan hafði mörg rými til umræða þetta skólaár og voru þrjú farsældarver á vegum þroskaþjálfara og sérkennara þróuð þar sem nemendur gátu valið að fara í annað umhverfi eftir þörfum hvers og eins, auk þess sem sérkennarar gátu tekið út einstaka nemendur og minni hópa í sértæka þjálfun/kennslu.

### Yngsta stig 1.- 4. bekk

Anna Thorlacius var í 90% stöðu sem sérkennari á yngsta stigi.

**1.b** Alls nutu 9 nemendur sérkennslu í lestri í allan vetur, 4 drengir og 5 stúlkur. Í byrjun hausts var lögð fyrir stafabekking og þeir nemendur sem voru byrjaðir að lesa voru lestrarprófaðir. Þrír nemendur tóku lestrarpróf að hausti. Allir nemendur sem voru í sérkennslu fengu þjálfun í hljóðkerfisvitund og stafa og hljóðavinnu 3-4 x í viku. Vel var fylgst með framförum hvers og eins og duttu 3 nemendur út úr sérkennslu um áramótin.

Lesskimun Menntamálastofnunar var lögð fyrir seinnipart október þar sem skoðaðir voru þeir þrír þættir sem spá mestu fyrir um velgengni í lestri á fyrstu árum en það eru *hljóðkerfisvitund, stafabekking og málþroski* og út frá þeim niðurstöður fengu nemendur viðeigandi þjálfun. Sett var í gang málörvunarhópur eftir skimunina sem var 1x í viku ásamt hefðbundinni lestrarkennslu með Pals og stafaspilum.

- Áherslur í vetur
- Efla hljóðkerfisvitund
- Vinnu og þjálfun með heiti stafa og hljóða vikunnar
- Pals þjálfun
- Tengingu stafa og hljóða
- Efla umskráningarfærni
- Málörvun

**2.b** Alls nutu 8 nemendur sérkennslu í vetur í 2. bekk, 5 stúlkur og 3 drengir. Áfram unnið með hljóðkerfisvitund og stafa og hljóðakennslu með spilum. Unnið var með Pals þjálfun í 4-6 manna hópum fyrir áramót sem reyndist afar vel. Slökustu nemendur voru hjá sérkennara en aðrir inni í bekk hjá umsjónarkennurum.

Áhersla var lögð á :

- Tengingu stafa og hljóða
- Pals þjálfun
- Efla hljóðkerfisvitund
- Efla umskráningarfærni
- Efla sjónrænan orðaforða
- Efla lestrarnákvæmni og lestrarlag
- Málörvun
- Efla lesskilning og orðaforða
- Aðstoða við próftöku bæði í íslensku og stærðfræði

**3. b** Alls nutu 8 nemendur sérkennslu lestri, stærðfræði og íslensku í fámennum hópi utan heimastofu. 4 stúlkur og 4 drengir. Markmiðið var að þjálfast lestur; lestrarnákvæmni, lestaröryggi, lestrarlag og lesskilning. Misjafnt var hversu margir nutu sérkennslu hverju sinni og fór það eftir þörfum hverju sinni og hvort um var að ræða stærðfræði eða íslensku. Þá gátu þangað einnig komið inn nemendur sem ekki voru skráðir í sérkennslu en þurftu tilfallandi nánari stuðning við námsefnið.

Áhersla var lögð á :

- Lestur; lestrarnákvæmni, lestaröryggi, lestrarlag og lesskilning
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Ritun
- Pals þjálfun
- Aðstoð við próftökur, í minni hópum bæði stærðfræði og íslensku

**4. b** Alls nutu 13 nemendur sérkennslu í fámennum hópi utan heimastofu, 5 drengir og 8 stúlkur. Sex nemendur komu til sérkennara einslega tvisvar sinnum í viku. Markmiðið var að þjálfast lestur; lestrarnákvæmni, lestaröryggi, lestrarlag og lesskilning. Misjafnt var hversu margir nutu sérkennslu hverju sinni og fór það eftir þörfum hverju sinni og hvort um var að ræða stærðfræði eða íslensku. Þá gátu einnig komið inn nemendur sem ekki voru skráðir í sérkennslu en þurftu tilfallandi nánari stuðning við námsefnið.

Áhersla var lögð á :

- Pals þjálfun
- Efla sjónrænan orðaforða
- Efla lestrarnákvæmni
- Efla lesskilning og orðaforða
- Málörvun
- Aðstoða við próftöku

### **Miðstig 5-7.b**

Katrín Sæland Einarsdóttir var í 75% stöðu sem sérkennari á miðstigi.

**5.b** Umsjónakennarar voru tveir með 26 nemendur og skiptu með sér að aðlaga námsefni að nemendum. Sérkennari vann markvisst að lestrar – og lesskilningsþjálfun hjá 11 einstaklingum. Einnig sá hann um aðlaga námsefni í stærðfræði ásamt því að sinna sérkennslu í íslensku og stærðfræði. Kennslan fór ýmist fram í bekkjarstofu eða í minna rými þar sem fram fór ítarlegri og sérhæfðari kennsla. Umsjónarkennarar skipulögðu gagnvirkan lestur/PALS í samvinnu við sérkennara.

**6.b** Umsjónarkennarar voru tveir með 24 nemendur. Alls voru 3 nemendur í sérkennslu í íslensku 4x í viku. Lagt var upp með markvissa lestrarþjálfun, lesskilning og málfræði. Viðkomandi nemendur eru með einstaklingsnámskrá og fylgdu öðru námsefni en árgangurinn. Sérkennari var oftast utan kennslustofu með sérkennslunemendur í minna rými í ítarlegri og sérhæfðari kennslu.

Auk þess sá sérkennari um að skipuleggja í samstarfi við umsjónarkennara markvissa lestrarþjálfun fyrir allan árganginn 4 x í viku bæði á haust og vorönn. Þjálfunin fólst í endurteknum lestri og gagnvirkum lestri/Pals. Þjálfunin stóð yfir samanlagt í 9 vikur.

**7.b** Tveir kennarar voru með árganginn og skiptu með sér verkum að aðlaga námsefni fyrir nemendur. Sérkennari vann markvisst að lestrar þjálfun hjá 8 einstaklingum. Sérkennsla í íslensku og stærðfræði fór ýmist fram bekkjarstofu eða í minna rými með ítarlegri og sérhæfðari kennslu. Sérkennari sá um í samstarfi við umsjónarkennara að skipuleggja og halda utan um markvissa lestrar – og lesskilnings þjálfun fyrir allan árganginn 1 x í viku. Lestrarþjálfunin fólst í endurteknum lestri og gagnvirkum lestri/PALS.

Áhersla var lögð á:

- Unnið út frá styrkleikum hvers og eins
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð,
- markvisst unnið með mikilvægi þess að gera mistök og læra af þeim
- Námsefni stytt og aðlagað eftir þörfum nemenda
- áhersla á að nemendur finni sínar aðferðir til að leysa verkefni

### **Unglingastig 8. – 10. bekk**

#### **Stærðfræði 8. – 10. bekk**

**8. b** Í stærðfræði var þriðji kennari í öllum kennslustundum og nemendur gátu verið í minna rými eða fengið meiri aðstoð innan bekkjar. Nokkrir nemendur fengu aðlagað námsefni þar sem áhersla var lögð á grunnþætti stærðfræðinnar og dregið úr lesdæmum auk þess sem sérstök áhersla var lögð á hugtakaskilning tengt stærðfræðinni

**9.b** Í stærðfræði stóð nemendum til boða að nýta námsverið þrjá tíma á viku til að vera í minni hóp og fá meiri einstaklingsmiðaða kennslu.

**10.b** Í stærðfræði voru 6-8 nemendur sem fengu aðlagað námsefni eða voru á 70% leiðinni þ.e. tóku ekki allra þyngstu hlutana í hverri lotu. Sérkennslan fór fram í námsverinu að mestu leiti en einnig inn í bekk(nemendur höfðu í raun val og völdu oftast að vera í minni námshóp í námsverinu).

### Íslenska 8. – 10. b

**8.b** Sérkennsla fór mest fram inni í bekk. Nemendur fengu einstaklingsfyrirmæli um vinnu tímans og aðstoð eftir þörfum, við vinnu eða skipulag hennar. Einnig fóru nemendur stundum í minna rými til þess að fá næði eða ítarlegri yfirferð á ákveðnum efnisþáttum. Þrír nemendur með frávík í málþroska, drengur og stúlka, fengu aukalega stuðning sérkennara einu sinni í viku í íslensku og önnur stúlka fékk einu sinni í viku sérstakan stuðning í náttúrufræði við almennan skilning á námsefninu.

**9.b** Sérkennsla fór að mestu leiti fram inni í bekk en tvisvar í viku var þriðji kennari til staðar og gaf nemendum val að fara í minna rými.

**10.b** Sérkennsla fór mest fram inni í bekk. Nemendur fengu einstaklingsfyrirmæli um vinnu tímans og aðstoð eftir þörfum, við vinnu eða skipulag hennar. Nokkrir nemendur viku frá námsefni bekkjar og voru verkefni aðlöguð að þeim í hverri lotu(skorpu). Einnig fóru nemendur stundum í minna rými til þess að fá ítarlegri yfirferð á ákveðnum efnisþáttum eða þeir viku frá námsefni bekkjar.

#### Áhersla var lögð á:

- Efla sjálfstæði og sjálfstraust nemenda
- Sambærileg markmið eða aðlöguð úr aðalnámsskrá
- Styðja og efla nemendur til vinnu inn í bekk

#### Sérúrræði

Á þessu skólaári þurfti að aðlaga skólaumhverfið, stundatöflur, mætingarviðmið að nemendum vegna skólaforðunar. Var það gert í samráði við foreldra, nemendaráð og Fjölskyldusvið. Í flestum tilfellum jókst mætingarhlutfall nemenda. Sérkennsla og stuðningur var færður til og aukinn til að koma sem best til móts við þarfir þessa nemenda.

- Þrír nemendur viku frá námsefni bekkjar að öllu leiti, höfðu stuðning í öllum tímum og aðgang að sérstofu. Áhersla var á fá þessa nemendur inn í skólann og bekkinn og auka veru þeirra í skólann og innan bekkjar með því markmiði að efla skólafærni, vinnufærni, sjálfstæði, námsáhuga og jákvæð samskipti.

#### ÍSAT – íslenska sem annað tungumál

##### Markmið og helstu áherslur

Stuðst var við hæfniviðmið í íslensku sem annað tungumál samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í kringum þau markmið.

##### Kennsluhættir/Skipulag kennslu

**Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT):** Kennsluhættir í íslensku sem öðru tungumáli byggðu á leiðbeinandi kennsluháttum. Byrjað var að kanna þekkingu nemandans á latneska stafrófinu og lestrarfærni hans á eigin móðurmáli. Því næst var farið í að kenna íslenska stafrófið, hljóðkerfi þess og stafrófsvísuna. Lestur á íslensku byrjaði einnig strax þar sem nemandi var vel læs á sínu móðurmáli. Farið var í framburð stafahljóða og umskráningu orða. Hljóð eins og au, e, é, i, í, o, ó, á, ö, g, v, h og æ þurftu reglulega æfingu þar sem að sum hljóðanna eiga sér ekki stað í móðurmáli barnsins og/eða eiga annan framburð. Lestur fór þannig fram að nemandi notaði *google lense* til að ná innihaldi textans á eigin tungumáli, því næst las kennari hægt og skýrt og nemandi fylgi með í hljóði, því næst kórlásu kennari og nemandi saman, þar á eftir las nemandi textann tvisvar sinnum. Kennslustundir fóru fram á íslensku og *google translate* notað við þýðingar. Farið var yfir hugtök í texta og þau glósuð í stílabók og þýdd yfir á móðurmál nemandans. Kennari kynnti einnig strax fyrir nemanda að samsett orð í íslensku væru úr tveimur til fleiri orðum. Fljótlega var byrjað á að fara yfir einfalda málfræðipætti þar sem hægt var að tengja við fyrri þekkingu nemandans í eigin tungumáli; fornöfn, sagnorð, nafnorð, lýsingarorð og töluorð, nútíð og þátíð, eintölu og fleirtölu, samheiti og andheiti, samsettum orð

í íslensku ásamt kyni – kvk, kk, hk og tengt við móðurmál barnsins. Jafnt og þétt var unnið með málfræði og hún ávallt tengd við lestur og ritun.

**Námsefni:** Ritrún 1 og 2, barnabókin 100 fyrstu orðin, orð eru ævintýri, sjónrænn orðaforði – 100 algengustu orðin í íslensku, Kæra dagbók 1, 2 og 3, Ég tala íslensku fyrir spænskumælandi (Skólavefurinn.is), íslenska fyrir mig (Kötluvefurinn.is), íslenska fyrir mig (tungumalatorg.is), Þetta reddast! (kennarinn.is), Orð eru ævintýri – hugmyndabanki fyrir grunnskóla (mms.is), Lestrarlandið, tilbúnar ritunaræfingar sem notaðar voru í sóknarskrift.

### Lausnateymi

Lausnateymi fundar einn mánudag í mánuði og er skipað deildarstjóra sérkennslu, námsáðgjafa, nemendaráðgjafa og reynslu miklum kennara, einnig eru kallaðir inn umsjónakennarar eða aðrir eftir þörfum. Megin markmið lausnateymis er að veita kennurum ráðgjöf vegna hegðunar-, samskipta- og eða námserfiðleika nemenda.

Verklag lausnateymisins. Til að vísa málum í lausnateymið þurfa kennarar að fylla út ákveðin eyðublöð og erindið er tekið fyrir á nemendaverndarráðsfunði og í framhaldinu metið hvort að málinu er vísað til lausnateymisins. Þegar málið er komið inn á borð lausnateymisins er fundað með umsjónakennara og farið yfir þau verkfæri sem skólinn hefur yfir að ráða. Hluti af lausnateyminu fer í beint áhorf og fyllir út matslista svo fundar lausnateymið með umsjónakennara þar sem í sameiningu eru sett niður markmið og leiðir að markmiðum. Eftirfylgni er svo í höndum lausnateymis sem metur hvort að málinu er aftur vísað inn í nemendaverndarráð til frekari úrvinnslu.

### Skólabókasafn

**Bókasafnsfræðingur:** Guðbjörg S. Petersen

#### Húsnæði

Skólasafn Álfthanesskóla og Bókasafni Garðabæjar, Álfthanessafni er samsteypusafn. Safnið er staðsett miðsvæðis í skólabyggingunni. Aðstæður eru nokkuð góðar fyrir nemendur. Í aðalrými er útlánaaðstaða og vinnuaðstaða fyrir nemendur. Þar geta kennarar/stuðningsfulltrúar líka komið með smærri hópa og unnið verkefni. Inn af safninu er rými sem notað er til kennslu á safni og undir lestrarstundir.

Vegna myglu þurfti að loka rýminu fyrir aftan bókasafnið. Eitt rými er opið en það er vinnurými starfsfólks bókasafnsins.

#### Starfsmenn

Á safninu starfa Guðbjörg S. Petersen, kennari í 80% starfi. Guðbjörg veitir safninu forstöðu, sér um skráningu og flokkun allra safngagna ásamt útláni, fræðslu á safninu, aðföngum og það sem til fellur á safninu. Katrín Jónína Gunnarsóttir, stuðningsfulltrúi vinnur snemma á morgnana og stundum þegar kennsla er í gangi (u.þ.b. 1 kennslustund á dag) við útlán og frágang bóka. Safnið er opið þó að kennsla sé á safninu.



#### Safnkostur

Safnkosturinn er bæði frá Álfthanessafni sem er hluti Bókasafns Garðabæjar og frá Álfthanesskóla og er skráður í bókasafnskerfinu Alma sem Landskerfi bókasafna rekur og hefur umsjón með. Í fyrra átti sér stað mikil tiltekt og grisjun bóka sem ekki hafa farið lengi í útlán, sú vinna hélt áfram þennan veturinn.

Flestar bækur eru keyptar í gegnum Pennann/Eymundsson og er tengiliður Benedikt Sigurðsson. Reynt hefur verið að kaupa allar nýútkomnar barnabækur sem fyrst og setja í útlán.

#### Starfsemi

Í ár var hætt að lána allar námsbækur unglíngastígs í gegnum Alma (Ölmu). Nemendur fá bækur lánaðar frá kennurum eða lesa þær rafrænt.

Nemendur taka sjálfir bækur í gegnum sjálfsafgreiðslukerfi. Starfsfólk safnsins er þá ekki eins bundið yfir útlánunum og getur notað tímann í að aðstoða nemendur við bókaval.

## Fræðsla og kynningar

Á haustönn kom 1. – 4. bekkur vikulega á bókasafnið. Í tímum fer fram kennsla á safnið ásamt kynningu á bókum og ýmsum verkefnum. Sem dæmi má nefna ratleikir um safnið, sögustundir, kennsla á Dewey-kerfið, myndasögugerð og margt fleira.

Á vorönn hélt 1. bekkur áfram í vikulegum sögustundum ásamt því að 5., 6. og 7. bekkur kom í bókasafnskennslu. Ekki náðist þó að klára alla hópana í 7. bekk. Farið var yfir hvernig bókum er raðað í hillu, heimildaskráningu, umgengni og reglur auk þess sem ratleikir var um safnið til að læra að leita að bókum eftir höfundum.

Einnig fór þjálfun fyrir upplestrarkeppnina í 7. bekk fram á safninu.



Bjarni Fritz kom og las upp úr nýjustu bókinni sinni fyrir 1. – 7. bekk. Ekki náðist að bóka upplestur fyrir 8. -10. bekk. Bókasafnskennari tók saman alla þá upplestra sem hann komst á snoðir um og sendi á kennarana.

Jólalesturinn tókst vel í ár en þá gátu nemendur valið sér jólabækur og fengu viðurkenningarskjal að launum. Auk þess var boðið upp á 17 nýja bókaklúbba sem margir urðu vinsælir, t.d. Bókaklúbbur Kidda klaufa.

Gáta vikunnar var hengd upp á safninu en þeir nemendur sem vildu svöruðu henni og vikulega var dreginn út einn heppinn sem fékk smá glaðning að launum.

Í samstarfi við Bókasafn Garðabæjar tekur safnið þátt í Sumarlestri 2024. Skólasafnakennari kynnti átakið fyrir nemendum og kennurum. Nemendur skrá sig og fá lestradagbækur. Þeir skrá þær bækur sem þeir lesa í lestrardagbókina og fá límmiða. Eftir hverja bók sem þeir lesa er settur miði í lukkukassa sem dregið er út vikulega. Í lok ágúst verður svo uppskeruhátíð með skemmtiatriðum og grillveislu.

## List- og verkgreinar

### Textílmennt

**Kennari:** Ingunn Elísabet Viktorsdóttir

### Kennsluhættir/skipulag kennslu/skipting hópa

Nemendur við Álfthanesskóla fá fasta textílkennslu frá 1. - 9. bekk. Þeir eru í 10 – 13 manna hópum og kennt er í lotum. Tímabilin ráðast eftir fjölda nemenda á hverju ári. Hver lota er í 9 - 11 vikur í senn og skiptast loturnar á milli hönnunar og smíði, textílmenntar, myndmenntar og að hluta til heimilisfræði. Í ár fengu nemendur í 6. bekk heila önn í textílmennt.

- Nemendur í 1. bekk fengu eina kennslustund á viku, 60 mínútur í senn.
- Nemendur í 2. - 7. bekk fengu tvær kennslustundir á viku, 60 mínútur í senn.
- Nemendur í 8. og 9. bekk fengu eina kennslustund á viku, 60 mínútur í senn.

Kennsluhættir sem stuðst var við voru eftirfarandi; hugmyndavinna og sköpun, verkleg-, sýni- og einstaklingskennsla.

Nemendur í 9. bekk voru í þemaverkefninu „Borð fyrir einn“ sem er samþætting myndmenntar, hönnunar og smíði og textílmenntar. Nemendur fóru í 8 - 9 vikna lotur og fengu eina kennslustund á viku, 60 mínútur í senn. Nemendur fengu að hanna hluti sem hægt var að leggja á borð. Í textílmennt gátu nemendur saumað diskamottu eða servíettu sem þeir skreyttu út frá hugmyndavinnu sinni. Í lok skólaársins héldu nemendur sýningu á verkum sínum og

forráðamönnum var boðið að koma að sjá afraksturinn. Sýningin gekk vel fyrir sig og gaman var að sjá fjölbreytt verkefni nemenda koma saman.

Í ár var boðið upp á valgreininna „Textíl- og fatahönnun“. Valið var í boði á mánudögum og á miðvikudögum. Kennt var báða dagana fyrir áramót, en eftir áramót var aðeins kennt á miðvikudögum.



### Helstu markmið

Markmið textílkennslunnar er að nemandinn öðlist hæfni til að vinna sjálfstætt að mismunandi verkefnum sem líta að textílvinnu. Textílnám byggist meðal annars á þekkingu á eðli og vinnslu efna og ríkri hefð nýtingar og endurnýtingar. Í nútímasamfélagi er mikilvægt að koma í veg fyrir mengun og sóun efna með endurnýtingu og leggja áherslu á sjálfbærni í sem víðastri mynd. Til þess að ná slíkum markmiðum þarf fagfólk sem þekkir efni og eiginleika þeirra og býr yfir hæfni sem þarf til að hagnýta þessa eiginleika.

Textílmennt er ríkur þáttur í íslenskri menningu. Íslenskur útsaumur, tóvinna, þrjón og vefnaður er meðal gersema íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin þarf að þekkja og meta sem veganesti til framtíðar. Þetta veganesti er ekki einungis þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar í því felast líka efnisleg verðmæti og tækifæri til atvinnusköpunar. Handverk var áður órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar en er nú vaxandi atvinnugrein og hluti þeirrar ímyndar sem einkennir íslenska menningu. Textílmennt er einnig ríkur þáttur í félagslegum veruleika þjóðarinnar. Með hannyrðum skapar fólk sér persónulegan stíl, setur svip á heimili sitt og nánasta umhverfi, gleður sig og sína nánustu með því að skapa hluti sem hafa persónulegt gildi. Með hannyrðum hefur þjóðin átt og mun eiga möguleika á að búa í haginn með því að búa til og gera við hluti til daglegra nota. Á tímum breytinga á þjóðlífi og efnahagsástands er verkunnátta á sviði hannyrða samfélagsleg auðlynd og trygging ákveðinna lífsgæða fyrir einstaklinginn.

### Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni skólaársins hafa verið fjölbreytt og skapandi allt frá einföldum útsaum í 1. bekk upp í flóknari viðfangsefni í 9. bekk. Það sem tekið hefur verið fyrir er; einföld útsaumsspor, sníðagerð, að sauma saman í höndunum tvö efni, klippiverkefni, þurrþæfing, þrjón, hekl, kennd undirstaða í notkun saumavéla, saumavéilverkefni og efnisfræði svo eitthvað sé nefnt. Umhverfismennt og endurnýting hefur einnig verið höfð að leiðaljósi í vetur og höfum við meðal annars unnið með efni sem skólanum hefur verið gefið.

Sköpunargleði nemenda var einkennandi fyrir starfið í vetur líkt og árin áður. Nemendur hafa almennt verið glaðir og sýnt viðfangsefninu mikinn áhuga. Gaman var að sjá ólíkan afrakstur nemenda.

### Námsgögn



Notuð eru þau verkfæri sem að greininni lúta. Stuðst er við námsbækurnar *Handbók í textíl, Á prjónunum, Hannyrðir í 3. - 6. bekk, Snið og sniðteikningar, Onion snið*, forritið *Pinterest*, leitarvefinn, ásamt ýmsum tímaritum, sniðum og efni frá kennara. Einnig voru gögn af vef námsgagnastofnunnar nýtt.

### Námsmat

Leiðsagnamat, sjálfsmat og lokamat. Kennari mat frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Í lok skólaársins fengu nemendur lokamat úr textílmennt sem fór á vitnisburðarblað þeirra. Í 1. – 4. bekk fengu nemendur umsögn, nemendur í 5. – 7. bekk fengu hæfnieinkunn (5 tákn) og nemendur í 8. og 9. bekk fengu bókstaf. Við lok 9. bekkjar fengu nemendur lokamat úr list- og verkgreinum sem fylgir þeim úr grunnskóla. Einn bókstafur var gefinn fyrir listgreinar og annar fyrir verkgreinar.

### Mat á starfi vetrarins

Skólaárið gekk nokkuð vel fyrir sig. Nemendur hafa flestir unnið vel og sýnt viðfangsefninu mikinn áhuga og verkefni hafa verið ólík eins og þau eru flest. 1. bekkur mætti áhugasamur og fullur tilhlökkunar fyrir viðfangsefninu. Nemendur voru þjálfaðir í að klippa í efni og pappír ásamt því að sauma einfaldan útsaum og þræða nál. Verkefni voru: klippiæfingar, saumaður bókstafur, munsturverkefni, perl og ormur. 2. bekkur saumaði fígúru/skrímsli eftir eigin sköpun ásamt því að búa til dúsk og vinaarmband. 3. bekkur vann þurrþæfðar fígúru að eigin sköpun og fjallað var um efnisfræði íslensku ullarinnar. Í aukaverkefni var í boði að gera ýmislegt frjálst, undir leiðsögn kennara. Í 4. og 5. bekk lærðu nemendur að prjóna. Verkefnið var að læra undirstöðuatriðin í prjóni, prjóna garðaprjón og prjóna hlut að eigin vali. Aukaverkefnið var meðal annars að búa til dúsk fyrir verk sem kemur til með að prýða kaffistofu kennara. Einnig var mikill áhugi fyrir því að þurrþæfa með nál og ull.



Nemendur í 6. bekk fengu eitt skylduverkefni og að því loknu fengu þeir frjálssar hendur við að skapa það sem þeim langaði til. Þeir höfðu alla önnina þar sem þeir voru tvisvar í viku. Skylduverkefnið var að prjóna húfu, eyrnaband eða trefil og aukaverkefnið urðu fjölbreytt, allt frá því að læra að hekla út í að sauma einfalt veski. Nemendur í 7. bekk saumuðu púða eftir eigin sköpun. Lögð var áhersla á hugmyndavinnu, skapandi vinnubrögð og saumaskap.

Í 8. bekk unnu nemendur með hugmyndavinnu þar sem þeir bjuggu til afurð út frá þema sem þeir völdu. 9. bekkur vann í þemaverkefninu „Borð fyrir einn“ og tókst það vel til. Textíl- og fatahönnun var kennd fyrir og eftir áramót þar sem nemendur máttu sauma, prjóna eða/og hekla einfalt verkefni að eigin vali. Verkefnið urðu fjölbreytt og nóg var að gera í hverri kennslustund.



### Hönnun og smíði

**Kennari:** Nanna Björk Bárðardóttir

**Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa**



Kennsluhættir sem stuðst er við eru; hugmyndavinna og sköpun, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Nemendur í 1. til 9. bekk við Álfstanesskóla fengu í vetur fasta kennslu í Hönnun og smíði. Nemendum innan árganga er skipt í 10-14 manna hópa og er þeim kennt í lotum. Hver lota er 9 til 11 vikur og skiptast loturnar á milli hönnunar og smíði, textílmennatar, myndmenntar og að hluta til heimilisfræði.

Fjöldi kennslustunda í vetur skiptist þannig:

1. bekkur, 1 x 60 mín. á viku.
2. bekkur, 1 x 60 mín. á viku.
3. bekkur, 2 x 60 mín. á viku.
4. bekkur, 2 x 60 mín. á viku.
5. bekkur, 2 x 60 mín. á viku.
6. bekkur, 1 x 60 mín. á viku.
7. bekkur, 2 x 60 mín. á viku.
8. bekkur, 1 x 60 mín. á viku.
9. bekkur, 1 x 60 mín. á viku.

### Helstu markmið;

í Hönnun og smíði er að nemandinn;

- þekki og geti beitt helstu smíðaverkfærum á sjálfstæðan hátt.
- kunni fjölbreyttar vinnuaðferðir.
- hafi frumkvæði og kunnáttu til að velja verkfæri í samræmi við verkefni.
- þekki helstu efni sem unnið er með, eiginleika þeirra, notkunarvið og sýni góða efnisnýtingu.
- geti valið viðeigandi yfirborðsefni og sýni ábyrgð í meðferð þeirra.
- geti útfært hugmyndir sínar, lýst með rissmyndum og unnið sjálfstætt eftir hefðbundnu hönnunarferli.
- geti nýtt sér íslenskan trjávið við hönnun verkefna.
- geti metið eigin verk á ábyrgan hátt og þekki hvaða viðmið gilda almennt um góð vinnubrögð.
- sýni viðhorfum og skoðunum annarra virðingu.

### Helstu viðfangsefni



Verkefni vetrarins m.a.: 1. bekkur; fuglahús, furðufígúra, 2. bekkur; púsluspil, 3. bekkur; myndarammi og sprellifígúra, 4. bekkur; tímaritabox, 5. bekkur; gríma, Íslandspúsl og Tangram, 6. bekkur; bókastoð og snagi, 7. bekkur; gestabók, lyklakippuskraut úr áli, 8. bekkur; skartgripi úr messing og kopar, 9. bekkur; kökuspaði úr messing.

Alltaf er mikil áhersla á að nemendur hanni og útfæri verkefni á persónulegan hátt en fari eftir leiðbeiningum kennara í notkun verkfæra og meðhöndlun efnis.

Allir nemendur vinna í ferilmöppur þar sem áhersla er á heiti efnis og verkfæra sem þarf fyrir hvert verkefni fyrir sig. Möppurnar innhalda einnig hugmyndavinnu nemenda. Ferilmöppurnar fá nemendur afhentar við lok skólagöngu Álfstanesskóla.

### Námsmat

Kennari metur lykilhæfni allra nemenda auk hæfniviðmiða og skráir í Mentor. Kennari metur nemendur í 1. til 7. bekk með umsögnum og nemendur í 8. og 9. bekk með bókstöfum.

### Mat á starfi vetrarins



Í heildina litið gekk veturinn mjög vel. Kennari hefur markvisst hvatt nemendur til að nota eigið hugmyndaflug við útfærslu og útlit verkefna.

## Heimilisfræði

**Kennari:** Sigrún Halldóra Andrésdóttir

### Kennsluhættir/skipulag kennslu/skipting hópa

Nemendur við Álfþanesskóla í 2., 4., 8. og 9. bekk fá fasta heimilisfræðikennslu. Þeir eru í 9 – 13 manna hópum og kennt er í lotum

- Nemendur í 2. og 4. bekk fengu tvær kennslustundir á viku, 60 mínútur í senn.
- Nemendur í 8. og 9. bekk fengu eina 60 mínútna kennslustund.

Kennsluhættir sem stuðst var við voru eftirfarandi; hugmyndavinna og sköpun, verkleg-, sýni- og einstaklingskennsla.

### Helstu markmið

Markmið heimilisfræðikennslunnar er að nemandinn öðlist hæfni til að vinna sjálfstætt að mismunandi verkefnum sem líta að heimilisfræði. Heimilisfræði byggist meðal annars á mikilvægi hreinlætis, mismunandi; hráefnum, áhöldum, aðferðum og að geta lesið uppskriftir. Kennsla var að mestu verkleg, unnið er í tveggja manna hópum og lögð er áhersla á að auka þekkingu og leikni nemenda við fjölbreyttan bakstur og notkun á mismunandi hráefnum. Einnig er lögð mikil áhersla á frágang undir lok kennslustundar. Nemendur læra sjálfstæði í vinnubrögðum, útfæra verkefni á sinn hátt og hafa gaman af.

### Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni skólaársins hafa verið fjölbreytt, allt frá einföldum uppskriftum í aðeins flóknari. 2. bekkur hefur til dæmis aðallega unnið með tlibúin degið sem kennarinn var búin að hræra í til þess að möguleiki væri á að nemendur gætu tekið afraksturinn með sér heim. Aftur á móti hafa 4. 8. og 9. bekkur unnið allt sjálf frá upphafi til enda. Það sem tekið hefur verið fyrir er; mismunandi mælieiningar (dl, msk, tsd t.d.), geta lesið uppskriftir, stillt bakaraofnana, þekkt muninn á hollu fæði og óhollu, þekkt hráefni, að vinna saman með ólíkum aðilum svo einhvað sé nefnt.

Ánægja nemenda með heimilisfræði var áberandi fyrir starfið í vetur. Nemendur hafa alltaf verið glaðir, hlakkað til að koma í næsta tíma og sýnt viðfangsefninu mikinn áhuga. Gaman var að vinna með svona jákvæðum hópi nemenda.

### Námsgögn

Notuð eru þau verkfæri sem að greininni líta. Stuðst var við leitarvefinn, ásamt ýmsum uppskriftum úr einkaeign kennara og uppskriftum frá öðrum kennara. Einnig voru gögn af vef námsgagnastofnunnar nýtt.

### Námsmat

Leiðsagnamat og lokamat. Kennari mat frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Í lok skólaársins fengu nemendur lokamat úr textílmennu sem fór á

vitnisburðarblað þeirra. Í 2. og 4. bekk fengu nemendur umsögn og nemendur í 8. og 9. bekk fengu bókstaf.

### Mat á starfi vetrarins

Veturinn hefur einkennst af gleði og vinnusemi. Gaman og gefandi hefur verið að fylgjast með vinnusemi og áhuga nemenda á mismunandi bakstri. Sú gleði og eftirvænting sem þessum tímum fylgdi staðfestir mikilvægi verkgreina í skólastarfinu. Það sem hefði mátt vera öðruvísi var að kennslustundin hefði mátt vera lengri, til dæmis 80 mínútur í stað 60. Í vetur hefur kennari lagt áherslu á góða umgengni, hreinlæti og frágang verkfæra.

### Myndmennt

**Kennari:** Nada Borosak


#### Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa

Nemendur við Álftanesskóla eru með fasta tíma í myndmennt í 1. – 9. bekk.

Nemendur eru í 10 - 13 manna hópum.

Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein á u.þ.b. 9 vikna fresti sem skiptist á milli smíða, textíls og myndmenntar.

1. bekk var kennt 1 x 60 mín. á viku.
2. bekk var kennt 1 x 60 mín. á viku.
3. bekk var kennt 2 x 60 mín. á viku
4. bekk var kennt 2 x 60 mín. á viku
5. bekk var kennt 2 x 60 mín. á viku.
6. bekk var kennt 1 x 60 mín. á viku.
7. bekk var kennt 2 x 60 mín. á viku.
8. bekk var kennt 1 x 60 mín. á viku.
9. bekk var kennt 1x 60 mín. á viku



### Helstu markmið í myndmennt



Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra að tjá sig á skapandi hátt. Í því ferli þróa nemendur leikni í ólíkri tækni, s.s. í teikningu, málun, leirmótun, klippiaðferð, þrykk og sköpun úr verðlausum eignum. Að mati kennara og samkvæmt umhverfisáherslum Álftanesskóla er mikilvægt að koma í veg fyrir mengun og sóun efna með því að leggja áherslu á endurnýtingu og sjálfbærni.

Nemendur skapa sjónræn verk og vinna út frá eigin getu með virkjun ímyndunaraflsins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist í víðari samhengi skapast svo tækifæri til að þjálfa orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að leyfa nemendum að velja inntak verka eða miðil í myndmennt er hægt að efla frumkvæði þeirra. „Vaxandi hugarfar“ er verkefni sem unnið var markvisst með nemendum í myndmennt. Að mati kennara er þetta góð leið að virkja nemendur bæði í verkefnagerð og samtali um listsköpun.

### Námsgögn

Sérútbúin gögn frá kennara og netið.

### Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni skólaársins hafa verið fjölbreytt og skapandi og hafa tengst námsefninu, þeim, árstíðum, hátíðum, uppákomum, nær samfélaginu og veröldinni.

Umhverfismennt og endurnýting með áherslu á sköpun og sjálfbærni hefur verið að leiðarljósi í vetur eins og áður fyrr. Kennari hefur nýtt öll tækifæri í að fjalla um mikilvægi þess að skoða uppruna, framleiðslu, efnisnotkun og nýtingu þess efnis sem við vinnum með. Sköpunargleðin var einkennandi fyrir starfið í vetur og var það áberandi bæði í efnisnotkun og hugmyndaríkum útfærslum verkefna.

### Námsmat



Munnlegt endurgjöf/leiðsagnarmat fór fram í tímum. Lokamat var skráð í Mentor. Námsmat byggist fyrst og fremst á virkni í tímum, þátttöku, frumkvæði við verkefnagerð og sköpun. Lykilhæfni nemenda er metin af kennurum í Mentor. Nemendur í 1.-7. bekk fá umsögn sem lokamat, nemendur í 8.-9. bekk eru metin með bókstöfum. Nemendur í 9. bekk fá lokamat í listgreinum/myndmennt sem gildir út grunnskólagöngu þeirra. Afhending vitnisburðar er að vori við kennslulok.

### Mat á skólstarfi

Myndmenntakennsla í ár var að meirihluta með venjulegu sniði. Verkefni voru sér valin með tilliti til hópasetningar á hverju sinni og efnisnotkunar. Að mati kennara gekk vel að leiðbeina nemendum í verkefnavinnu og sköpun. Það sem bættu/breyta þarf fyrir næsta skólaár væri skilvirkara úrræði fyrir nemendum með hegðunarferðleika.

### Skólaípróttir

**Kennarar:** Björgvin Júníusson, Linda Björk Thorlacius, Ragnar Arinbjarnarson og Samúel Ívar Árnason

#### Sund

##### Yngsta stig (1.- 4. bekkur)



Í sundkennslu á yngsta stigi í Álftanesskóla leggja kennarar megináherslu á vatnsaðlögun og leiki. Grunnfærni í helstu sundaðferðum er kennd mikið í gegnum leik og stöðvar til þess að nemendur fái sem jákvæðasta upplifun af sundiðkun. Aðallega er kennt í innisundlaug. Nemendur fá einn 60 mínútna sundtíma í viku allt skólaárið. Íþróttakennarar ásamt starfsfólki Íþróttamiðstöðvar leggja áherslu á að nemendur læri að umgangast sundstað á öruggan hátt ásamt því að tileinka sér hreinlæti.

**Námsmat:** Í sundi á yngsta stigi gefa kennarar nemendum umsögn sem byggð er á virkni, áhuga og samskiptum. Einnig meta kennarar nemendur út frá markmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

##### Miðstig (5.- 7. bekkur)

Í sundkennslu á miðstigi leggja kennarar meiri áherslu á að kenna rétta útfærslu sundaðferða. Kennarar fara ýtarlegar í tækniatriði varðandi sund, taka tímatökur ásamt því að auka þol með því að synda lengri vegalengdir. Aðallega er kennt í útilaug. Á miðstigi fá nemendur einn 60 mínútna sundtíma í viku allt skólaárið. Íþróttakennarar ásamt starfsfólki Íþróttamiðstöðvar leggja áherslu á að nemendur læri að umgangast sundstað á öruggan hátt ásamt því að tileinka sér hreinlæti.

**Námsmat:** Í sundi á miðstigi gefa kennarar nemendum hæfnieinkunn í heildarmati sem byggð er á virkni, áhuga og samskiptum. Einnig meta kennarar nemendur út frá markmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

##### Elsta stig (8. – 10. bekkur)



Í sundkennslu á elsta stigi leggja kennarar helst áherslu á að nemendur auki færni sína í helstu sundaðferðum. Tímatökur fá aukið vægi í kennslunni auk þess að nemendur synda lengri vegalengdir með það að markmiði að auka þrek og þol. Nánast eingöngu er notast við útilaug í kennslu á elsta stigi. Á elsta stigi er kynjaskipt að undanskildum 10.bekki og fá nemendur einn 60 mínútna sundtíma í viku allt skólaárið. Íþróttakennarar ásamt starfsfólki Íþróttamiðstöðvar leggja áherslu á að nemendur læri að umgangast sundstað á öruggan hátt ásamt því að tileinka sér hreinlæti.

**Námsmat:** Kennarar gefa nemendum einkunn út frá markmiðum aðalnámskrár grunnskóla (bókstafur A-D).

## Íþróttir

### Yngsta stig (1.- 4. bekkur)

Í íþróttakennslu á yngsta stigi í Álftanesskóla leggja kennarar megináherslu á fjölbreytt hreyfinám þar sem stærsti hluti námsins fer fram í gegnum leiki og stöðvabjálfun. Kennarar taka fyrir æfingar sem reyna bæði á gróf- og fínhreyfingar, auk þess að vinna með samskiptafærni t.d. í gegnum hópleiki. Nemendur eru með einn 60 mínútna íþróttatíma í viku allan veturinn. Útiíþróttir eru kenndar í 2.-4. bekk í byrjun haustannar og lok vorannar en 1. bekkur fer einungis í útiíþróttir að vori. Allir íþróttatímar eru 60 mínútur.

**Námsmat:** Í íþróttum á yngsta stigi gefa kennarar nemendum umsögn sem byggð er á virkni, áhuga og samskiptum. Einnig meta kennarar nemendur út frá markmiðum aðalnámskrár grunnskóla.

### Miðstig (5.- 7. bekkur)



Í íþróttakennslu á miðstigi í Álftanesskóla leggja kennarar aukið vægi á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og hreysti nemenda. Þá eru hinar ýmsu íþróttagreinar og krefjandi leikir kynntir fyrir nemendum. Allir bekkir á miðstigi fá einn íþróttatíma í viku sem er 60 mínútur.

**Námsmat:** Í íþróttum á miðstigi gefa kennarar nemendum hæfnieinkunn í heildarmati sem byggð er á færni, ástundun og samskiptum. Einnig meta kennarar nemendur út frá markmiðum aðalnámskrár grunnskóla.

### Elsta stig (8. – 10. bekkur)

Í íþróttakennslu á elsta stigi í Álftanesskóla markast kennslan í auknum mæli að fræðilegum hluta íþróttaiðkunar og heilsueflingar. Reynt er að kynna sem flestar íþróttagreinar fyrir nemendum með það að leiðarljósi að áhugi þeirra kvikni á heilsueflingu til framtíðar. Allir bekkir á elsta stigi fá einn 60 mínútna íþróttatíma í viku nema 10.bekki sem fær 60 mínútur tvisvar sinnum í viku.

**Námsmat:** Í íþróttum á elsta stigi gefa kennarar nemendum einkunn sem byggð er á færni, ástundun og samskiptum. Einnig meta kennarar nemendur út frá markmiðum aðalnámskrár grunnskóla.

### Sameiginleg verkefni

-Álftanesskóli tekur þátt í verkefninu „Göngum í skólann“ þar sem allir starfmenn og nemendur ganga hring um Álftanesið. Einnig er bryddað upp á umræðum um t.d. mengun, orku, náttúruvernd, hjólreiðar og heilbrigði.

-Í tengslum við unglitardaga í lok apríl aðstoðuðu íþróttakennarar við framkvæmd tískusýningar. Þar sýndu nemendur sem völdu að taka þátt, tískufatnað, þar sem nýttur var

afgangur úr hinum ýmsu endurvinnanlegu efnum sem finnast bæði heima og í skólanum. Einnig tóku íþróttakennarar virkan þátt í annarri dagskrá unglustardaga.

-Starfsfólk skólans léttir lund með því að spila við nemendur 10.bekkjjar í fótbolta sem nú var spilað á Forsetabikarnum (bæjarhátíð) þann 9.maí.

-Vorleikar/Íþróttadagur var haldinn 6.júní 2024. Settar voru upp 4 stöðvar og nemendum skipt í jafnmarga hópa, 2 árgangar á stöð þar sem 10. bekkur aðstoðuðu á stöðvum og 9.bekkur fylgdi og aðstoðaði nemendur í 1,2, 5 og 6.bekk.



### Húsnæði – aðbúnaður

Aðstæður til sundkennslu eru eins og best verður á kosið. Skólinn hefur til umráða útisundlaug sem er 25m x 12,5m og innilaug sem er 12,5m x 7,5m. Flest áhöld eru til staðar þó alltaf sé hægt að bæta við til að gera kennsluna fjölbreyttari og skemmtilegri. Að sama skapi væri mikill akkur í að koma hjóðkerfi í stand, svo auðveldara sé að koma skilaboðum áleiðis í kennslunni. Sundlaugar voru samnýttar með nemendum úr Urriðaholtsskóla.

Aðstæður til íþróttakennslu eru einnig mjög góðar. Íþróttasalurinn er stór með möguleika á

tvískiptingu. Einnig er mögulegt að kenna úti á gervigrasvelli, grasvelli UMFÁ og á körfuboltavelli og leiksvæðum á skólasvæði.

### Mat á starfi vetrarins

Almennt hefur íþrótt- og sundkennslan gengið vel á yfirstandandi skólaári. Kennarar telja að þeir hafi náð mjög vel að koma til móts við mismunandi áhugasvið og hreyfiparfir nemanda. Íþróttakennarar Álftanesskóla telja að núverandi kennslufyrirkomulag, þar sem kennt er 60 mínútna tími allan veturinn, henti afar vel. Til að auka gæði kennslunnar og tryggja öryggi nemenda er mikilvægt að hafa tvo kennara þegar sundhópar fara yfir 15 nemendur. Að sama skapi er talsvert auðveldara að mæta mismunandi þörfum nemendahópsins þegar 2 kennarar stjórna tímanum en þegar 1 kennari gerir það. Þetta árið lauk 9.bekkur 10.sundstigi á vordögum og er ekki annað að sjá en að þetta fyrirkomulag mælist vel fyrir hjá nemendum.



### Upplýsinga- og tæknimennt

**Kennsluráðgjafi í upplýsinga- og tæknimennt:** Anna Svanhildur Daníelsdóttir

Kennsluráðgjafi hefur það að markmiði að efla upplýsinga- og tæknimennt á öllum stigum, styðja við innleiðingu nýrrar tækni og nýjunga í skólastarfinu og vera starfsfólki innan handar við samþættingu upplýsingatækni við aðrar námsgreinar.

Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt miðar að því að nemendur geti nýtt sér upplýsinga- og tæknimennt í tengslum við allt nám og störf. Allir hópar í 1.- 8. bekk fengu á skólaárinu fasta tíma í stundatöflu þar sem áhersla var lögð á kennslu á tækni og búnað, vinnulag og vinnubrögð og siðferði og öryggismál. Þeir tímar voru ýmist í höndum umsjónarkennara eða upplýsingamenntakennara og var kennsluráðgjafi þeim innan handar. Áhersla var lögð á að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar þar sem upplýsingaöflun, sköpun, miðlun og úrvinnsla voru til grundvallar. Kennsluáætlanir fyrir hvern árgang voru unnar að hausti af þeim kennurum sem sáu um kennslu í upplýsingamennt og studdust þeir við áætlanir sem kennsluráðgjafar í Garðabæ unnu og hafa endurskoðað ár hvert.

Á yngsta- og miðstigi voru allir hópar með iPada í bekkjarstofum, 1. – 3. bekkur nýttu sér einnig fartölvuvagn fyrir kennslu í upplýsingamennt. 4. bekkur var með Chromebook, eitt bekkjarsett á árganginn. Miðstig var einnig með Chromebook inn í bekkjastofum, ein Chromebook á nemanda. Á elsta stigi höfðu nemendur aðgang að BYOD netkerfi skólans fyrir eigin tæki og gerðu ásamt foreldrum samning um nýtingu og ábyrgð eigin tækja í skólanum. Nemendur gátu því nýtt eigin tæki í starfinu en höfðu einnig aðgang að Chromebook, ein Chromebook á nemanda. Elsta stigið hafði aðgang að 15 iPöðum. 10 iPadar voru sérmerktir nemendum í sérkennslu.

Áfram var unnið í skýjalausninni G-svítunni. Mið- og elstastig nýttu Google umhverfið mjög mikið í kennslu og má þar helst nefna Classroom. 4. bekkur byrjaði að nota G-svítuna einnig og voru bæði kennarar og nemendur að æfa sig að vinna í Classroom. Mikil ánægja hjá 4. bekk að fá afnot af Chromebook. Mikil vinna og tími fór í persónuverndarlögin og áhættumat á hugbúnaði og öppum.

Kennsluráðgjafi vann hörðum höndum í upphafi skólaárs að skrá alla iPada inn í nýtt þjónustakerfi, Jamf.

Kennsluráðgjafi fór inn í árganga og aðstoðaði með upplýsingatækni og forritun og aðstoðaði með hin ýmsu verkefni eftir óskum og þörfum kennara og nemenda. Má þar nefna Book Creator, vefsíðugerð, Classroom, forritunarverkefni og ýmislegt fleira. Bæði kennarar og nemendur sóttust mikið eftir aðstoð kennsluráðgjafa þegar tölvur og tæki virkuðu ekki og eins þegar þeir þurftu aðstoð við hin ýmsu skólaverkefni.

Kennsluráðgjafi stofnaði skólaaðgang í Typing.com þar sem hann setti inn íslenskar æfingar til að æfa fingrasetningu. Hann stofnaði 4. – 8. bekk inn í Typing.com og setti alla nemendur þar inn með gervíðauðkennum þeirra vegna persónuverndarlaga. Kennsluráðgjafi boðaði, þá kennara sem kenna upplýsingamennt í 4. – 8. bekk í kennslu til sín þar sem hann fór yfir hvernig þeir ættu að nýta þetta kerfi með sínum nemendum. Mikil ánægja hjá kennurum með Typing.com.

Kennsluráðgjafi aðstoðaði við myndbandaupptökur á hinum ýmsu verkefnum, t.d. árshátíð, jólasveinavísur og fleiri uppákomur. Einnig sá kennsluráðgjafi um hljóð og mynd í sal þegar uppákomur áttu sér stað hvort sem það var hjá nemendum, starfsfólki eða gestum að utan.

Kennsluráðgjafi gerði leiðbeiningar fyrir hina ýmsu hugbúnaði og kerfi fyrir kennara til að fara eftir til að auðvelda þeim að nýta fjölbreyttar aðferðir í kennslu sem snúa að upplýsinga- og tæknimennt.

Kennsluráðgjafi hélt utan um innlögn á nemenda- og starfsmannakönnunum. Einnig sá kennsluráðgjafi um heimasíðu skólans.

Kennsluráðgjafi kenndi forritun í valfrelsi á miðstigi. Notast var við Spike Lego.

## **Framtíðarsýn**

Tekin hefur verið ákvörðun um að nemendur á yngsta stigi verði áfram með iPad tæki til afnota. Skólinn heldur sama fjölda iPad tækja og hann var með og verða 50 af elstu tækjunum endurnýjuð. Nemendur á mið- og elstastigi verði með Chromebook vélar. Gert er ráð fyrir að nemendur í 4. bekk fái gamlar PC vélar útbúnar sem Chromebook vélar en nemendur í 5.-10. bekk fái Chromebook vélar.

Tölvudeild mun taka til sín allar spjaldtölvur um leið og skólustarfi lýkur. Spjaldtölvurnar verða nær allar straujaðar og settar upp á nýtt því uppsetningin sem miðaði við shared iPad gaf ekki góða raun. Því þarf að endurraða og endurmerkja miðað við það skipulag sem lagt verður upp með

Allar Chromebook tölvur munu einnig fara á tölvudeild þar sem þær verða yfirfarnar, uppfærðar og þeim endurraðað fyrir dreifingu á skólana. Af þessum sökum þarf að endurskipuleggja allan Chromebook flotann, yfirfara, endurmerkja og raða upp í nýtt skipulag fyrir nýtt skólaár.

Stefnt er að því að allir nemendur skrái sig inn í G-svítuna undir gerviauðkenni næsta vetur. Það veitir þeim möguleika á að vinna með ýmsar hugbúnaðarlausnir sem að öðrum kosti væri ófært að nota. Áfram er ljóst að aukin meðvitund og eftirfylgni varðandi persónuverndarmál hefur sett mark sitt á kennslu, aðferðir og notkun hugbúnaðar í skólustarfinu og viðbúið að það setji enn meira mark á skólustarfið.

Starf kennsluráðgjafa hefur verið lagt niður og mun verkefnastjóri í 20% stöðu sinna þeim störfum sem kennsluráðgjafi hafði innan skólans. Garðabær hefur auglýst eftir verkefnastjóra í upplýsinga- og tæknimálum skóla og mun hann sinna miðlægrri verkefnastjórn ásamt þróun fyrir upplýsinga- og tæknimál í skólum.

## **Náms- og starfsráðgjöf**

**Náms- og starfsráðgjafi:** Salvör Kristjánsdóttir

Allt skólustarf miðar að því að nemendur öðlist þekkingu og þroska svo að þeir geti orðið sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar. Ýmsir þættir í lífi nemenda geta haft áhrif á þetta ferli, t.d. félagstengsl, fjölskylduástandur og áhættuhegðun. Slíkir þættir geta stuðlað að vanlíðan sem getur haft veruleg áhrif á skólagöngu barnsins og þarf þá að hafa viðeigandi úrræði við höndina til að mæta barninu þar sem það er statt.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru víðtæk og fjölbreytt og taka til margra þátta. Hlutverk þeirra er að greina þau vandamál sem hefta námsgetu einstakra nemenda og veita þeim persónulega ráðgjöf, ráðgjöf til fjölskyldu barnsins og veita fræðslu í stuðnings- og forvarnarskyni. Sérstaðan felst í því að börn og unglingar geti haft greiðan og milliliðalausan aðgang að ráðgjafa í umhverfi sem þau þekkjá. Ekki eru allir nemendur með félagsleg vandkvæði en eiga samt í námserfiðleikum. Sum þurfa að læra námstækni þegar önnur eru með sértæka námserfiðleika. Þá nemendur verður ráðgjafinn að halda vel utan um og leggja áherslu á jákvæð samskipti við barnið, foreldra þess og kennara, en mikilvægt er að einblína á sterkar hliðar barnsins til að auka sjálfstraust og sjálfstílfirningu, en jafnframt þjálfá veikar hliðar þess líka.

## **Verkefni skólaársins 2023-2024**

Skólaárið 2023-2024 stunduðu tæplega 400 nemendur nám í Álfþanesskóla. Rúmlega 70 nemendur komu að borði náms- og starfsráðgjafa. Ef litið er á aldur þá voru langflestir úr 10. bekk og þar á eftir úr 8. og 9. bekk, mesti þunginn er í unglingadeild en málefni nemenda þar eru oft flókin og þarfnast frekari úrlausnar.

Eðli mála voru mismunandi, erindi nemenda oft á þann veg í byrjun viðtals að um námsvanda var að ræða, en orsakirnar lágu oftast en ekki í persónulegum eða félagslegum vandkvæðum, má t.d. nefna félagslega erfiðleika, námsvandamál, erfiðleika innan fjölskyldunnar, veikindi, hegðunarvanda eða sambland af mörgu. Nemendur leita sjálfir til námsráðgjafa, er vísað af umsjónakennara, skólastjórnendum eða foreldrar hafa samband og óska ráðgjafar.

Daglega komu að meðaltali 5-7 nemendur til náms- og starfsráðgjafa í vetur. Þegar nemandi kemur í fyrsta viðtal fer fram frumgreining. Flestir koma svo í 1-5 viðtöl þar á eftir þar sem gerð er greining á aðstæðum og ráðgjafinn heldur svo áfram að vinna með viðkomandi nemanda eða honum er vísað þangað sem við á. Þetta skólaár voru margir nemendur með fastan tíma



og mættu hálfsmánaðarlega eða einu sinni í viku en það fór eftir eðli mála og sumir nemendur komu oftár. Náms- og starfsráðgjafi tók einnig viðtöl við alla nýja nemendur skólans.

### **Samráðs- og teymisfundir**

Náms- og starfsráðgjafi sat marga fundir í vetur með umsjónarkennurum, stjórnendum og öðrum sérfræðingum innan skólans ásamt foreldrum og sérfræðingum í stoðþjónustu. Má þar til dæmis nefna:

- *Teymisfundir:* Náms- og starfsráðgjafi sat eftirfylgnifundi varðandi einstaka nemendur þar sem ákveðið teymi sat fundina, í sumum málum var hann teymisstjóri.
- *Nemendaverndarráðsfundir:* Fundað var einu sinni í mánuði ásamt sálfræðingi og starfsmanni fjölskyldusviðs Garðabæjar.
- *Snillingafundir:* Reglulegir fundir þar sem farið var yfir ákveðna nemendur eða heilu bekkina sem þurfti að vinna með og finna lausnir á miklum vanda.
- *Samskiptateymi:* Teymið fundaði með formlegum hætti nokkrum sinnum yfir skólaárið en það vann bæði að forvarnarmálum og vann samkvæmt samskiptaáætlun skólans þegar slík mál komu upp.

### **Nemendaráðgjöf**

**Nemendaráðgjafi:** Þorgerður Elín Brynjólfssdóttir

Helstu verkefni nemendaráðgjafa eru að koma að nemendamálum til þess að létta á umsjónarkennurum. Einnig sat nemendaráðgjafi í nemendaverndarráði, eineltisteymi skólans og forvarnarráði, var fyrir hönd skólans í vinnu vegna forvarnaviku Garðabæjar og kom að forvarnaráætlun skólans ásamt námsráðgjafa.

### **Verkefni skólaársins 2023-2024**

Daglegt starf fólst í viðtölum við nemendur. Nemendum var vísað til nemendaráðgjafa af umsjónarkennara, foreldrum eða stjórnendum og í flestum tilfellum var um að ræða félagslegan vanda eða aðra vanlíðan. Sumir nemendur komu reglulega í ótilgreindan tíma á meðan aðrir stoppuðu styttra við. Nokkrir nemendur voru í reglulegum viðtölum allan veturinn.

Einnig sá nemendaráðgjafi, ásamt náms- og starfsráðgjafa, um próftöku 1x í viku fyrir þá sem misst höfðu af vegna veikinda/leyfis. Einnig fengu nemendur leyfi til að taka próf í næði hjá þeim á öðrum tímum.

Nemendaráðgjafi kom að skipulagi á fræðslu í 2. bekk - Krakkarnir í hverfinu og í 3. bekk – Leyndarmálið. Var einnig með Kvan kennslu í 8 vikur í einum 3. bekk á vorönn.

Í vetur bauð nemendaráðgjafi öllum nemendum í 10. bekk að koma í markþjálfun og þáðu það 31 nemandi. Þeir komu í 2 viðtöl og var 3ja viðtalið í boði, nokkrir þáðu það.

Nemendaráðgjafi sá um kennslu í Náms- og starfsráðgjöf í 10. bekk ásamt náms- og starfsráðgjafa skólans. Á haustönn komu inn gestakennarar að prufukeyra námsefni sem er í vinnslu, það gekk vel. Á vorönn var farið í framhaldsskólakynningar, starfsfræðslu, vinnustaðaheimsóknir og ferilskrá ásamt öðru.

### **Samráðs – og teymisfundir**

Fundir eru stór hluti af starfi nemendaráðgjafa. Fundir með umsjónarkennurum, stjórnendum og sérfræðingum í stoðþjónustu voru margir enda tengdust þeir líðan og almennri velferð nemenda. Teymi voru stofnuð um þá nemendur sem sérstaklega þurfti að fylgja eftir og styðja við.

Fundir í Eineltisteymi voru nokkuð reglulegir vegna eftirfylgdar við mál sem komu á borð þess.

Nemendaverndarráð fundaði 1x í mánuði og stjórnendafundur í skólanum að jafnaði 1x í mánuði.

## Uppeldi til ábyrgðar, leiðbeinandi kennsluhættir og vaxandi hugarfar

**20% verkefnastjórn:** Hildur Karlsdóttir verkefnastjóri

Stigsstjórn á miðstigi felur í sér að sitja stóran stjórnendafund sem er einu sinni í mánuði og halda utan um stigsfundum sem haldnir eru á fyrsta og þriðja þriðjudegi í hverjum mánuði.

Önnur verkefni vetrarins voru að halda utan um og styðja við vinnu með leiðsagnarnám, vaxandi hugarfar og Uppeldi til ábyrgðar í Álfþanesskóla. Eftirfarandi verkefni voru á dagskrá í vetur á fræðslufundum:

- Grunnnámskeið í leiðsagnarnámi með þeim sem voru nýir í vetur og frá fyrra ári. Fórum yfir stóran hluta efnis sem byggir á bókinni Leiðsagnarnám eftir Nönnu Kristínu fyrir áramót.
- Í uppeldi til ábyrgðar var lögð áhersla á minna fólk á þau verkfæri sem við eigum í verkærakestunni okkar á samskrá og á heimasíðunni okkar sem er hliðarsíða á heimaskíðu skólans. Vinna við að endurskoða efni.
- Glærur í uppeldi til ábyrgðar til að nota sem upprifjun á stigsfundum.
- Leiðsagnarnámi, blönduð upprifjun.

## Vaxandi hugarfar og leiðsagnarnám:

Fræðslufundir:

- Hattie og niðurstöður menntarannsókna – Horft á myndbönd, samantekt á lærdómi sem af þeim má draga og umræður.
- Markmið og árangursviðmið – horft á myndbönd, samantekt á lærdómi og loks kynningar frá völdum kennarapörum.
- James Nottingham – horft á myndbönd, farið yfir áskoranir í námi og námsgryfjuna.

## Uppeldi til ábyrgðar:

Í skólanum eru til möppur sem verkefnastjóri útbjó fyrir mörgum árum síðan, sem inniheldur markmið og verkefni til að nota í hverjum árgangi fyrir sig í Uppeldi til ábyrgðar. Þetta efni er farið að eldast og fór hluti af mínum tíma sem verkefnastjóri að endurskoða efnið, yfirfara það og setja saman í kennslubók fyrir kennara. Í vetur náðist að ljúka vinnubók fyrir 1. – 2. bekk og að hluta til fyrir 3. – 4. bekk.

Hlutverk mitt yfir skólaárið fólst einnig í að vera starfsfólki sem er að fóta sig í þessum verkefnum innan handar.

## Leikjaleiðtogar

**Verkefnastjóri:** Þorgerður Elín Brynjólfsdóttir

Leikjaleiðtogar störfuðu 2x í viku í fyrstu frímínútum í vetur.

Á haustönn voru 26 leikjaleiðtogar í 4. – 7. bekk. Þakkardagur var haldinn í byrjun desember og farið í Laugarásbío.

Á vorönn voru 19 leikjaleiðtogar í 4. – 6. bekk og var þakkardagur haldinn um miðjan maí þar sem skundað var í Laugarásbío.

Gott samstarf hefur verið við Laugarásbío undanfarin ár í tengslum við þakkardaginn.

Á skólaárinu störfuðu því alls 45 leikjaleiðtogar.

Við merkjum þreytu hjá 7. bekk enda eru þau að ljúka sínu 4. starfsári. Við ákváðum að óska eftir leikjaleiðtogum úr árganginum í staðinn fyrir að láta nemendur velja. Þeir sem höfðu áhuga á að starfa í verkefninu fengu að vera með á haustönn. Ekki var boðið upp á

leikjaleiðtoga í 7. bekk á vorönn því þar hefur áhuginn minnkað verulega og flestir fengið tækifæri áður.

Okkur fannst þetta ganga betur heldur en að láta velja. Starfið gekk vel þar sem þetta var þeirra ákvörðun.



Boðið var upp á Frímínútnafjör sem val á elsta stigi en það var einn nemandi sem valdi það svo það féll niður. Markmiðið með því er að gefa eldri nemendum kost á að vera úti í frímínútum og aðstoða þá yngri í leikjum.

Álftanesskóli, Hofstaðaskóli, Sjálandsskóli og Urriðaholtsskóli tóku sig saman og sóttu um í Þróunarsjóð grunnskóla Garðabæjar til þess að útfæra okkar hugmynd að samskonar verkefni: Leikjaleiðtogar-Frímínútnafjör. Það gengur vel með verkefnið og mun það að öllum líkindum vera klárt í haust.

## Frístundarheimilið Álftamýri Álftamýri

**Umsjónarmaður:** Sólveig Guðrún Geirsdóttir

Nafnið Álftamýri er með skírskotun í nafn bæjarins og fuglalífsins á nesinu. Í skýrslunni er farið yfir starf vetrarins, rýnt í það hvernig hægt er að bæta starfsemi frístundaheimilisins ásamt því að vinna áfram að því sem vel er gert.

Markmið starfsins er að veita sex til níu ára börnum og foreldrum þeirra heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi starfsins eru höfð að leiðarljósi. Mikilvægt er að fylgja tíðaranda í þjóðfélaginu sem sýnir að fólk vill hafa faglegt starf fyrir börnin sín frekar en að þau sé hér í „geymslu“ eftir að degi þeirra í skólanum lýkur. Því er mikilvægt að halda uppi jákvæðri umræðu um frístundaheimili í Garðabæ. Móta þarf stefnu um betra starf og vinna stöðugt að því að gera frístundastarf Garðabæjar að faglegu starfi fyrir börnin í bænum.

### Starfsmannamál

Í Álftamýri frá áramótum störfuðu um 9 starfsmenn, utan umsjónarmanns og voru stöðugildin á bilinu 20%-60%. Flest þeirra sem störfuðu hér í vetur munu halda áfram næsta vetur. Starf umsjónarmanns er svo 100% staða. Sólveig Guðrún mun láta af störfum sem umsjónarmaður og Anna Karen tekur við á komandi skólaári.

### Starfsmenn í Álftamýri skólaárið 2023-2024:

Sólveig Guðrún Geirsdóttir *umsjónarmaður*

Nana Mardiana (Díana)

Dragi Pavlov

Iwona Rokosz

Viktoría Rut Wiencke

Elísabet Mist Ólafsdóttir

Sindri Snær Erlingsson

Ellen Rún Jeppesen Árnadóttir (vorönn)

Rebekka Magnúsdóttir (haustönn )

Birna Filippía Steinarsdóttir (haustönn )

## Umsjónarmaður

Umsjónarmaður frístundaheimilis ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd frístundastarfs. Markmið starfsins er að veita sex til níu ára börnum og foreldrum þeirra heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi starfsins eru höfð að leiðarljósi. Starfssvið umsjónarmanns er að hafa umsjón með öllum þáttum Álftamýrar; daglegt skipulag, mannauðsmál, samskipti við bæjarskrifstofur og íþróttafélög. Samskipti við foreldra og starfsfólk Álftanesskóla er stór hluti af starfi umsjónarmanns, sem og samskipti við fulltrúa ungmennafélags Álftaness og tónlistarskólans. Umsjónarmaður sér um agamál, tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulag starfsins í samvinnu við starfsmenn Álftamýrar.

## Frístundaleiðbeinandi

Starf frístundaleiðbeinanda felst fyrst og fremst í því að annast börnin, þarfir þeirra og tryggja öryggi. Ásamt því þarf að skrá öll börn inn, senda börn á æfingar/ í frístundabíl eða heim, sjá um hressingu; gefa þeim að drekka og borða. Leiðbeinendur aðstoða nemendur á þeim svæðum sem í boði eru hverju sinni. Mestu álagspunkturarnir eru þegar börnin eru að koma í hús í upphafi dags og svo þegar þarf að senda á margar æfingar á sama tíma. Börnunum fer hratt fækkandi eftir kl. 15.30. Þá eru mörg farin á æfingu og önnur heim. Flest börn fara heim um kl. 16:00, þá fer einnig flest starfsfólk heim. Það eru alltaf tveir starfsmenn á svokallaðri skilavakt til kl. 16:30. Í lok vaktar þarf að ganga frá öllu á sinn stað, passa að allir gluggar séu lokaðir og húsið læst.

## Starfið í Álftamýri



Fyrstu vikunnar leggjum við áherslu á að sækja yngstu börnin og fylgja þeim yfir, þegar líða tekur á veturinn fara þau að koma sjálf. Þegar börnin mæta í frístund byrja þau á að velja af svokallaðri valtöflu. Valtafla er gríðarlega mikilvæg fyrir starfsmenn jafnt sem börn. Á valtöflu er mismunandi val í boði á hverjum degi, dæmi um val er segulkubbar, perlur, fönður, plúskubbar, lita, lego. Þar er alltaf sýnilegt hvað er í boði hvern dag. Starfsfólk getur farið að töflunni til að athuga hvar viðkomandi barn er. Svona tafla gerir starfið skýrara og skipulagðara. Börnin fara í mismunandi rými til að fara í sitt val og það er hámarksfjöldi barna á hverjum stað, starfsmenn eru til taks í öllum rýmum, en umsjónarmaður raðar starfsmönnum niður á rými í upphafi dags. Útivera er alltaf í boði og geta börnin þá farið og leikið sér

úti á skólalóð og starfsmaður fylgist alltaf með útisvæðum. Það er mikið um að vera í húsinu á hverjum degi, en mörg barnanna sækja ýmsar tómsundur og er það stór hluti af starfinu að passa að allir fari á rétta staði á hverjum degi.

Álftamýri er opin á þeim dögum sem ekki er skóli, s.s. í jóla-, páska-, vetrarleyfi, á skipulagsdögum og þegar nemenda- og foreldraviðtöl fara fram. Þá er opið frá kl. 8:30 til 16:30 og þurfa foreldrar að skrá börn sín sérstaklega á þessa daga. Þessar opnanir voru ágætlega nýttar þetta skólaárið en þó minna en fyrri ár. Má það mögulega rekja til breytinga sem voru gerðar á starfi leikskólana þar sem foreldrar þurfa núna að skrá börn þar sérstaklega á dögum eins og t.d. páska- og vetrarleyfi.

Ýmislegt var gert í vetur, en við reynum að hafa starfið sem fjölbreyttast. Hefðbundið starf hjá okkur fór fram á hverjum degi, skipulögð útivera á hverjum degi ef veður leyfði. Hefur Álftamýri aðgang að Íþróttahúsinu sem og heimilisfræði, félagsmiðstöð og bókasafni inni í Álftanesskóla. Með tilliti til þess starfs sem þar fer fram. Húsnæðið er mjög gott og dreifist vel úr börnunum yfir daginn og hægt að nýta öll rýmin ágætlega.

## Skráning barna

Þegar skólaárið hófst voru 65% allra barna í 1. – 4. bekk skráð í Álftamýri, eða 89 börn af 138. En ef horft er til 1.- 3. bekk þá voru hér 84% barna. 24 af 24 börnum í fyrsta bekk og 35 af 35 börnum í öðrum bekk voru skráð í Álftamýri. Börnum í þriðja bekk fækkaði lítilega frá fyrra ári. Ekki nema 69 %, eða 24 af 35 börnum í þriðja bekk sóttu frístund og eftir áramót fækkaði þeim enn frekar. Vorið 2023 fór nemendum í 2 bekk fækkandi og skiluðu þau sér ekki í frístund þetta skólaár þegar þau byrjuðu í þriðja bekk. Það virðist vera þannig að þegar einn nemandi hættir þá fylgir oft vinahópurinn á eftir. Nemendur í fjórða bekk voru ekki nema 5 en eftir áramót var einn nemandi eftir og var út skólaárið. Fjölmennustu dagarnir voru þriðjudagar og fimmtudagar.

## Sumarvika 1. bekk

Viku fyrir skólasetningu býðst börnum sem eru að byrja í 1. bekk að koma í svokallaða sumarviku. Markmið hennar er að börn og starfsmenn kynnist betur áður en skólustarf formlega hefst. Í þessari viku er börnunum sýndur skólinn, skólalóðin, matsalur, leiðin í íþróttahúsið og þau fá að kynna því hvað er að vera í skóla. Í undirbúningsvikunni voru 20 börn skráð af þeim 24 börnum sem voru hjá okkur í 1. bekk þennan veturinn. Þessi vika er mikilvæg fyrir hópinn sem er að stíga sín fyrstu skref í nýjum heimi.

## Samstarf og samskipti



Umsjónarmaður Álftamýrar er í miklu og góðu samstarfi við kennara og stjórnendur Álftanesskóla. Umsjónarmaður situr reglulega teymisfundi fyrir þá nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Samskipti við foreldra er einnig stór partur af starfi umsjónarmanns, símhringingar, tölvupóstar og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur partur af starfi umsjónarmanns. Til að koma hagnýtum upplýsingum enn frekar á framfæri var stofnuð lokuð Facebook-síða fyrir foreldra og forráðamenn. Facebook-síðan hjálpar til við að eiga samskipti við foreldra þegar nauðsynlegt er að koma skilaboðum hratt og örugglega til þeirra t.d. þegar æfingar falla óvænt niður eða mannekla er.

## Breytingar á opnunartíma

Í apríl tóku í gildi breytingar á opnunartíma frístundaheimila Garðabæjar. Fyrir breytingar var opið til klukkan 17 en nú lokar klukkan 16.30. Breytingunum var tekið vel enda var aðeins eitt barn skráð til lokunar en hafði þó aldrei nýtt allan vistunartímann. Einnig var samþykkt að á öngum opnunum eins og t.d. í jólaeyfi þá mætti sameina frístundaheimilin þar sem skráning er undir 12 börn. Það gæti komið sér vel fyrir Álftamýri á milli jóla og nýárs þegar skráning hefur verið á bilinu 2-5 börn. Mikilvægt er þó að gæta þess að starfsmaður frá hverri frístund fylgi sínum hóp.

## Framkvæmdir og viðgerðir

Starfsleyfi frístundar rann út í desember síðasta árs. Eftir að sótt var um endurnýjun leyfis þá komu úttektaraðilar í heimsókn að meta húsnæði og aðstöðu frístundar. Í kjölfarið fengum við lista með ábendingum um hvað mæti betur fara, í samvinnu við Önnu María skólastjóra og

Gylfa húsvörð var farið í úrbætur á þeim atriðum. Helst má þar nefna lagfæring á gólflista, þriðjaáætlun og vaskar voru fjarlægðir úr geymslu kompum til að draga úr skólplykt. Frístund hefur nú starfsleyfi til ársins 2036. Í vor hafa verið hér smiðir að vinna að gluggaviðgerðum. Laga þurfti fög og festingar á gluggum í öllum fjórum rýmum. Að auki settu þeir pumpur á útidyr þar sem þær vantaði. Það er einnig á dagskrá þeirra að setja upp nýjar tröppur við rými 1 og 2.

Nauðsynlegt er að huga að viðhaldi á klæðningu kofanna, sér í lagi kofa númer 2, þann næst íþróttahúsinu. Farið er að sjá heldur mikið á honum og er timbrið farið að fúna og málning að flagna.

## Tillögur að úrbótum



Alltaf má gera betur og eru hér nokkur atriði sem má hafa í huga fyrir næsta ár. Líkt og fram kom í skýrslum síðustu tveggja ára þá vantar upp á þann tíma sem umsjónarmaður fær með starfsfólki áður en börn mæta í hús. Flest mæta til vinnu um kl. 13 og þá er hægt að fara yfir daginn, en ekki mikið meira en það. Þau sem einnig eru stuðningsfulltrúar inni í skóla eru oft ekki að koma fyrir en á sama tíma og börnin. Það væri ákjósanlegt að sem flest starfsfólk sé mætt um klukkan 12:45. Þá væri góður tími í smá fund og annars konar undirbúning fyrir daginn t.d. undirbúa föndur, skipta út á valtöflu o.fl. Mikilvægi samskipta er mikið í svona starfi til að þróa það og gera það betra. Það má þó nafna að þetta lagaðist aðeins með breyttum opnunartíma þar sem starfsfólk fékk þá rými til að mæta aðeins fyrir til vinnu þar sem það kláraði einnig fyrir.

Eins og er er aðeins einn skipulagsdagur á öllu skólaárinu þar sem lokað er á frístundaheimilum og er sá dagur einnig menntadagur Garðabæjar. Það mætti skoða það að hafa skipulagsdag á hvorri önn þar sem er lokað í frístund hálfan daginn. Fyrir hádegi voru þá skráð börn en eftir hádegi væri hægt að nýta daginn í skipulag.

Það mætti skoða það að fá skólaliða til að sjá um undirbúning og frágang á mat fyrir kaffitímann. Eins og er þá er starfsmaður frístundar sem hefur til matinn í skólaeldhúsinu og sér svo einnig um frágang. Það eru tveir tímar sem viðkomandi er ekki í húsi. Ef kostur er á væri kjörið að fá skólaliða til að sjá um kaffitími, starfsmaður frístundar gæti svo fylgt börnunum í kaffi og haft umsjón með þeim í salnum.

Sumarvikan er mikilvægt tækifæri fyrir skólann til að kynnast og kynna sig börnum sem eru að hefja skólagöngu. Sumarvikan 2023 gekk ágætlega en þó er margt sem mætti betur fara. Fyrsta hindrum vikunnar er að fá starfsfólk til vinnu. Þar sem margt af starfsfólki frístundar er lausráðið þá er ekki búið að ganga frá ráðningum á þessum tíma og verður þetta hálfgerð starfsmanna púsluspil. Umsjónarmaður er sjálfur í allskonar skipulagsvinnu og þarf að geta treyst á starfsfólkið til að miðla til barnanna því sem felst í að vera hluti af skólasamfélagi. Samstarf frístundar og skólans mætti þar að auki vera meira og væri kjörið ef kennarar léku stærra hlutverk, það myndi einnig hjálpa með að manna starfið. Ef kennara stigu inn í og hjálpuðu við að móta þessa viku þá held ég að reynsla barnanna og hlutverk þessarar viku gæti orðið svo miklu betra.

## Lokaorð

Heilt yfir gekk starfið í vetur vel. Skráning fyrir næsta skólaár fer vel af stað og er ljóst að barnahópurinn næsta vetur verður stærrí en sá hópur sem var hér í vetur. Tilvonandi 1. bekkur

er nokkuð fjölmennur og svo virðist sem mikill meirihluti barna í 2. og 3. bekk verði hér áfram. Það er hægt að nýta þennan vetur í lærdóm og taka það með okkur inn í næsta skólaár og gera enn betur. Samskipti við skóla og foreldra hafa gengið vel og við höldum áfram á þessari braut. Ég þakka fyrir mig og að hafa fengið að stýra þessu frístundaheimili, það hefur verið gefandi og ánægjulegt. Ég óska nýjum umsjónarmanna góðs gengis í stólnum.

